**MARGRÉT VALMUNDSDÓTTIR**

*Íslendingar í Slóvakíu við uppgröft fornminja*

ferðir bílar heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON**

*Biskupssonurinn söng á föstudaginn langa*

Las Passíusálma og skemmti Hríseyingum.

**FÓLK 28**



**VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON**

*Ánægður með Mannaveiðar*

Höfundur Aftureldingar er himinlifandi með sjónvarpsþættina

**FÓLK 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. mars 2008 — 82. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Barist um Bítlamiða**

Miðar í ferðina á Bítlaslóðir sem FTT gengst fyrir í lok maí hafa rokið út.

FÓLK 30

**Barónessa Mills?**

Í nýrri heimildamynd um Heather Mills heldur hún því fram að Tony Blair hafi viljað gera hana að barónessu.



FÓLK 28

**Ekki bara samlokur**

Samlokur hafa verið framleiddar hjá Sóma í þrjátíu ár. Sextíu vörutegundir eru framleiddar í fyrirtækinu.

TÍMAMÓT 22



**Sverre til HK**

Landsliðsmaðurinn Sverre Jakobsson leikur með HK næsta vetur ásamt því að vera aðstoðar- og varnarþjálfari liðsins.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**Éljagangur austantil** Einnig má búast við smá éljum á Vestfjörðum í dag, en annars þurru. Hitinn lækkar talsvert, og frost verður í flestum landshlutum, nema helst við ströndina sunnan- og vestanlands.

VEÐUR 4


**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**





# Dráttarvextirnir yfir fimm milljónir á dag

**Tilboð Orkuveitunnar á hlut Hafnarfjarðar í Hitaveitu Suðurnesja er fallið í gjalddaga og reiknar bæjarstjórn með dráttarvöxtum af 7,6 milljörðum. Það gera allt að 158 milljónir á mánuði. „Spyrjum að leikslokum," segir forstjóri Orkuveitunnar.**

**ORKUMÁL** Greiðsla Orkuveitu Reykjavíkur fyrir hlut Hafnarfjarðar í Hitaveitu Suðurnesja er fallin í gjalddaga og reiknast fullir dráttarvextir af hlutnum, að sögn Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra Hafnarfjarðar.

Tæplega 15 prósenta hlutur í hitaveitunni hefur verið metinn á 7,6 milljarða króna. Miðað við að dráttarvextir eru nú 25 prósent gætu vaxtagreiðslur numið allt að 1,9 milljörðum á ári, eða 158,3 milljónum á mánuði. Það gerir 5,2 milljónir á dag.

„Þetta mál er á borði Orkuveitunnar til að taka ákvörðun um. Samningurinn liggur alveg fyrir af okkar hálfu gagnvart Orkuveitunni og sú greiðsla er gjaldfallin frá og með 12. mars," segir Lúðvík.

Bæjarráð Hafnarfjarðar ákvað í desember að ganga að tilboði Orkuveitunnar í hlutinn. Í seinni hluta febrúar barst Orkuveitunni hins vegar álit Samkeppniseftirlitsins, þar sem lagst var gegn kaupunum.

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, bendir á að með kaupsamningnum hafi verið undirrituð viljayfirlýsing um að kaupin þyrftu að standast lög, þar á meðal samkeppnislög.

„Samkeppniseftirlitið lét okkur síðan hafa andmælaskjal, sem segir að með kaupunum brjótum við lögin. Við höfum því tilkynnt Hafnarfjarðarbæ að á meðan endanleg niðurstaða Samkeppniseftirlitsins liggur ekki fyrir, geti ekki orðið af þessum kaupum," segir hann. Fyrirtækið vilji ekki brjóta lögin og færustu lögfræðingar telji niðurstöðu eftirlitsins verða neikvæða, líkt og í andmælaskjalinu.

Hjörleifur hafði ekki reiknað dráttarvextina út en telur útreikningana vel geta passað. „Þeir setja fram sínar kröfur," segir hann.

Spurður hvort til greina komi að greiða vextina ítrekar Hjörleifur að forsendur kaupsamningsins séu brostnar, stríði þær gegn lögum. Leyfi Samkepniseftirlitið hins vegar kaupin verði farið yfir vextina. Viðskiptin fari ekki fram í illindum. - kóþ



**LÍFRÆN STEMNING** Á meðan kuldinn beit í kinnar vegfarenda á Laugaveginum sátu þessar tvær stöllur í hlýindum inni á Kaffi Hljómalind og gæddu sér á lífrænum veigum. Kaffihúsið hefur þá sérstöðu að vera samvinnurekið, þar sem allir starfsmenn þess eru meðeigendur og hafa atkvæðarétt um reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frjáls innflutningur á kjöti skilar mikilli verðlækkun segir forstjóri Haga:

# Matvælaverð hækkar frekar í vikunni

**NEYTENDUR** „Einhverjir birgjar hafa haldið aftur af sér en við eigum von á tilkynningum í þessari viku vegna veikingar krónunnar. Við erum nýlega búin að fá hækkun á brauði upp á 11 prósent. Talað er um kjúklingahækkun á bilinu 5-18 prósent og verðhækkun á gosi og söfum um 8-12 prósent. Hluti af þessu er hráefnishækkun sem hafa líka áhrif á innlenda framleiðendur og síðan gengisbreytingar," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Á næstunni kemur í ljós hvaða áhrif stýrivaxtahækkun Seðlabankans hefur, en tilkynnt var í gær um hækkun stýrivaxta um 1,25 prósentustig og eru vextirnir nú 15,0 prósent. „Ég held að þessi stýrivaxtahækkun skili ekki þeim árangri sem til stóð," segir Finnur. „Til lengri tíma hefur þetta einhver áhrif en á móti kemur að þetta eru vextir sem atvinnulífið stendur ekki undir," segir hann.

Finnur lýsir eftir frelsi í innflutningi á kjöti og kjötvörum og telur það geta skilað jafnmikilli verðlækkun og þegar vörugjöld og skattar voru afnumdir 1. mars í fyrra.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að vaxtahækkunin hækki „enn afborganir þeirra sem eru með yfirdráttarlán og lán í íslenskum krónum. Vextirnir eru orðnir ótrúlega háir. Íslenska krónan er ekki samkeppnishæf sem gjaldmiðill til að taka lán í. Heimilin eru í auknum mæli farin að taka erlend lán sem viðbrögð við háum vöxtum bankans," segir hann og telur tímann nú góðan til að taka erlent lán meðan „krónan er á útsölu". - ghs

Mannabein seld á netinu:

# Hauskúpa kostar 30 þúsund

**FÓLK** Auðvelt er að verða sér úti um mannabein. Þau má kaupa í sérverslunum erlendis eða á netinu. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum fannst hauskúpa í Kjósarhreppi um páskahelgina. Lausleg könnun Fréttablaðsins leiðir í ljós að ekki kostar mikið að kaupa sér hauskúpu í Bandaríkjunum.



**AUÐVELT AÐ KAUPA Á NETINU**

Verslunin Boneroom í Berkeley í Kaliforníu er með níu hauskúpur á lager og kosta þær á bilinu 400-900 dollara, eða frá 30 þúsund krónum og upp í 67.500. Hauskúpurnar eru oftast af kínverskum karlmönnum. Auk þess selur búðin ýmis önnur mannabein. - glh / sjá síðu 38

Þórhallur Gunnarsson:

# Dagskrárstjóri í mál við RÚV

**DÓMSMÁL „Ég ætla sjálfur að stýra því hvenær persónulegar upplýsingar um mig eru birtar," segir Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri sjónvarps hjá Ríkisútvarpinu.**



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON**

**Sú sérkennilega staða er komin upp að í dag mun Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Þórhalls, leggja fram lögbannskröfu á hendur RÚV. Er það í framhaldi af úrskurði upplýsinganefndar um upplýsingalög að orðið verði við kröfu Vísis um að lagðar verði fram upplýsingar um launakjör Þórhalls og Sigrúnar Stefánsdóttur dagskrárstjóra útvarps hjá RÚV ohf.**

**Óskar Hrafn Þorvaldsson, ritstjóri Vísis, segir ástæður fyrirspurnarinnar vera orðróm um að uppi sé kynbundið launamisrétti innan RÚV.** - jbg/sjá síðu 38

Náði í leiðbeiningar á netinu:

# Vélmenni drap húsbónda sinn

**ÁSTRALÍA** Sjálfsmorðsvélmenni skaut 81 árs húsbónda sinn til bana í Ástralíu. Maðurinn notaði leiðbeiningar sem hann fann á netinu til að smíða vélmennið. Hann skipaði því síðan að skjóta sig fjórum sinnum í hausinn fyrir framan heimili sitt í borginni Gold Coast í Queensland.

Að því er greint er frá á fréttavef dagblaðsins The Gold Coast Bulletin hafði maðurinn vafrað klukkutímum saman um netið í leit að leið til að fremja sjálfsmorð. Hann skildi eftir sig bréf þar sem kom fram að ástæðan fyrir verknaðinum væru kröfur skyldmenna um að hann flyttist á elliheimili. - sþs

## SPURNING DAGSINS



*Stefán, tókst ykkur að koma í veg fyrir lekann?*

„Já, þessi á hefur verið stemmd að ósi.“

Sektum fyrir að pissa á almannafæri hefur snarfækkað í miðborginni. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Rannsókn lögreglu á líkamsárásarmáli í Keilufelli síðan á laugardag ber árangur:

# Handtóku einn af árásarmönnunum

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var handtekinn í íbúð í Reykjanesbæ um áttaleytið í gærkvöldi. Hann er talinn tengjast árás á sjö karlmenn í íbúð í Keilufelli í Breiðholti á laugardag. Fleiri árásarmanna er leitað.

Tilkynnt var um árásina síðdegis á laugardag. Þá réðust tíu til tólf manns inn á heimili í Keilufelli í Reykjavík og gengu í skrokk á hópi Pólverja sem þar býr. Sjö karlmenn, allir pólskir, fóru á slysadeild.

Stuttu eftir að tilkynnt var um árásina stöðvaði lögregla fjóra menn í bíl á Reykjanesbraut: þrjá Pólverja og einn Litháa. Þeir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirmanns rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, er yfirheyrslum yfir mönnunum fjórum ekki lokið.

Leitin að hinum árásarmönnunum bar árangur í gær þegar lögreglan á Suðurnesjum handtók pólskan karlmann í tengslum við árásina í Keilufelli. Sérsveit lögreglunnar aðstoðaði. Maðurinn var fluttur til



**KEILUFELL** Einn þeirra sjö sem ráðist var á liggur enn á sjúkrahúsi. Hann er með samfallið lunga og er handleggsbrotinn.

Reykjavíkur þar sem hann var yfirheyrður.

Að sögn Friðriks Smára mun leit halda áfram að þeim árásarmönnum sem eftir eru. - sþs

Löggur stöðvuðu bílþjóf:

# Kleinuhringir að launum

**BANDARÍKIN, AP** Átta lögreglumenn háðu æsilegan eltingarleik við ökumann sendibifreiðar sem ekur út kleinuhringjum í Iowa í Bandaríkjunum. Tókst þeim á endanum að handtaka ökumanninn.

Bíllinn sem maðurinn ók var í eigu kleinuhringjaverslunar í Illinois. Hafði hann stolið bílnum á meðan ökumaður hans skildi hann eftir í gangi. Í kjölfarið ók hann bílnum til Iowa þar sem hann var eltur uppi af lögreglunni.

Lögregluþjónarnir sem náðu þjófnum gátu ekki kvartað yfir dagsverkinu því þeir fengu risastóran skammt af kleinuhringjum í þakklætisskyni. - fb

# Jónína Sigríður Gísladóttir látin

**Jónína Sigríður Gísladóttir, ekkja Pálma Jónssonar í Hagkaupum, andaðist á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði 18. mars síðastliðinn.**



JÓNÍNA SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR

**Jónína fæddist í Reykjavík árið 1921. Hún var dóttir Sigurðar Gísla Sigurðssonar sjómanns og Lilju Guðmundsdóttur.**

**Jónína stundaði verslunarstörf en helgaði fullorðinsárum sínum eiginmanni og börnum. Hún gerðist velgjörðarmaður hjartadeildar Landspítalans og studdi deildina með peningagjöfum til tækjakaupa.**

**Jónína og Pálmi áttu fjögur börn: Sigurð Gísla, Jón, Ingibjörgu Stefaníu og Lilju Sigurlínu, tólf barnabörn og tvö barnabarnabörn.**

**Útför hennar fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík klukkan fjögur á morgun.**

# Drekkti tíu tístandi páskaungum í fötu

**Páskaungar voru sýndir, fólki til yndisauka, í verslun Húsasmiðjunnar á Selfossi. Maður sem útvegaði versluninni ungana vildi ekki taka þá aftur vegna sýkingarhættu og drekkti þeim því í fötu fyrir framan viðskiptavini verslunarinnar.**

**DÝRAHALD** Nokkrir viðskiptavinir Húsasmiðjunnar á Selfossi voru slegnir óhug þegar þeir urðu vitni að því þegar maður drekkti tíu hænuungum sem höfðu verið til sýnis í versluninni í aðdraganda páskanna.

Lager og áhaldaleiga verslunarinnar eru í sama rými. Þar eru því oft nokkrir viðskiptavinir verslunarinnar. Tók maðurinn ungana úr versluninni og fór með þá inn á lager. „Hann kraup á hnén á gólfinu fyrir framan okkur öll og byrjaði að drekkja ungunum. Eftir smá stund var tístið alveg steinþagnað og þeir lágu allir dauðir í fötunni við hliðina á okkur,“ sagði einn viðskiptavinur.

Sumum viðskiptavinunum misbauð svo verknaðurinn að þeir gengu út. Um klukkustund síðar lágu ungarnir enn dauðir í fötunni við áhaldaleiguna.

„Við fengum þessa unga frá manni og vissum ekki annað en að hann kæmi til að sækja þá á laugardaginn,“ segir Sverrir Einarsson, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Selfossi. Segir hann þau hafa talið að ungarnir yrðu aldir upp annars staðar. „Vegna sýkingarhættu vildi hann ekki taka þá aftur og sagði að það þyrfti að lóga þeim en ég vissi ekki af því fyrr en rétt fyrir lokun á laugardaginn.“ Segist Sverrir hafa sagt manninum að hann þyrfti að fara með ungana út úr húsinu til þess.

Sverrir harmar atvikið. „Þetta er agalega leiðinlegt af því að þessir ungar áttu að vera til



**ÍSLENSKIR PÁSKAUNGAR** Þessir ungar í Húsdýragarðinum geta verið rólegir þó að páskarnir séu liðnir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

yndisauka fyrir krakkana.“ Segir hann að ef þetta sé raunin, að aflífa þurfi unga eftir að þeir hafi verið í versluninni, að þá sé þetta í síðasta skipti sem lifandi páskaungar verði þar. Ef viðkomandi geti ekki tekið ungana til baka og alið þá verði þau að vera með gervi-páskaunga. „Ég harma þetta og bið viðkomandi sem urðu vitni að þessu velvirðingar.“

„Þetta er ekki viðurkennd aðferð til að lóga skepnum. Skepnum er yfirleitt ekki drekkt,“ segir Katrín Helga Andrésdóttir, héraðsdýralæknir á Suðurlandi. Þá sé betra að svæfa dýr ef þau þurfi að aflífa. Hún segir mjög strangar reglur gilda um smitsjúkdóma og því sé ekki hægt að setja unga í hús með öðrum hænuungum eftir að þeir hafi verið innan um fólk.

Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit gefa leyfi til dýrasýninga. Þá eru sett skilyrði um aðbúnað dýranna. „Það hefur ekki verið leitað til mín vegna þessa,“ segir Katrín en oft er leitað álits héraðsdýralækna vegna leyfisveitinga. Sverrir staðfestir að þau hjá Húsasmiðjunni hafi ekki sótt um leyfið.

olav@frettabladid.is

Utanríkisráðherra og Tíbet:

# Stjórnin í Kína beiti ekki valdi

**UTANRÍKISMÁL** **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hvatti í gær kínversk stjórnvöld til að beita ekki mótmælendur í Tíbet valdi, þegar hún ræddi við sendiherra Kína, Zhang Keyuan.**



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

**Lýsti Ingibjörg yfir þungum áhyggjum af stöðu mála og sérstaklega í ljósi frétta af dauðsföllum mótmælenda og áframhaldandi spennu milli íbúa Tíbets og kínverskra stjórnvalda.**

**Þá hvatti ráðherra kínversk stjórnvöld til að leggja sig fram við að finna varanlega lausn á stöðu Tíbets og að virða mannréttindi.** - kóþ

Sænsk lög í bankakreppu:

# Þjóðnýting leyfð í neyð

**SVÍÞJÓÐ** Óróleikinn á fjármálamörkuðum í heiminum hefur gert það að verkum að sænska ríkisstjórnin hefur fyllst örvæntingu og ætlar að setja lög um banka í bráðum vanda, eftir átta ára umþóttunartíma. Þetta kom fram í Ekot, fréttaþætti sænska útvarpsins.

Nýju lögin eiga að heimila ríkinu að taka yfir banka í neyð. Í bankakreppunni á síðasta áratug neyddist sænska ríkið til þess að styðja banka í vanda með háum fjármunum til að þeir yrðu ekki gjaldþrota. Í framhaldinu neyddist ríkisstjórn Carls Bildt til að segja af sér. Núverandi ríkisstjórn vill ekki eiga á hættu að sama ástand myndist og ætlar því að drífa í lagasetningunni. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstur í Vestmannaeyjum

Ekið var á kyrrstæðan bíl í Vestmannaeyjum um klukkan hálf ellefu á mánudagskvöldið. Bílstjóri og farþegar hlutu minniháttar meiðsl og komu sér sjálfir á sjúkrahús til skoðunar. Bíllinn sem ók á er talinn ónýtur. .

### Tvær líkamsárásir á Ísafirði

Tvær líkamsárásir voru kærðar til lögreglunnar á Ísafirði um síðustu helgi. Var önnur þeirra á veitingastað en hin skammt frá tónleikasvæði. Þar réðist meintur gerandi að lögreglumönnum þegar afskipti voru höfð af málinu. Verður hann kærður vegna brots gegn valdstjórninni að viðbættri líkamsárásarkæru.






Bæjarstjóri um mótmæli Sólar í Straumi vegna raflína í lofti:

# Vilja línurnar burt úr byggð

**UMHVERFISMÁL** „Hér í Hafnarfirði snýr þetta fyrst og fremst að því að koma línum og spennistöðvum burt úr byggðinni. Það er stóra málið sem er uppi á borðinu hjá okkur,“ segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Lúðvík var inntur eftir viðbrögðum við áskorun Sólar í Straumi, sem birt var í gær, um „að hafna tilleitan Landsnets um að loftlínur fyrir álver í Helguvík fari í gegnum bæjarlandið“.

Lúðvík segir að Suðurlindir, sameiginlegt fyrirtæki Hafnarfjarðar, Grindavíkur og Voga, eigi nú í viðræðum við Landsnet um málið „í miklu víðara samhengi en bara um línur til Helguvíkur. Við erum í raun að ræða um skipulag á öllu raflínukerfinu hérna á suðvesturhorninu,“ segir hann.

Flytja þurfi þá orku sem verði framleidd á Reykjanesskaganum í



**LOFTLÍNUR** Þessar raflínur eru mun ódýrari en jarðlínurnar. Sól í Straumi vill að Hafnarfjarðarbær hafni því að línur Landsnets, sem þjóni álveri í Helguvík, fari gegnum bæjarlandið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

burt af svæðinu og inn á landsnetið.

„En það er ekki okkar höfuðverkur að koma þeim í jörðu. Við lítum svo á að það sé verkefni Landsnets að leysa úr því,“ segir bæjarstjórinn. Áherslan á að koma línum og spennistöðvum frá byggðinni sé í nákvæmu samhengi við stefnu og umræðu síðustu ára. „Það er engin breyting á okkar afstöðu í þeim efnum.“ - kóþ




**Caddy**
TDI® eyðir aðeins 6.1 l/100km



**Transporter**
TDI® eyðir aðeins 7.5 l/100km



**Crafter**
TDI® eyðir aðeins 9.8 l/100km



## Láttu Volkswagen vinna fyrir þig

Vinnubílarnir okkar eiga það sameiginlegt að eyða litlu enda fást þeir allir með hinni ótrúlega hagkvæmu VW TDI® dísilvél. Þá er viðhaldskostnaður lægri en gengur og gerist, til dæmis þarf ekki að smyrja bílinn fyrr en eftir 30.000 km. akstur* og þjónustuskoðun á Transporter er aðeins á 60.000 km. fresti. Sýndu fjármálavit í verki og fáðu Volkswagen strax í vinnu fyrir þig.

* fer eftir notkun bílsins.

**Atvinnubílar**

Fíton/SÍA

**GENGIÐ 25.03.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,7 | 75,06 |
| Sterlingspund | 148,86 | 149,58 |
| Evra | 116,21 | 116,87 |
| Dönsk króna | 15,577 | 15,669 |
| Norsk króna | 14,368 | 14,452 |
| Sænsk króna | 12,331 | 12,403 |
| Japanskt jen | 0,7427 | 0,7471 |
| SDR | 121,92 | 122,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 150,2834

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Slökkviliðsstjóri vill hraða vinnu við gerð verklagsreglna vegna yfirgefinna húsa:

# Bjargað úr brennandi húsi

**LÖGREGLUMÁL** Kveikt var í yfirgefnu húsi við Hverfisgötu aðfaranótt þriðjudagsins. Hafði verið kveikt í drasli og timbri á fyrstu hæð hússins en vel gekk að slökkva eldinn. Reykkafarar fundu sofandi mann í risi hússins og björguðu honum út en hann sakaði ekki.

Oft er brotist inn í yfirgefin hús og hefur slökkvilið áður verið kallað að þessu tiltekna húsi, Hverfisgötu 32-34, vegna íkveikju. Er það eitt þeirra húsa sem til stendur að rífa.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir slökkviliðið nú vinna með Reykjavíkurborg að kortlagningu umrædds svæðis. Setja eigi upp verklagsreglur um hvað eigi og megi gera en húsin eru ekki í eigu Reykjavíkurborgar heldur einstaklinga og fyrirtækja. Segir hann þá vinnu hafa hafist töluvert fyrir páska en hraða eigi vinnunni.

„Þetta er ömurlegt tilvik og menn hafa verið að benda á að svona gæti komið upp," segir Jón Viðar, sem telur mál sem þetta ekki boðlegt. Hann segir slökkviliðsmönnum stafa hætta af aðstæðum sem þessum. Húsin séu oft að hálfu rifin, göt í gólfum, handrið vanti og fleira. „Við erum að setja mína menn í mikla hættu." Auk þess sé alltaf hætta á að eldur berist í nærliggjandi hús. - ovd



**HÚSIÐ AÐ HVERFISGÖTU 32-34** Slökkvilið hefur áður verið kallað að húsinu vegna íkveikju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óvæntur atburður í Flórída:

## Skata varð konu að bana

**BANDARÍKIN, AP Bandarísk kona á sextugsaldri, sem var í siglingu með fjölskyldu sinni undan ströndum Flórída, lést eftir árás stórrar arnarskötu. Við árásina féll konan aftur fyrir sig, lenti með höfuðið á bátstokknum og lést samstundis.**

**„Þetta er furðulegasta slys sem ég hef nokkru sinni heyrt um," sagði Jorge Pino hjá Fiska- og villidýrasamtökum Flórída. „Líkurnar á því að þetta gerist eru svo litlar að við trúum því eiginlega ekki að þetta hafi gerst." Pino hefur séð skötur sem þessar stökkva upp í loftið en afar sjaldgæft er að þær stökkvi á manneskjur eða hluti.** - fb



**WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR** Greiðlega gekk að slökkva eldinn sem kom upp í miðrými skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Slökkviliðið brást hratt við:

## Eldur í skóla í Breiðholtinu

**ELDUR** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að Waldorfskólanum Sólstöfum í Hraunbergi í Breiðholti laust upp úr klukkan ellefu í gærmorgun.

Allt tiltækt lið var sent á staðinn. Mikill svartur reykur barst frá skólanum sem er í þremur samliggjandi timburhúsum. Komst slökkvilið fljótlega að eldinum sem var í miðrými bygginganna og gekk greiðlega að slökkva eldinn. Í ljós kom að heitavatnslögn hafði einnig farið í sundur og þurfti slökkviliðið að ganga frá því ásamt reyklosun. Slökkvistarf tók um klukkustund. Mikil mildi þykir að engin skyldi vera í húsunum þegar eldurinn kom upp þar sem frí var í skólanum í gær. Eldsupptök eru ekki ljós en málið er í rannsókn. - ovd

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hraðakstur við Borgarnes

Tólf voru teknir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi á mánudaginn og aðfaranótt þriðjudags. Mjög mikil umferð var í umdæminu en hún gekk að mestu vel fyrir sig.

### Bílvelta á Holtavörðuheiði

Ökumaður velti bíl sínum á Holtavörðuheiði á mánudagskvöldið. Endaði bíllinn á hjólunum aftur og var honum ekið í Borgarnes þar sem ökumaður og tveir farþegar hans tilkynntu um slysið. Þá sakaði ekki. Hált var á slysstað.

# Milljónamennirnir lækki við sig launin

**Ögmundur Jónasson vill að hátekjufólk lækki eigin laun og dragi saman seglin. Hann telur núverandi efnahagsárferði veita tækifæri til stórfelldrar kjarajöfnunar í samfélaginu. Nægt svigrúm sé til að hækka laun lág- og millitekjufólks.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þeir sem hafa milljón á mánuði og meira eiga að lækka við sig launin og draga saman seglin. Um leið á að stórbæta kjörin hjá þeim sem hafa minnstar og meðaltekjurnar. Það er nægt svigrúm til þess í þjóðfélaginu."

Þetta segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB og þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

Spurður hverjir eigi að lækka laun sín kveðst Ögmundur einkum horfa til starfsfólks í fjármálakerfinu, forstjóra og „hirðarinnar í kringum þá. „Þeir sem hafa rakað til sín milljónum verða að draga saman. Það sem hægt er að hækka er líka hægt að lækka," segir hann.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Ósamið er milli ríkis og sveitarfélaga og flestra stétta innan vébanda BSRB. Ögmundur segir að þrátt fyrir breyttar aðstæður hafi markmið samninganna ekki breyst. „Tvennt þarf að gerast. Annars vegar þarf að brúa það bil sem hefur skapast vegna tuttugu prósenta launagliðnunar milli stórra geira á almennum markaði og fólks í almannaþjónustu.

Hins vegar þarf að efna gefin fyrirheit um að bæta kjörin hjá umönnunarstéttum, löggæslumönnum og almennt því fólki sem starfar í almannaþjónustu. Það þarf að takast á við þetta hvernig sem viðrar í þjóðfélaginu."

Ögmundur telur það almennt vilja viðsemjenda stéttarfélaganna að bæta kjör en óttast að þeir notfæri sér ástandið nú til að umbylta samningakerfinu og reyna eftir mætti að innleiða einstaklingsbundna samninga. Slíkt er eitur í beinum Ögmundar sem hann segir munu skapa misrétti á vinnustöðum.

Um þegar orðnar og boðaðar verðhækkanir á vörum og þjónustu segir Ögmundur sláandi hvernig gengislækkanir hafi nær samtímis áhrif á allt verðlag. Þá séu aldrei neinar birgðir til og verðið hækki undir eins. Þegar gengið styrkist séu hins vegar alltaf til svo miklar birgðir að ekki sé unnt að lækka verð í marga mánuði.

Og Ögmundur brýnir landsmenn til árvekni. „Það á að vera verk þjóðarinnar númer eitt, tvö og þrjú að fylgjast með að hún sé ekki snuðuð af hálfu óprúttins liðs sem nýtir sér þetta ástand til hins ýtrasta." bjorn@frettabladid.is



**STAÐAN METIN** Starfsfólk fjármálakerfisins, forstjórar og „hirðin í kringum þá" er það fólk sem Ögmundur Jónasson vill að lækki við sig launin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Veitingastaðurinn Thai:

## Launamál hjá lögfræðingi

**VINNUMARKAÐUR** Innheimta á launum og launatengdum gjöldum fyrir starfsfólk á veitingastaðnum Thai í Keflavík er komið til lögfræðings Matvís, Matvæla- og veitingafélags Íslands.



**NÍELS S. OLGEIRSSON**

Níels S. Olgeirsson, formaður Matvís, segir að eigendur Thai hafi erlenda matreiðslumenn í vinnu og greiði þeim laun samkvæmt taxta en ætlist til að fólkið vinni eins mikið og þörf er á án þess að vilja greiða yfirvinnutíma heldur ætlist bara til að það sé inni í dagvinnulaunum. Innheimta hafi verið reynd án árangurs og því hafi málinu verið vísað til lögfræðings. - ghs

Ingibjörg Sólrún í Karíbahafinu:

## Samvinnufundur í Barbados

**UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra var viðstödd setningu ráðstefnu um alþjóðlega samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar á Barbados í gær.**

**Á ráðstefnunni er meðal annars fjallað um samstarf Íslands og þróunarríkja á smáeyjum í Karíbahafi.**

**Utanríkisráðherrann fer fyrir íslenskri sendinefnd, en utanríkisráðuneytið stendur að ráðstefnunni í samvinnu við Efnahags- og félagsmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og stjórnvöld á Barbados. Hana sækja fulltrúar sextán þróunarríkja í Karíbahafi, auk fulltrúa Sameinuðu þjóðanna.** - sþs





MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


**VEÐURSPÁ**



**Elín Björk Jónsdóttir** Veðurfræðingur

**KÓLNAR** Austanáttir eru ríkjandi á landinu í vikunni, og í dag verður víðast hvar rólegt - en þó má búast við strekkingi á annesjum. Hitastigið verður víðast hvar undir frostmarki, kaldast fyrir norðan.



**Á MORGUN** Hæg breytileg átt um allt land

**MÁNUDAGUR** Róleg austanátt víðast hvar

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Billund | 3° |
| Ósló | -2° |
| Stokkhólmur | 0° |
| Gautaborg | -1° |
| London | 7° |
| París | 7° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Berlín | 4° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 22° |
| Bassel | 8° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 9° |
| Orlando | 25° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

BMW 3 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure




# BMW 3 línan.
# Margir valkostir.
# Einfalt val.




## BMW 3 línan.

Áttu erfitt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Margar mismunandi gerðir, ólíkar vélarstærðir og margs konar búnaður allt eftir því hvað hentar þér. Þá eru ótaldir þeir fjölmörgu aukahlutir sem standa til boða ásamt ótal litum og ólíku efnisvali. En auðveldasta ákvörðunin er jafnframt sú fyrsta sem þú tekur, að velja BMW 3-línuna. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1 og upplifðu t.d. BMW 3-series Exclusive og Sport línuna af eigin raun!

**BMW 3 lína Exclusive**
Málmlakk, 17“ álfelgur, sjálfskipting, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sportstýri, aðgerðastýri, fjarlægðarvari að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós og Professional útvarp.

**BMW 3 lína Sport**
Málmlakk, 17“ M-álfelgur, sjálfskipting, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, állistar í innréttingu, sportsæti, M-vindkljúfasett, M-sportfjöðrun, Satin Chrome gluggalistar, Alcantara innrétting og svört loftklæðning.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,28 % |
| Nei | 22,2 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fara á tónleikana með Bob Dylan í lok maí?*

Segðu þína skoðun á www.visir.is Vísir

Nýr forsætisráðherra sver embættiseið í Pakistan:

# Fyrsta verkið að frelsa dómara

**PAKISTAN, AP** Yousaf Raza Gilani sór í gær embættiseið sem nýr forsætisráðherra Pakistans. Gilani var einn nánasti samverkamaður Benazir Bhutto heitinnar, sem var svarinn andstæðingur Pervez Musharrafs forseta sem tók eiðinn af Gilani.

Eftir að hinni formlegu eiðstafs-athöfn í forsetahöllinni í Islamabad lauk kölluðu flokksmenn Gilanis „Lengi lifi Bhutto!“

Daginn áður hafði pakistanska þingið kjörið Gilani til að fara fyrir hinni nýju samsteypustjórn Þjóðarflokks Bhutto-sinna og flokks Nawaz Sharifs, annars fyrrverandi forsætisráðherra sem einnig kom úr útlegð í fyrra. Flokkarnir tveir, sem áður voru í stjórnarandstöðu, unnu stórsigur í þingkosningum í síðasta mánuði.

Gilani lét það verða sitt fyrsta embættisverk að leysa úr stofufangelsi tugi dómara sem Musharraf forseti rak í nóvember síðastliðnum til að hindra að þeir settu lagalegar hindranir fyrir endurkjöri hans í forsetaembættið. **- aa**



**UMSKIPTI** Musharraf Pakistanforseti og nýi forsætisráðherrann Yusaf Raza Gilani takast í hendur eftir eiðstafinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússnesk rannsóknarlögregla:

# Kanna á ný andlát blaðamanns

**RÚSSLAND, AP Rússnesk yfirvöld tilkynntu í gær að þau hefðu hafið á ný rannsókn á óútskýrðum dauða rannsóknarblaðamannsins Júrí Sjtsékotsíkín árið 2003. Hann vann fyrir óháða dagblaðið Novaja Gazeta að rannsókn á spillingu á háum stöðum.**

**Sjtsékotsíkín dó eftir snögg og dularfull veikindi. Samkvæmt krufningarskýrslu var banameinið heiftarlegt ofnæmi. Talið er að eitrað hafi verið fyrir honum, hugsanlega með geislavirku efni.**

**Á annan tug blaðamanna hafa verið myrtir í Rússlandi síðan árið 2000, svo vitað sé. Morðingjarnir hafa sjaldnast fundist. - aa**


**Aðalfundur VR**
verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica
mánudaginn 31. mars nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing Réttlæti
VR


# Stýrivaxtahækkun kom ekki á óvart

**Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði ríkisstjórnina fylgjast vel með gangi efnahagsmála á alþjóðamörkuðum og áhrifa sem gætir vegna þeirra hér á landi. Stýrivaxtahækkun Seðlabankans sterk skilaboð, sagði Ingibjörg Sólrún.**

**STJÓRNMÁL** „Staða mála á gjaldeyrismörkuðum er ekki komin á það stig að hún kalli á sérstakar aðgerðir að hálfu ríkisstjórnarinnar,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra að loknum ríkisstjórnarfundi í gær. Hann sagði ríkisstjórnina fylgjast vel með þróun efnahagsmála á alþjóðlegum vettvangi og áhrifa sem gætir hér á landi.

Geir sagði stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands um 1,25 prósentustig, upp í fimmtán prósent, ekki hafa komið á óvart. „Það má líta á aðgerðir Seðlabankans sem sérstaka varnaraðgerð að hálfu bankans vegna ástandsins sem nú ríkir. Það kemur engum á óvart í sjálfu sér. Það eru skiptar skoðanir um það efnahagslíkan sem Seðlabankinn vinnur eftir en miðað við þær forsendur þá er þessi vaxtahækkun rökrétt ákvörðun,“ sagði Geir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði Seðlabankann senda sterk skilaboð með vaxtahækkuninni um að hann ætli sér að hemja verðbólgu og vinna að stöðugleika í efnahagskerfinu. „Það er ljóst að þessi ákvörðun Seðlabankans hefur virkað að minnsta kosti miðað við fyrstu viðbrögð,“ sagði Ingibjörg að loknum fundi, skömmu fyrir hádegi. Viðbrögð á hlutabréfamarkaði voru jákvæð og var hækkun úrvalsvísitölunnar sú mesta á einum degi í sögunni, 6,16 prósent. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 2,85 prósent og var gengisvísitalan 152,5 stig í lok dags. „Þetta voru skýr skilaboð um að Seðlabankinn ætli sér að halda niðri verðbólgu og beita öllum ráðum til þess. Þetta er vissulega umdeild og erfið ákvörðun en ég held að flestir geti verið sammála um að þetta hafi verið eðlileg viðbrögð hjá Seðlabankanum,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

Geir sagði mikilvægt fyrir fólk að átta sig á því að fram undan gæti orðið samdráttur í efnahagslífinu sem það fyndi fyrir. „Það má ekki gleyma því að miðað við allar hagspár þá er að draga úr umsvifum í efnahagslífinu,“ sagði Geir. Sagði hann suma spá því að hagvöxtur gæti „hrapað“ úr fjórum prósentum í fyrra niður í eitt prósent á þessu ári. „Þá þarf að gæta að því að slíkt gerist ekki með of snöggum hætti. Það eru margir hlutir að gerast samtímis í efnahagslífinu og við þurfum að gæta að skoða málin, hvert fyrir sig, í réttu samhengi.“

**magnush@frettabladid.is**



**GEIR H. HAARDE OG INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Geir og Ingibjörg Sólrún svöruðu spurningum blaðamanna að loknum ríkisstjórnarfundi í gær. Þau sögðu ríkisstjórnina fylgjast grannt með stöðu efnahagsmála í heiminum og áhrifa hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**TÍU BESTU DAGARNIR Á MARKAÐI**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | 25. | mars | 2008 | 6,2 |
| 2. | 4. | október | 2001 | 6,1 |
| 3. | 10. | mars | 1993 | 5,0 |
| 4. | 25. | janúar | 2008 | 4,8 |
| 5. | 28. | apríl | 1994 | 4,7 |
| 6. | 11. | janúar | 1999 | 4,5 |
| 7. | 28. | apríl | 1997 | 4,0 |
| 8. | 19. | september | 2007 | 3,9 |
| 9. | 16. | nóvember | 2005 | 3,8 |
| 10. | 2. | apríl | 1993 | 3,7 |

Hækkun úrvalsvísitölu í prósentum

**STÝRIVEXTIR HJÁ ÖÐRUM ÞJÓÐUM**

| | |
|---|---|
| Danmörk | 4,50 % |
| Noregur | 5,25 % |
| England | 5,25 % |
| Finnland | 4,75 % |
| Svíþjóð | 2,00 % |
| Þýskaland | 3,30 % |
| Bandaríkin | 2,25 % |
| Ísland | 15,00 % |


FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Ferðalag er góð fermingargjöf
Pantaðu gjafabréf
í síma 570 3030








Sárisauki er ekki eðlilegt ástand
Átt þú rétt á slysabótum?
TORT
NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA
Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - www.tort.is


Formaður Neytendasamtakanna um verðhækkanir vegna gengisbreytinga:

# Neytendur séu á varðbergi

**NEYTENDUR** „Það er mikil ástæða fyrir fólk að vera á varðbergi og við viljum fá allar ábendingar til okkar,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um verðhækkanir síðustu daga. Hann segir Neytendasamtökunum ekki hafa borist upplýsingar um að verslanir nýti sér gengisbreytingar eða hækki verð á vörum sem þegar hafi verið keyptar til landsins. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur heldur ekki fengið slíkar ábendingar.

„En það er að sjálfsögðu óásættanlegt að verslanir séu í skjóli þess sem nú er að gerast að hækka verð áður en þær þurfa. Ástandið verður nógu erfitt fyrir heimilin í landinu þó að einstaka verslanir fari ekki að maka krókinn og gera ástandið enn verra,“ segir Jóhannes.

„Það er eðlilegt að verslanir hækki verð þegar þær flytja inn vörur. Ég segi reyndar að verslanir eigi að halda sömu krónutöluálagningu, þær eiga ekki að ná inn meiru á því að vara hækki í innkaupum, hvað þá að vera að hækka eldri birgðir sem jafnvel er búið að borga fyrir. Ég vil hvetja alla neytendur sem verða varir við slíkt að láta okkur vita.“ **- þeb**



**JÓHANNES GUNNARSSON** Formaður Neytendasamtakanna hvetur neytendur til að vera á varðbergi gagnvart því að verslanir nýti sér gengislækkun krónunnar til að hækka vöruverð.


Hefur gæðin
ÞÉR ER BOÐIÐ Í REYNSLUAKSTUR
24 TÍMAR | 24 ÁSTÆÐUR
SANTA FE Í HEILAN SÓLARHRING ÁN SKULDBINDINGA
ENGINN FER TÓMHENTUR
Óvæntur glaðningur bíður allra þeirra sem reynsluaka Santa Fe.
Allir sem reynsluaka Santa Fe í 24 tíma fara í sérstakan pott og á hverjum föstudegi verður einn heppinn dreginn út og fær í sinn hlut 50.000 kr. gjafakort í Smáralind.
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2007 BÍLABLAÐAMANNA
Santa Fe
Hringdu núna í síma 575 1200 eða skráðu þig á www.reynsluakstur.is
Þeir sem þekkja Santa Fe af eigin raun vita hversu góður bíll er hér á ferð. Þrátt fyrir að hann hafi verið valinn jepplingur ársins 2007 á Íslandi, eru ennþá einhverjir sem efast um að Hyundai geti átt bíla í fremstu röð. Við trúum að 24 tímar undir stýri á Santa Fe sé allt sem þurfi til að sannfæra þig um hið gagnstæða. Sölumenn okkar eru búnir að taka saman 24 ástæður fyrir því að Hyundai Santa Fe eru frábær jepplingakaup en við viljum helst að þú prófir hann fyrst. Hringdu núna!
B&L
Með bílinn handa þér
HYUNDAI www.hyundai.is
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444
Selfoss 575 1460
Akranes 431 2622
Akureyri 461 2533
Egilsstaðir 471 2524

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Fyrir hvaða hljómsveit mun Mugison hita upp á hljómleikaferðalagi um Kanada?*

2 *Hver eiga lágmarkslaun að vera að kröfu SFR?*

3 *Hvernig verður vespa Stefáns Magnússonar gítarleikara á litinn?*

SVÖ ERU Á BLAÐSÍÐU 46

Hæstaréttarlögmaður segir spurningum ósvarað um Gift fjárfestingafélag:

# Segir Gift vera umboðslaust

**VIÐSKIPTI** Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður og stjórnarmaður í Glitni, segir „framsóknar- og samvinnumenn“ stýra Gift fjárfestingafélagi án þess að hafa til þess að umboð. Þetta kemur fram í grein eftir Sigurð sem birtist í Morgunblaðinu í gær.

Gift var stofnað á sumarmánuðum í fyrra í kringum eignir og skuldbindingar Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Meðal eigna félagsins eru 5,4 prósent hlutur í Exista og 3,6 prósent hlutur í Kaupþingi.



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON** Segir viðskitpi Giftar, meðal annars með hluti í Kaupþingi, hafa farið fram í heimildaleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður segir að „nokkrir umboðslausir framsóknar- og samvinnumenn, þar af tveir af viðskiptaráðherrum Framsóknarflokksins Finnur Ingólfsson og Valgerður Sverrisdóttir,“ hafi á aðalfundi Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga ákveðið að flytja eignir og skuldir Samvinnutrygginga í hlutafélag, það er Gift.

Tæplega fimmtíu þúsund fyrrverandi tryggjendur hjá Samvinnutryggingum eru eigendur Giftar en sérstök skilanefnd, undir forystu Kristins Hallgrímssonar, vinnur nú að því að skipta félaginu upp og borga eigendum. Stærsti einstaki hluthafinn í Gift er Samvinnutryggingar ses. sem eignast hefur „réttindi tryggingartaka sem hafa látist, orðið gjaldþrota, hætt starfsemi eða hætt viðskiptum“ eins og orðrétt segir í grein Sigurðar.

**- mh / sjá Markaðinn**

Norski herinn í Afganistan:

# Jeppar stoppa í hitanum

**NOREGUR Brynvörðu jepparnir sem norski herinn keypti fyrir tveimur árum til að nota í Afganistan þola eiginlega allt nema aðstæðurnar í landinu.**

**Jepparnir gefa góða vörn gegn sprengjum, eldflaugum og kúlum, að því er fram kemur á fréttavef Aftenposten, en þola illa hitann. Þeir eru búnir svo mikilli hátækni að vélarnar stoppa gjarnan í hitanum og þurfa á verkstæði til að komast í gang aftur.**

**Kjell Inge Bækken, yfirmaður hjá norska hernum í Afganistan, segir bílana valda vandræðum. „Ef margir bílar stoppa getur það stefnt öryggi í voða.“ - ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta í Hveradalabrekku

Ökumaður var fluttur með minni háttar meiðsl í sjúkrabíl á slysadeild í Reykjavík eftir að hann velti bíl sínum í Hveradalabrekku á Suðurlandsvegi laust fyrir hálf átta á mánudagskvöldið. Bíllinn skemmdist mikið og var fluttur með kranabíl af vettvangi.

### Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Suðurnesjum tók einn ökumann aðfaranótt þriðjudagsins fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Var hann fluttur á lögreglustöð til skýrslu- og sýnatöku en sleppt að því loknu. Málið er í rannsókn.

### Fíkniefnamál á Ísafirði

Þrjú fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á Ísafirði um síðustu helgi. Í einu málanna fannst amfetamín og LSD ásamt neysluáhöldum á farþega sem var að koma með flugi frá Reykjavík.

### Útafakstur í Skógarhlíðinni

Ökumaður fólksbifreiðar slapp án meiðsla þegar hann ók bíl sínum út af í Skógarhlíðarbrekku á Þrengslavegi um klukkan tíu í gærmorgun.

### Á Steingrímsfjarðarheiði

Félagar í björgunarsveitinni Dagrenningu á Hólmavík fóru seint á mánudagskvöldið til aðstoðar fólki sem sat í föstum bíl sínum á Steingrímsfjarðarheiði. Gekk björgunarleiðangurinn vel fyrir sig og amaði ekkert að fólkinu.



**MÓTMÆLI** Kóranikvmynd Geert Wilders mótmælt í Amsterdam. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hollensk mynd um Kóraninn:

# Ósýnd kvikmynd veldur írafári

**TÉKKLAND, AP** Lítill hægri-jaðarflokkur í Tékklandi hefur boðist til þess að sýna kvikmynd sem hollenski stjórnmálamaðurinn Geert Wilders hefur látið gera, ef til þess skyldi koma að bannað verði að sýna myndina í Hollandi.

Í myndinni, sem enginn hefur enn séð þótt nú þegar hafi farið fram múgæsingarmótmæli gegn henni í ýmsum múslimalöndum, er sett fram gagnrýni á Kóraninn og þá hugmyndafræði sem hann leggur til grundvallar íslamstrú.

Hollensk yfirvöld óttast að birting hinnar fimmtán mínútna löngu kvikmyndar geti leitt til hliðstæðu „Múhameðsteikningafársins“. - aa

# Saksóknari styður ekki sænsku leiðina

**Embætti ríkissaksóknara telur að rannsaka þurfi betur vændi á Íslandi áður en „sænska leiðin“ verður lögfest. Kven- og mannréttindahreyfingar styðja frumvarp um að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Málið er til meðferðar í allsherjarnefnd.**

**STJÓRNMÁL** Rannsaka þarf betur vændi á Íslandi áður en kaup á því verða gerð refsiverð. Þetta er mat ríkissaksóknara og kemur fram í umsögn embættisins um frumvarp níu þingmanna sem vilja að sektir og fangelsi liggi við vændiskaupum. Slík lagaákvæði eru í gildi í Svíþjóð og er ætlað að sporna við sölu á kynlífi. Er aðferðin jafnan nefnd „sænska leiðin“.

Í umsögn ríkissaksóknara er vísað til frumvarps um kynferðisbrotakafla hegningarlaganna sem Ragnheiður Bragadóttir prófessor samdi fyrir dómsmálaráðuneytið og varð að lögum á síðasta ári. Þar segir að nauðsynlegt sé að fram fari frekari rannsóknir á vændi á Íslandi, umfangi þess og eðli og hvernig best sé að taka á því, áður en lagðar eru til lagabreytingar í ætt við þá sem gerð var í Svíþjóð. Undir þetta sjónarmið tekur Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur í svipaðan streng og í umsögn þess segir að óljóst sé hvort sænska leiðin sé sú rétta til að taka á þeim samfélagslega vanda sem vændi vissulega sé.

Í greinargerð frumvarpsins – sem nokkrum sinnum hefur komið fyrir þingið – segir að sænska leiðin miðist við að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna.

Fjölmargar kven- og mannréttindahreyfingar styðja frumvarpið og hvetja til þess að sænska leiðin verði tekin upp í íslensk lög. Í þeim hópi eru Kvennakirkjan, Alþjóðahús, Kvenréttindafélag Íslands, Femínistafélag Íslands, landsnefnd UNIFEM á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Umboðsmaður barna.

**bjorn@frettabladid.is**




**VÆNDI MÓTMÆLT** Ungt fólk í VG lét stuðning sinn við sænsku leiðina í ljós með táknrænum hætti þegar frumvarpið fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## EKKI LAUSN AÐ FLYTJA VANDANN ANNAÐ

**Kostir sænsku leiðarinnar:**

1. Seljandi vændis er illa settur félagslega og neyðist til að selja líkama sinn, en kaupandi vændis á þar val. Aðstöðumunur aðila er því mikill. Líkami fólks á ekki að vera söluvara. Það eru því sterk siðferðisleg skilaboð til samfélagsins að slík háttsemi sé refsiverð.
2. Refsiákvæði um vændiskaup munu hafa almenn varnaðaráhrif sem leiða til þess að eftirspurn eftir vændi minnkar og síðan mun framboðið minnka í kjölfarið.
3. Ef eftirspurn eftir vændi minnkar mun einnig draga úr mansali.
4. Kaupandi vændis sem til stendur að ákæra er viljugri til að bera vitni gegn vændismiðlara, ef þess er kostur að tekið verði tillit til samstarfsvilja hans við ákvörðun refsingar.

**Gallar sænsku leiðarinnar:**

1. Ekki er komin næg reynsla af sænsku löggjöfinni, heildarrannsónir á áhrifum hennar hafa ekki farið fram og því er ekki ljóst hvort hún hefur haft almenn varnaðaráhrif.
2. Þótt dregið hafi úr götuvændi í Svíþjóð eru vísbendingar um að vændi hafi færst í undirheimana með þeim afleiðingum að erfiðara er að hafa eftirlit með því og veita þeim sem stunda vændi félagslega aðstoð. Staða vændismiðlara getur styrkst, m.a. vegna þess að kaupendur vændis verða ófúsari til að bera vitni gegn þeim og koma þar með upp um sjálfa sig.
3. Þótt mansal dragist saman í einu landi getur það þýtt samsvarandi aukningu í öðru landi. Engin lausn er að flytja vandann til annarra landa heldur þarf samstillt áktak þjóða til þess að taka á honum.

**Úr greinargerð frumvarps Ragnheiðar Bragadóttur sem varð að lögum 2007.**

## EINS ÁRS FANGELSI

**Lagatexti frumvarpsins:**

*„Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.“*

**Flutningsmenn:** *Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Auður Lilja Erlingsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.*






Endir bundinn á uppreisn á einni af eyjum Kómoreyjaklasans á Indlandshafi:

# Innrásarliði sýnd lítil mótspyrna

**KÓMOREYJAR, AP** Eyjan Anjouan, ein þriggja höfuðeyja Kómoreyjaklasans í Indlandshafi, komst í gær aftur undir stjórn kómorsku ríkisstjórnarinnar eftir að hafa verið á valdi uppreisnarmanna í tíu mánuði. Herlið úr stjórnarhernum með liðsauka frá Afríkusambandinu hertók eyjuna í gær.

Sprengingar og skothríð heyrðust í morgunsárið er innrásin hófst. Þá fóru hundruð hermanna á land í höfuðstað eyjarinnar, Mutsamudu. Engar staðfestar fregnir bárust af manntjóni í innrásinni.

„Við höfum nú tekið höfuðstað Anjouan,“ sagði Mohamed Dosara, yfirmaður herráðs Kómoreyja, í símaviðtali frá höfuðeynni Grande Comore. „Við höfum aðeins mætt litlu mótspyrnu.“

Í höfuðstaðnum heyrðust stöku skothvellir innan um fagnaðarlæti íbúanna, sem sýndu ótvíræða ánægju með komu stjórnarherliðsins og afríska liðsaukans. - aa

# OPIÐ HÚS



Laugardaginn 29. mars verður opið hús í

**Háskólanum í Reykjavík**, Ofanleiti 2,

kl. 12:00 – 16:00. **Hljómsveitin Hjaltalín** spilar fyrir gesti frá kl. 14:00 – 14:30

Nemendur HR veita **upplýsingar um námið** og **félagslífið**

Námsráðgjafar veita ráðgjöf

## → Námskynning ←

### Stofa 101 – 1. HÆÐ A-HÚS

12:00 **ÍÞRÓTTAFRÆÐI**

12:30 **VIÐSKIPTAFRÆÐI**

13:00 **LÖGFRÆÐI**

13:30 **KENNSLUFRÆÐI**

14:30 **TÖLVUNARFRÆÐIDEILD**
- Hugbúnaðarverkfræði
- Kerfisfræði
- Tölvunarfræði

15:00 **STÆRÐFRÆÐI**

### Stofa 231 – 2. HÆÐ B-HÚS

13:00 **FRUMGREINAR**

13:30 **IÐNFRÆÐI**
- Byggingarfræði
- Byggingariðnfræði
- Rafiðnfræði
- Rekstrariðnfræði
- Véliðnfræði

14:30 **VERKFRÆÐI**
- Fjármálaverkfræði
- Hátækniverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Rekstrarverkfræði

15:00 **TÆKNIFRÆÐI**
- Byggingartæknifræði
- Rafmagnstæknifræði
- Vél-og orkutæknifræði

### Stofa 302 – 3. HÆÐ A-HÚS
→ Meistaranám ←

12:00 **STÆRÐFRÆÐI FYRIR KENNARA**

12:30 **TÖLVUNARFRÆÐI**
- Hugbúnaðarverkfræði
- Máltækni
- Tölvunarfræði

13:00 **MBA/AMP**

13:30 **MSc Í VIÐSKIPTADEILD**
- Alþjóðaviðskipti
- Fjármál
- Reikningshald og endurskoðun

14:30 **LÖGFRÆÐI**

15:00 **LÝÐHEILSUFRÆÐI**
- MPH
- MPH Executive

15:30 **VERKFRÆÐI**
- Byggingarverkfræði
- Fjármálaverkfræði
- Hátækniverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði/Heilbrigðisvísindi
- Rekstrarverkfræði

Allir velkomnir
www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

## Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds. Í boði eru kaffi og veitingar.

## Dagskrá fjármálakvölda

| | | |
|---|---|---|
| 24. jan. | Höfðabakki | Fjármál heimilisins |
| 7. feb. | Akranes | Fjárfestingartækifærin |
| 21. feb. | Laugavegur 77 | Skattamál |
| 6. mars | Mjódd | Skattamál |
| 27. mars | Vesturbær | Fjárfestingartækifærin |
| 3. apríl | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 10. apríl | Fjarðargata, Hafnarfj. | Fjárfestingartækifærin |

## Fjárfestingartækifærin

Lúðvík Elíasson, frá Greiningardeild Landsbankans, og Valdimar A. Valdimarsson, frá Eignastýringarsviði Landsbankans fara yfir hvar fjárfestingartækifærin liggja, hvert stefnir á hlutabréfamarkaði, hvert krónan er að fara og hvað er á döfinni í vaxtamálum.

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á **landsbanki.is** eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar á **www.landsbanki.is**

2008

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 41705 03.2008

Landsbankinn




Formaður Framsóknarflokksins með fjölmenna fundi á Kanaríeyjum:

# Lýsir vantrausti á ríkisstjórn

**STJÓRNMÁL** „Ég vil skoða skattakerfið út frá því að koma til móts við þá sem erfiðast eiga. Við megum ekki láta unga fólkið og alþýðuna borga niður vandræðin,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann hefur haldið tvo fjölmenna fundi með Íslendingum á Kanaríeyjum á síðustu vikum, þar sem stjórnmál á Íslandi hafa verið rædd.

Meðal hugmynda sem Guðni reifaði á seinni fundi sínum var að fella niður matarskattinn í því skyni að lækka verðbólgu. „Þá er ein leiðin að styrkja peningalega stöðu Seðlabankans verulega, um 100 til 200 milljarða, til að takast á við verðbólguna, standa með atvinnulífinu og verja skuldugа fólkið fyrir meiri áföllum en orðin eru.“

Guðni segir Seðlabankann virðast vera í sjálfheldu. Við séum með hæstu stýrivexti, og Seðlabankinn hafi verið að keyra þá upp á meðan í öðrum löndum, meðal annars Bandaríkjunum, hafi þeir verið lækkaðir. „Þetta getur sprungið enn harðar á okkur en orðið er. Ég lýsi fullu vantrausti á þessa ríkisstjórn. Hún hefur verið mjög slöpp og daufgerð. Við framsóknarmenn höfum miklar áhyggjur af þessari stöðu.“ - þeb



**KLÖRUBAR** Um 250 manns mættu á seinni fund framsóknarmanna á Kanaríeyjum um helgina. Fundurinn var jákvæður og skemmtilegur að sögn Guðna Ágústssonar.

# Hernaðarlausn nægir ekki í Afganistan

**Utanríkisráðherra Frakklands segir fleira þurfa til í Afganistan en aukinn herafla. Hersveitir NATO hafi að mestu vald á ástandinu í landinu.**

**AFGANISTAN** Hervé Morin, utanríkisráðherra Frakklands, segir að hersveitir NATO í Afganistan hafi að mestu vald á ástandinu í landinu. Hann segir þó að hervald eitt og sér dugi ekki til að koma á stöðugleika í landinu.

„Jafnvel þótt hernaðarlegum yfirburðum sé náð, þá dugir það ekki til,“ segir Morin í viðtali við AP-fréttastofuna. „Það þarf aðra áætlun til hliðar við hernaðinn svo Afganir geti smám saman skapað aðstæður til eigin þróunar, og þar með til eigin sjálfstæðis, þannig að þeir geti tekið örlög sín í eigin hendur.“

Hann sagði Frakka ekki hafa tekið ákvörðun um það hvernig þeir ætli að efla framlag sitt til Afganistans, fyrir utan þá 1.500 hermenn sem eru þar nú þegar. Flestir þeirra eru í höfuðborginni Kabúl.

Hann neitaði að staðfesta fregnir um að Frakkar ætli að senda þúsund hermenn til viðbótar, en búist er við að Frakkar kynni ákvörðun sína á leiðtogafundi NATO í Rúmeníu í næstu viku. Ólíklegt þykir samt að Frakkar ætli að senda herlið til suðurhluta landsins, þar sem átökin hafa verið mest.

Yfirstjórn NATO og ráðamenn í Bandaríkjunum hafa í meira en ár sagt að herlið NATO í landinu sé of fáliðað, en aðildarríki NATO hafa verið treg til að fjölga í herliði sínu þar. Kanadastjórn hefur nú síðast hótað því að kalla 2.500 manna herlið sitt heim frá Afganistan ef aðrar NATO-þjóðir leggja ekki til aukinn herafla.

„Allir eru sammála um að þetta er of fáliðaður her,“ sagði Dan McNeill, yfirmaður herafla NATO í Afganistan, í viðtali við Fréttablaðið í Kabúl nú fyrir páska. „En við gerum það besta við þann herafla sem við höfum. Það væri auðveldara ef við værum fullmönnuð.“

Á síðasta ári féllu 8.000 liðsmenn NATO í átökum við uppreisnarhópa í Afganistan. Mannfallið hefur aldrei verið meira, en McNeill segir þó villandi að líta á það sem merki um að uppreisnarmönnum hafi gengið betur.

„Þetta aukna mannfall stafar af því að við gerðum fleiri árásir á uppreisnarmenn, en ekki öfugt. Ég held að það hafi komið þeim á óvart að við gerðum ekki hlé á aðgerðum yfir veturinn, heldur héldum áfram að þrýsta á þá.“

McNeill býst við auknum sprengjuárásum og sjálfsmorðsárásum af hálfu andspyrnuhópanna, en reiknar ekki með að þeir verði til stórræðanna þegar til bardaga kemur.

gudsteinn@frettabladid.is



**UTANRÍKISRÁÐHERRA FRAKKLANDS** Hervé Morin segir að Frakkar muni í næstu viku taka ákvörðun um framhald aðgerða í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**DAN MCNEILL** Yfirmaður herafla NATO í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN


Næst á dagskrá:

**HÁSKÓLAFUNDARÖÐ**

Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur

# Menntun í samfélagi þjóða

**Málþing í Skriðu, fyrirlestrasal í Kennaraháskóla Íslands (gengið inn frá Háteigsvegi) fimmtudaginn 27. mars kl. 15-17**

**Fjallað verður frá mismunandi sjónarhornum um menntun á tímum hnattvæðingar, alþjóðlegt samstarf til eflingar menntunar, tækifæri og skyldur ríkja heims, og síðast en ekki síst erindi og ávinning Íslands á alþjóðavettvangi á sviði menntunar.**

**Allir velkomnir !**

*Dagskrá:* Ólafur Proppé rektor Kennaraháskóla Íslands
**Setning málþings**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra
**Þýðing alþjóðlegs samstarfs á sviði menntamála**

Ólafur Páll Jónsson lektor
**Víðsýni eða andlegur kotungsskapur?**
Hlutverk menntunar á tímum hnattvæðingar. Hvaða tækifæri ber hún með sér og hvaða skyldur leggur hún á herðar okkar?

Allyson Macdonald prófessor
**Fagmennska og sjálfbærni.**
Alþjóðasamstarf um menntun og þjálfun fagfólks.

**Umræður og ráðstefnuslit**

Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur 2007-2008

**Fundinum verður netvarpað beint á heimasíðunni: www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod**



**PÁSKASKEMMTUN Í HVÍTA HÚSINU** Bush Bandríkjaforseti faðmar mann í kanínubúningi við upphaf páskaskemmtunar í garði Hvíta hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verð á verslunarhúsnæði:

## Dýrast að leigja í Kringlunni

**VERSLUN** Leiga á verslunarhúsnæði er dýrust í Kringlunni en ódýrust í Hafnarfirði, samkvæmt nýrri verðkönnun ParX, viðskiptaráðgjöf IMB. Í könnuninni var þróun leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri árin 2004 til 2007 könnuð.

Í tilkynningu frá ParX kemur fram að leiguverð í Kringlunni hafi verið 4.169 krónur árið 2007, en 815 krónur í Hafnarfirði. Þá hafi verðið á Akureyri verið 1.374 krónur. Þorkell Gunnarsson, sérfræðingur ParX, segir leiguverð almennt hafa hækkað þó að framboð hafi aukist. Þá verði að geta þess að könnunin velti ekki upp ástæðum fyrir því að verð sé mismunandi. - þeb

Kínverskur Bandaríkjamaður:

## Lífstíðarfangelsi fyrir landráð

**BANDARÍKIN, AP** Verkfræðingur sem er fæddur í Kína en hefur bandarískan ríkisborgararétt var á mánudag dæmdur í 24 og hálfs árs fangelsi fyrir samsæri um að koma bandarískri varnartækni í hendur kínverskra yfirvalda.



**CHI MAK** Teikning af hinum dæmda fyrir rétti í Santa Ana í Kaliforníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chi Mak, sem vann við þróun drifbúnaðar fyrir herskip, var einnig dæmdur fyrir að hafa starfað sem leynilegur útsendari erlends ríkis, fyrir að reyna að brjóta útflutningslög og fyrir að ljúga að alríkislögreglunni FBI.

Fjórir úr fjölskyldu Maks, þar á meðal eiginkona hans, játuðu sig í fyrra sek um skyld brot í skiptum fyrir að dómsyfirvöld sýndu þeim mildi. - aa





Nýjar 1 lítra umbúðir

MJÓLKURSAMSALAN

LAGERSALA

ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlífðarföt

ALLT Á AÐ SELJAST

Arctic Wear vinnufatnaður

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is

Prenttækni ehf.

# FLEX hágæða rafmagnsverkfæri í miklu úrvali




Aseta ehf
Tunguháls 19
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA


Rannsókn í Danmörku á sprengjusmíðum:

# Meintir öfgamenn múslima ákærðir

**DANMÖRK, AP** Saksóknarar í Kaupmannahöfn lögðu í gær fram ákærur á hendur tveimur meintum öfgamönnum úr röðum múslima. Þeim er gefið að sök að hafa unnið að smíði sprengna til að nota í hryðjuverkaárásum í Danmörku og víðar.

Þriðji maðurinn var ákærður í sama máli fyrir að hafa hvatt til þess að Dönum væri rænt þar sem til þeirra næðist erlendis, í því skyni að þrýsta á dönsk yfirvöld að láta hina sakborningana tvo lausa.

Ákærurnar byggja á gögnum sem safnað var í aðgerð lögreglu á Kaupmannahafnarsvæðinu frá 4. september síðastliðnum. **- aa**



**HANDTEKNIR Í KAUPMANNAHÖFN** Frá aðgerð lögreglu á Nörrebro 4. september í fyrrahaust þar sem sakborningarnir voru handteknir. NORDICPHOTOS/AFP



**SVAVAR ÖRN EYSTEINSSON** Greinilegt er að árásarmaðurinn réðst á Svavar Örn með brotinni flösku.

Fólskuleg árás á tvo unga Íslendinga á Kanaríeyjum:

# Skorinn á háls með brotinni flösku

**LÍKAMSÁRÁS** Ráðist var á tvo Íslendinga á þrítugsaldri, Svavar Örn Eysteinsson og Ívar Björnsson þar sem þeir eru með fjölskyldu sinni í frí á Kanaríeyjum.

Klukkan var um þrjú að nóttu aðfaranótt föstudagsins síðastliðins. Voru þeir mágar komnir um tuttugu metra frá hótelinu sem þeir búa á þegar þeim mætti maður sem spurði hvort þeir væru Englendingar. Áður en þeir náðu að svara hafði maðurinn slegið Ívar í höfuðið með flösku. Höggið var það þungt að flaskan brotnaði. „Ég hljóp á eftir honum og það næsta sem ég veit er að ég vakna á spítala, skorinn á háls og nærri dauður,“ segir Svavar Örn.

Svavar Örn vaknaði morguninn eftir á sjúkrahúsi á Las Palmas. Þangað höfðu þeir Ívar verið fluttir meðvitundarlitlir með sjúkrabíl og vissi enginn úr fjölskyldunni um afdrif þeirra. „Fjölskyldan fór því á fimm eða sex sjúkrahús að leita að okkur,“ segir Svavar Örn.

Þá var hann einnig rændur þeim peningum sem hann bar á sér ásamt því sem sími hans var tekinn. Segir hann lögregluna telja að glæpagengi hafi beðið lengra frá árásarstaðnum, þar sem hann síðar fannst.

„Ég er nokkuð brattur miðað við aðstæður.“ Sauma þurfti mörg spor í háls Svavars auk þess sem taug skarst í sundur. Er hann því nokkuð dofinn vinstra megin á höfðinu. Þá þurfti að sauma tuttugu spor í höfuð Ívars sem missti mikið blóð í árásinni.

Frí fjölskyldunnar hófst því með látum en hluti hópsins fer heim í kvöld meðan aðrir verða áfram í eina viku til viðbótar. Segir Svavar þau reyna að láta þetta ekki á sig fá. „Það þýðir ekkert annað, við reynum að gera gott úr þessu.“ **- ovd**



**ÍVAR BJÖRNSSON**


# ORKUSJÓÐUR

## *auglýsir rannsóknarstyrki 2008*

**Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:**

- að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda
- að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi
- að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni

**Við úthlutun styrkja 2008 verður sérstök áhersla lögð á:**

- hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað
- innlenda orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar

## Umsóknarfrestur er til 4. apríl 2008

Umsóknum skal skila til Orkusjóðs, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á *www.os.is.*

Frekari upplýsingar eru veittar í símum 563 6083 og 894 4280. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið *jbj@os.is.*

ORKURÁÐ



# VIRKJUM FJÁRMAGN **KVENNA**

NÁMSTEFNA UM KONUR, FJÁRMAGN OG REKSTUR FYRIRTÆKJA

Föstudaginn 28. mars á Hilton Reykjavík Nordica – sal A & B – kl. 8-12

Upplýsingar og skráning á vef Samtaka atvinnulífsins – **www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS | IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ | FKA Félag kvenna í atvinnurekstri

Forsætisráðherrar funda:

# Staða Norðurlandanna

**STJÓRNMÁL** Á fundi í Svíþjóð 8.-9. apríl munu forsætisráðherrar Norðurlandanna freista þess að svara spurningum á borð við; hvernig Norðurlöndin geta staðið vörð um samkeppnishæfni sína, hvernig þau geta aukið áhrif sín innan Evrópusambandsins og hvernig gera má Norðurlöndin meira aðlaðandi í augum umheimsins.



GEIR H. HAARDE

Fundurinn er haldinn á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og auk forsætisráðherranna sitja hann fulltrúar á ýmsum sviðum norræns þjóðlífs, þeirra á meðal Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins.

Er markmið fundarins að sækja nýjar hugmyndir og örva umræðu um tækifæri og áskoranir hnattvæðingarinnar. - bþs



**LYF AF ÝMSU TAGI** Verði frumvarp heilbrigðisráðherra að lögum má selja nikótínlyf annars staðar en í apótekum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Óttast misnotkun nikótínlyfja

**Þingmaður VG telur hugsanlegt að nikótínlyf verði misnotuð ef sala þeirra verður leyfð í almennum verslunum. Heilbrigðisráðherra segir eðlilegt að slík lyf séu jafnaðgengileg og tóbak.**

**ALÞINGI** Þuríður Backman, þingmaður VG, telur að viðhorf til nikótínlyfja kunni að breytast ef sala þeirra verður leyfð utan apóteka. Hvatinn til að nota þau sem raunveruleg lyf til að hætta að reykja hverfi og fólk neyti þeirra í stað tóbaks. „Annað viðhorf verður til lyfjanna ef þau eru til sölu úti í matvörubúð en ef maður þarf að fara í apótek að kaupa þau,“ sagði Þuríður í umræðum um frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á lyfjalögum á Alþingi. Með frumvarpinu er bann við póstverslun með lyf fellt á brott og sala nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða heimiluð.



ÞURÍÐUR BACKMAN



VIÐAR JENSSON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra sagði mörgum finnast órökrétt að gott aðgengi væri að tóbaki en ákveði einstaklingur að hætta að reykja þurfi hann að fara í sérstakar verslanir til að nálgast hjálpartæki til að vinna á fíkninni.

Þuríður vill að skoðað verði hvernig notkun nikótínlyfja hefur þróast í þeim löndum sem leyft hafa sölu annars staðar en í lyfjabúðum. Undir það sjónarmið tekur Viðar Jensson, verkefnisstjóri í tóbaksvörnum hjá Lýðheilsustöð.

„Það þarf að skoða neysluna hjá þeim þjóðum sem hafa aukið aðgengið,“ segir Viðar og nefnir að Svíar og Bretar hafi farið þá leið. Að auki séu lyfin niðurgreidd í Bretlandi, að því gefnu að fólk neyti þeirra í því skyni að hætta að reykja og njóti við það aðstoðar fagfólks. Noti fólk nikótínlyf til að hætta að reykja mælir Lýðheilsustöð með að fólk neyti þeirra eigi lengur en í 10-12 vikur.

Viðar segir vitað að fólk geti orðið háð neyslu nikótínlyfja og rennir þar með stoðum undir áhyggjur Þuríðar. Hann óttast þó ekki að auknu aðgengi fylgi aukin misnotkun. „Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni. Það er ekki slæmt að auka aðgengið. Hins vegar tek ég undir með Þuríði um að það þarf að skoða neyslu nikótínlyfja.“

Íslendingar nota umtalsvert meira af nikótínlyfjum heldur en nágrannaþjóðirnar. Nýleg athugun Viðars sýnir að notkunin hér er allt að fjórum sinnum meiri en á hinum Norðurlöndunum.

Nikótínlyf seljast í íslenskum apótekum fyrir yfir eina milljón króna á dag. bjorn@frettabladid.is


www.ellingsen.is

FLEETWOOD



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# Sældarlíf í Fleetwood Bayside

## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægileg í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Sandskeifur
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasísskápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós á palli
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari
- Truma®-vatnshitari
- FM/AM-útvarp/geislaspilari
- Klósett

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2008 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Stærð opinn (lxb) | 765x358 cm |
| Stærð lokaður (lxb) | 584x226 cm |
| Lengd kassa | 12 fet |
| Eigin þyngd | 1198 kg |
| Heildarþyngd | 1590 kg |




**Lúxus-aukahlutapakki að verðmæti 217.700 fylgir!**

| | |
|---|---|
| Sólarrafhlaða | 105.000 |
| Þakskyggni | 42.000 |
| Coleman-gasgrill | 28.000 |
| Farangurspoki | 14.760 |
| Spegilhilla | 7.900 |
| Ljós með viftu | 6.900 |
| Aukagaskútur | 5.664 |
| Festing fyrir aukagaskút | 1.990 |
| Fatahengi | 3.500 |
| Hnífaparabakki | 1.995 |

Verð 2.050.000 kr.
Útborgun 410.000 kr.

Mánaðargreiðsla **26.333 kr.** miðað við 84 mánuði

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16

Barnaspítali Hringsins:

# Fær sjónvörp og DVD

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur fært Barnaspítala Hringsins átta veggsjónvörp og jafn marga DVD-spilara að gjöf. Það var Gunnar Ragnarsson, formaður félagsins, sem afhenti tækin. Þeim verður komið fyrir á einstaklingsstofum á deild 22E en þar dveljast flest krabbameinssjúk börn meðan á meðferð stendur.

Í fyrra gaf félagið spítalanum fimm stykki af hvoru tækjanna og fyrr á þessu ári var spítalanum gefinn fullkominn fjarkennslubúnaður, hægindastóll og húsgögn í foreldraherbergi.

Að sögn Óskars Arnar Guðbrandssonar, hjá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, greinast tíu til tólf börn árlega með krabbamein hér á landi. - jse



**VIÐ AFHENDINGU** Gunnar Ragnarsson afhendir Snjólaugu Sigurbjörnsdóttur deildarstjóra á 22E tækin í fyrradag.

**FBL-GREINING:** KÓMOREYJAR

# *Eyjaklasi með afrísk-arabískar rætur*

Herlið samsett úr stjórnarher Kómoreyja og liðsauka frá Afríkusambandinu (aðallega Tansaníu) hertók í gær eyna Anjouan í Kómoreyjaklasanum á Indlandshafi og færði hana þar með aftur undir vald ríkisstjórnar Kómoreyja. Frá því í maí í fyrra hafði hún verið á valdi uppreisnarmanna undir forystu fyrrverandi yfirmanns í stjórnarhernum.




**Hvað eru Kómoreyjar?**

Kómoreyjaklasinn er í Indlandshafi um 400 km austur af Suðausturströnd Afríku, í Mósambík-sundi milli Mósambík og norðurhluta Madagaskar. Eyjarnar voru hluti af nýlenduveldi Frakka til ársins 1975 þegar stofnað var sjálfstætt sambandsríki. Á eyjunum búa um 600.000 manns, flestir á höfuðeynni Grande Comore. Þar er höfuðborgin Moroni með rúmlega 60.000 íbúa. 99 prósent íbúanna eru múslimar. Þeir tala kómorsku, sem er blandað tungumál en skyldast svahílí. Franska og arabíska eru líka opinber tungumál.

**Saga?**

Nýlendustjórn Frakka á Kómoreyjum hófst ekki formlega fyrr en árið 1841. Búsetusögu á eyjunum er hins vegar hægt að rekja aftur til sjöttu aldar. Ólíkir hópar landnema komu þangað í bylgjum frá Afríku, Persaflóa, Indónesíu og Madagaskar. Svahílímælandi landnemar komu þangað er bantú-ættbálkurinn breiddist út um Austur-Afríku á síðari hluta fyrsta árþúsundsins eftir Krist. Persnesk og arabísk áhrif jukust á öðru árþúsundinu, en eyjarnar lágu á leið kaupmanna frá því svæði. Þegar Evrópumenn tóku að sýna eyjunum áhuga voru persnesk-arabísk áhrif mjög áberandi, sem breiddi yfir hina afrísku arfleifð.

**Stjórnmál?**

Frá því eyjarnar hlutu sjálfstæði hafa valdarán verið mjög tíð. Franski málaliðinn Bob Denard stóð á bak við nokkur þeirra og stjórnaði eyjunum í reynd í gegnum leppa sem gegndu forsetaembættinu.

Eldri borgarar 60+

Byrjendur



30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 31. mars og lýkur 21. apríl.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13-16.
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 1. apríl og lýkur 22. apríl.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13-16.
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

**FRÉTTASKÝRING:** Staða kvenna í Afganistan



**Á LEIÐ Í SKÓLANN** Um helmingur afgönsku þjóðarinnar er á barnsaldri. Eftir tíma talibanastjórnarinnar var skólakerfi landsins í rúst, en nú ganga flest börn daglega í skóla og víðast hvar geta stúlkur ekki síður en strákar nýtt möguleika sína á skólagöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

# Lykilorðið er þolinmæði

**Í Afganistan læra stúlkur snemma að halda sig til hlés og láta lítið á sér bera. Víðast hvar í landinu geta þær ekki látið sjá sig á almannafæri nema klæddar í búrku, sem hylur þær frá toppi til táar.**



**BÚRKUKLÆDD KONA** Víðast hvar í Afganistan geta konur ekki látið sjá sig á almannafæri nema vel faldar innan í búrku. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

„Þolinmæði er lykilorðið hér í Afganistan," sagði yfirmaður í norska hernum í Maimana þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kom þangað í heimsókn í vikunni.

Eftir hvert stríðið á fætur öðru linnulaust í meira en aldarfjórðung er landið nánast í rúst. „Þetta er eins og á miðöldum," var viðkvæðið hjá fleiri en einum þeirra Vesturlandabúa sem starfa við uppbyggingarstarf í landi þar sem vegakerfi, rafmagn og flestar aðrar undirstöður nútímalífernis er víðs fjarri.

Reynsla tveggja norskra lögreglukvenna, sem hafa það hlutverk að þjálfa lögregluna í Maimana og veita ráðgjöf í fangelsismálum, segir margt um þær nánast óyfirstíganlegu hindranir sem afganskar konur þurfa að glíma við.

**Búrkuklæddar lögreglukonur**

Í Maimana, sem er hundrað þúsund manna borg í norðvestanverðu Afganistan, er fangelsi sem var reist fyrir rúmum hundrað árum og ætlað fyrir 60 fanga, en þar sitja nú rúmlega 220 fangar. Meðal fanganna eru konur, sem sumar sitja inni fyrir að hafa myrt eiginmenn sína, en aðrar hafa framið þann glæp einan að þeim hefur verið nauðgað.

Í borginni starfa jafnframt níu afganskar lögreglukonur, en þær geta ekki leyft sér að ganga um á götum úti í lögreglubúningum. Utan lögreglustöðvarinnar verða þær að klæðast búrkum eins og aðrar konur þar í borg. Þær geta ekki einu sinni haft á sér nein merki eða auðkenni um að þær séu lögreglukonur.

„Ef þær gerðu það, yrðu þær fyrir aðkasti karlmanna í þorpinu," segja norsku lögreglukonurnar.

Aðalstarfi afgönsku lögreglukvennanna er sá að leita á konum, sem eru handteknar eða af öðrum ástæðum fluttar á lögreglustöðina. Einnig sinna þær skrifstofuvinnu og starfa að lausn sakamála inni á lögreglustöðinni.

**Glímt við fornar hefðir**

Ingibjörg Sólrún minntist meðal annars á hlutskipti kvenfanganna þegar hún gekk á fund Hussn Bano Ghazanfar, ráðherra kvennamála í ríkisstjórn Hamids Karzai.



**Á FUNDI MEÐ KVENNAMÁLARÁÐHERRA** Meðal afganskra ráðamanna sem Ingibjörg Sólrún hitti í heimsókn sinni er Dr. Hussn Bano Ghazanfar, ráðherra kvennamála í ríkisstjórn Hamids Karzai. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

„Við höfum vitneskju um að konur sitja í fangelsi fyrir glæpi sem ættu ekki að vera glæpir," sagði kvennamálaráðherrann, og tekur fram að stjórnin hafi gert sitt besta til að hjálpa þessum konum og útvega þeim lögfræðiaðstoð. Þar sé þó við ramman reip að draga, því það séu gamlar reglur og fornar hefðir sem valda mestu um það ofbeldi sem konur í landinu mega þola.

„Við þurfum fyrst og fremst að uppfræða fólk og einnig að bæta efnahag fólks. Þetta er langt ferli."

**Búrkan ekki alslæm**

Afganskar konur benda þó margar hverjar á það, að þótt konur klæðist búrku sé það ekki sjálfkrafa merki um að líf þeirra sé ömurlegt.

„Vandamál kvenna hér í Afganistan eru ekki jafn slæm og fólk á Vesturlöndum heldur, þótt þau séu vissulega slæm," segir Sadia Fatime, afgönsk kona sem starfar hjá alþjóðlegum samtökum í Kabúl við að útvega konum atvinnu.

Hún segir Vesturlandabúa ekki gera sér skýra mynd af aðstæðum kvenna í Afganistan. Myndin af búrkunni er allsráðandi í þeirri ímynd sem Vesturlandabúar hafa af hlutskipti afganskra kvenna.

„Konur geta klæðst búrku en samt átt sér gott líf innan fjölskyldunnar," segir Fatime, en tekur þó fram að vandamál kvenna í Afganistan séu enn gífurlega erfið viðureignar.

„Aðalvandamálið er þó efnahagurinn, fátæktin. Ef við gætum útrýmt fátækt þá myndi helmingurinn af vandamálum kvenna í Afganistan leysast."



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

STÓRÚTSALA BÍLALANDS B&L OG NOTAÐRA BÍLA INGVARS HELGASONAR

# ÖFLUGASTA ÚTSALA NOTAÐRA BÍLA FRÁ UPPHAFI!

- **Hrikalegri afsláttur en áður hefur sést**
  (hættu að leita, þetta er besta verðið í bænum)
- **Bestu lánakjörin á markaðnum í dag**
  (það hefur aldrei verið hagstæðara að kaupa notaðan bíl)
- **Ótrúlegt úrval bíla**
  (við eigum örugglega bílinn sem hentar þér)

FLETTU >>

IH INGVAR HELGASON

bíla land B&L

RA BÍLA INGVARS HELGASONAR, Á SÆVARHÖFÐA OG GRJÓTHÁLSI

# - KOMDU NÚNA!

Bílaland B&L og Notaðir bílar Ingvars Helgasonar taka höndum saman og efna til stærstu og öflugustu útsölu sem haldin hefur verið á notuðum bílum. Aldrei í sögu landsins hefur verið hagstæðara að kaupa notaðan bíl en einmitt núna. Komdu strax!

**OPIÐ TIL 22.00**

**-580.000 KR.**



**SUZUKI GRAND VITARA**
Ekinn 78 þús. bs. Nýskr. 05/06
Verð áður 2.120.000 kr.
**1.540.000 KR.**

**-980.000 KR.**



**NISSAN PATHFINDER 2.5 SE**
Ekinn 48 þús. bs. Nýskr. 01/06
Verð áður 4.440.000 kr.
**3.460.000 KR.**

**-980.000 KR.**



**NISSAN MURANO 3.5 V6**
Ekinn 26 þús. ssk. Nýskr. 05/06
Verð áður 5.270.000 kr.
**4.290.000 KR.**

**-940.000 KR.**



**HYUNDAI SANTA FE**
Ekinn 44 þús. ssk. Nýskr. 12/04
Verð áður 2.690.000 kr.
**1.750.000 KR.**

**-870.000 KR.**



**NISSAN PATHFINDER 2.5 XE**
Ekinn 35 þús. bs. Nýskr. 02/06
Verð áður 4.850.000 kr.
**3.980.000 KR.**

**-780.000 KR.**



**RENAULT LAGUNA II**
Ekinn 23 þús. ssk. Nýskr. 02/06
Verð áður 2.550.000 kr.
**1.770.000 KR.**

**-490.000 KR.**



**HYUNDAI TRAJET**
Ekinn 67 þús. bs. Nýskr. 05//04
Verð áður 1.620.000 kr.
**1.130.000 KR**

**-760.000 KR.**



**HYUNDAI STAREX**
Ekinn 173 þús. ssk. Nýskr. 11/04
Verð áður 1.830.000 kr.
**1.070.000 KR.**

**-670.000 KR.**



**RENAULT MEGANE II**
Ekinn 17 þús. ssk. Nýskr. 10/06
Verð áður 2.240.000 kr.
**1.570.000 KR.**

**-570.000 KR.**



**RENAULT SCENIC II**
Ekinn 28 þús. ssk. Nýskr. 06/05
Verð áður 1.910.000 kr.
**1.340.000 KR.**

**-700.000 KR.**



**HYUNDAI TERRACAN**
Ekinn 113 þús. bs. Nýskr. 08/02
Verð áður 2.280.000 kr.
**1.580.000 KR.**

**-850.000 KR.**



**HYUNDAI SONATA**
Ekinn 14 þús. ssk. Nýskr. 08/06
Verð áður 2.740.000 kr.
**1.890.000 KR.**

**INGVAR HELGASON -** SÆVARHÖFÐA 2, 525 8000
**BÍLALAND B&L -** GRJÓTHÁLSI 1, 575 1230

IH INGVAR HELGASON

bíla land B&L

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sóðar næturlífsins aftur komnir með lausan taum.

## Löggæsla er ekki átaksverkefni

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að brotum gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur hefði snarfækkað frá því að þau voru flest síðastliðið haust. Meðal brota af þessu tagi er til dæmis þegar fólk kastar af sér vatni á almannafæri.

Sóðaskapur og skrílslæti í miðbænum voru einmitt mjög til umræðu síðsumars í fyrra. Í kjölfarið svöruðu stjórnendur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu loks kallinu um að skynsamlegt væri að hafa fótgangandi lögreglumenn við eftirlit með næturlífinu, fremur en að horfa á atganginn af skjám eftirlitsmyndavéla og út um bílrúður. Fjölgað var í lögregluliðinu á vakt í miðbænum um helgar og meðlimir í sérsveit ríkislögreglustjórans sáust jafnvel fara þar um götur.

Allt í einu var komin sýnileg löggæsla í bæinn. Sóðarnir sem migu á veggi húsa eða brutu bjórflöskur þar sem þeim sýndist gátu átt von á því að vera handteknir og sektaðir fyrir dólgslætin. Afraksturinn af breyttu vinnulagi lét ekki á sér standa. Í september einum voru færð til bókar 190 brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur, sem er nálægt þriðjungur skjalfestra brota alls ársins 2007.

Út frá nýjustu tölum um stórfelldan samdrátt í brotum á lögreglusamþykkktinni, má draga tvær ályktanir. Sú fyrri er að áhrifin af aðgerðum lögreglunnar séu afbragð og að gestir í miðbænum séu loksins farnir að hegða sér eins og fólk. Sú seinni er að allt sé komið í sama farið og áður. Enda eru tölurnar um þessi brot á svipuðum slóðum og áður en umræðan um ástandið hófst í fyrra. Því miður geta þeir sem hafa átt leið um miðbæinn að nóttu til um helgar undanfarnar vikur ekki komist að annarri niðurstöðu en að seinni tilgátan sé nærri lagi.

Í miðbænum sést nú varla lögregluþjónn á rölti, hvað þá einhverjir úr sérsveit ríkislögreglustjórans. Glerbrotin á götunum eru hins vegar á sínum stað og það er aftur orðin hversdagsleg sjón að sjá menn míga utan í Héraðsdóm Reykjavíkur í Austurstræti eða annars staðar þar sem þeim dettur í hug þá stundina.

í Fréttablaðinu í gær var talað við Árna Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjón. Ekki er hægt að skilja orð hans á annan hátt en að búið sé að taka aftur upp gamla vinnulagið með eftirlitsmyndavélum og lögregluþjónum inni í bílum. Getur verið að menn hafi virkilega verið svona ánægðir með árangurinn af því fyrirkomulagi? Erfitt er að álykta annað en að sýnilega löggæslan síðasta haust hafi einungis verið sviðsetning til að slá á erfiða umræðu. Hvað varð til dæmis um þá ágætu hugmynd Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra að koma upp færanlegri lögreglustöð í miðbænum? Aðstoðaryfirlögregluþjónninn talar um átak lögreglunnar í miðbænum síðastliðið haust í frétt blaðsins í gær. Það er skrítin hugmynd ef menn álíta að löggæslu sé hægt að sinna sem átaksverkefni. Löggæsla er stöðug vinna. Það má líkja henni við að draga sleða upp brekku sem aldrei endar. Ef maður sleppir þá rennur sleðinn aftur niður.

Það er reyndar engin ástæða til að efast um að stjórnendur lögreglunnar átti sig ekki á þeirri staðreynd. Vandi lögreglunnar í miðbænum er sá sami og blasir við víða um land. Það skortir fé og mannskap til að halda uppi viðunandi löggæslu. Þann vanda geta þeir einir leyst sem fara með fjárlagavaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Réttur ráðherra

Í ár er ár kartöflunnar. Í tilefni af því gefur Félag kartöflubænda út uppskriftabækling í dag og verður hann kynntur á veitingastaðnum Friðriki V á Akureyri. Kartöfluréttir eru greinilega hápólitískt mál, að minnsta kosti sér ríkisstjórnin ástæðu til að senda fulltrúa á kynninguna. Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, veitir fyrsta eintaki Uppskriftabæklings Félags kartöflubænda viðtöku og hlýtur að ræða innihaldið við aðra ráðherra við fyrsta tækifæri.

### Ykkur var nær

Valgerður Sverrisdóttir býður upp á snarpa greiningu á efnahagsástandinu á heimasíðu sinni og bendir á því hvernig hefði mátt forða þjóðarskútunni frá þeim öldudal sem hún er nú í. Valgerður rifjar upp slagorð Framsóknarflokksins fyrir síðustu alþingiskosningar: Árangur áfram – ekkert stopp. Skemmst er frá því að segja að þessu kostaboði var hafnað. Afleiðingarnar eru skýrar að mati Valgerðar, sem spyr: „Hvernig er ástandið í dag?“ Þau hljóta að naga sig í handarbökin, þessi 88 prósent sem ekki kusu Framsókn.





### Umræða og athafnir

Vinstri græn ferðast nú um landið og halda opna fundi fyrir áhugafólk um pólitík. Í gær reifaði Steingrímur J. Sigfússon stjórnmálaástandið almennt fyrir Hvergerðingum og í kvöld ætlar Atli Gíslason að tala um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu í Tryggvaskála í Árborg. Á fundi í Kópavogi 3. apríl fer Ásdís Jóhannesdóttir, stjórnarmaður Vg í Kópavogi, hins vegar aðra leið. Í stað þess að reifa ástandið mettar hún svanga og framreiðir ítalska grænmetissúpu gegn vægu verði. Ætli þarna kristallist munurinn á umræðu- og athafnastjórnmálum?

bergsteinn@frettabladid.is

## Rykið dustað



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Bækur

Í þeirri nútímavæðingu mannlífsins sem hefur verið í fullum gangi nú um nokkurt skeið, hafa ýmis grundvallaratriði orðið útundan, og eitt af þeim er bóklestur. Menn nota að vísu tölvur í bókasöfnum, mörgum finnst netið hagkvæmt til að panta bækur og það ber við að einstaka menn prenti bækur á pappír upp úr netinu, en að öðru leyti hefur bókmenningin stöðugt sinn vanagang. Útgefendur halda sem sé sínu striki, taka við handritum og láta þau á þrykk út ganga eftir viðurkenndum reglum. Um víða veröld eru einnig til þjóðarbókhlöður og landsbókasöfn, svo og borgarbókasöfn alls kyns í mjög svo hefðbundnum stíl, og haga starfseminni eins og gert hefur verið í óratíma, að sumu leyti allt frá því að bókaskemman mikla var sett á stofn í Alexandríu. Sum þeirra sjá um að varðveita bækur og alls kyns skjöl og gögn fyrir fræðimenn seinni tíma, og fyrir þau tíðkast skilaskylda, önnur hafa á boðstólum bækur til lestrar fyrir almenning.

En getur það gengið lengur að menn ríghaldi í einhverjar æfagamlar og vafalaust löngu úreltar venjur? Er ekki löngu kominn tími til að menn nútímavæði bóklesturinn í samræmi við þær miklu byltingar sem orðið hafa á allri heimsmenningunni undanfarin ár? Þetta finnst mörgum, og til að gera tillögur um nýskipun á bóklestri hefur verið sett á fót í Frakklandi þriggja manna nefnd. Eins og við var að búast var það viskubrunnurinn Sarkozy sem átti frumkvæðið að þessu, og í nefndinni eiga sæti þrír menn. Einn þeirra er Marc nokkur Levy sem stundar það að skrifa metsölubækur, um leið og verk eftir hann birtist á það jafnan öruggt sæti ofarlega á listum yfir hæstu sölu. Annar er Sulitzer, sem hefur að sérgrein að skrifa spennusögur sviðsettar hér og hvar í fjármálaheiminum. Hinn þriðji er Leclerc sem á keðju ofurmarkaða og brýtur stundum reglur til hagsbóta fyrir viðskiptavini sína. Þessir menn sem eru eins og sjá má sérstaklega hæfir til að leggja drög að bókmenningu framtíðarinnar byrjuðu eins og vænta mátti á stefnuyfirlýsingu. Hún var á þessa leið:

„Tími er til kominn að brjóta niður tímaskekkjur haftanna, kulvísi hagsmunaaðila, bönn skriffinnskuveldisins sem dæma alla bókakeðjuna (höfunda, útgefendur, bóksala, almenningsbókasöfn) til að fara snarlega á hausinn. Að dusta burtu rykið eða bíða skipbrot – um það stendur valið.“ Og tilgangurinn var sá að veita nýjum krafti og samkeppnishæfni inn í „iðngrein sem komið er talsvert drep í og nauðsynlegt er að tengja við hin lífgefandi öfl nútímavæðingarinnar.“

Enn sem komið er hefur nefndin einungis sett fram fáeinar tillögur til bráðabirgða, þær á eftir að ræða og útfæra betur, ekki síst til að leggja skýrar á ráðin um framkvæmdir. Eigi að síður finnast mér þær þegar allrar athygli verðar, og tel því rétt að rekja nokkrar helstu þeirra, eftir því sem komið hefur fram í blöðum:

Fyrst af öllu telja nefndarmenn nauðsynlegt að afnema þá skilaskyldu á bókum sem verið hefur við lýði í Frakklandi frá því að Frans 1. gaf út um það tilskipun árið 1537 (á Íslandi eitthvað skemur) og skuldbindur útgefendur til að afhenda bókasöfnum nokkur eintök af þeim bókum sem þeir gefa út. Þetta fyrirkomulag er að sögn þeirra algerlega úrelt. Einungis á að láta afhenda þær bækur sem svara raunverulegum kröfum bókaneytenda. Og hvernig á að finna þær? Slíkt er einfalt mál: það á að fara eftir þeim listum yfir metsölubækur sem birtar eru í vikublöðum. Það er allt of mikið af alls kyns bókum um hitt og þetta, til að velja úr þeim þarf skýra og ótvíræða viðmiðun.

Síðan þarf að nútímavæða þau bókasöfn sem til eru. Í þeim er aragrúi af bókum, handritum, skjölum, kortum og myndum sem enginn maður les og aldrei er beðið um. Þetta gildir vafalaust um tvo þriðju af öllu því úrelta dóti sem er geymt í frönsku þjóðarbókhlöðunni, segja nefndarmenn. En til eru undarlegir menn, bókasafnarar, sem hafa áhuga á þessu og vilja jafnvel borga stórfé fyrir það. Þess vegna er nauðsynlegt að setja þetta allt út á almennan markað, selja það hæstbjóðendum, og myndi þá þrennt vinnast: það væri hægt að losa mikið geymslupláss sem síðan mætti taka undir annað eða þá selja, það væri hægt að fækka mjög mikið starfsfólki, sem er hvort sem er allt of margt og fær allt of hátt kaup, og það væri hægt að hala inn mikið fé til að losna við þennan eilífa taprekstur bókasafna.

Loks er brýnt að taka þegar í stað upp samstarf við einkafyrirtæki. Þau myndu vafalaust vera fús til að fjármagna flutning texta inn á rafrænt form gegn því að fá að setja sitt eigið merki á þá og eigna sér þá á sinn hátt í auglýsingaskyni. Svo íslensk dæmi séu sett í stað þeirra frönsku sem nefnd eru í Parísarblöðum, þá er meira en líklegt að einhver ferðaskrifstofa vildi fá að merkja sér þannig „Vetrarferðina“, litaverslun „Óreiðu á striga“, útfararþjónusta „Dauðans óvissa tíma“, póstþjónusta „Skilaboð til Söndru“ og álnavöruverslun „Vefarann mikla frá Kasmír“.

Því framþróunin verður ekki stöðvuð.

## Ferðamenn, látum þá borga

**UMRÆÐAN**

Ferðaþjónusta



JÓN GUNNARSSON

Nýlega var haft eftir reyndum leiðsögumanni að banaslys þurfi við Geysi til að bætt verði úr aðstöðu og merkingum fyrir ferðamenn. Fram kemur að yfir vetrartímann sé lítil eða engin þjónusta á svæðinu.

Þetta er grafalvarlegt mál. Ferðaþjónusta hefur vaxið mikið á undanförnum árum og hvert metið af öðru verið slegið í komu erlendra ferðamanna til landsins. Samkvæmt skoðanakönnunum meðal gesta okkar er einn aðaltilgangurinn að skoða íslenska náttúru. Náttúra landsins er einstök, en getur verið víðsjárverð. Árlega slasast hér margir erlendir ferðamenn af ýmsum orsökum, stundum vegna upplýsingaskorts eða þær voru ekki nægilega vel fram settar. Ábyrgð okkar er mikil þegar við með landkynningu og auglýsingum löðum til okkar fólk sem þekkir lítið til aðstæðna og getur hæglega farið sér að voða.

Þegar kemur að umbótum á ferðamannastöðum er spurt að því hver eigi að bera kostnaðinn. Í ferð minni með þingmönnum um Norðurland sl. haust komum við að Dimmuborgum, sem eru með stórbrotnari náttúruperlum landsins. Aðstaða til að taka á móti ferðamönnum þar er ófullnægjandi. Rútur sem komu fullar af ferðamönnum af skemmtiferðaskipum gátu ekki athafnað sig á planinu og hreinlætisaðstaða var í bráðabirgðaskúrum. Að mati forsvarsmanna sem við hittum á svæðinu þurfti um 15-20 milljónir til að bæta um betur.

Það koma að mér skilst nálægt 200.000 manns í Dimmuborgir árlega og enn fleiri að Geysi. Með því að rukka óverulega upphæð af hverjum og einum fást tugir milljóna í tekjur sem stæðu undir alvöru þjónustustarfsemi og frekari uppbyggingu á þessum stöðum. Fjármagn til að standa undir starfsemi allt árið sem efla mundi enn frekar ferðaþjónustu á viðkomandi svæðum. Þetta á við víðar á landinu. Eða hverjum dytti hug að rukka ekkert fyrir Bláa Lónið, þá náttúruperlu sem reyndar varð til við virkjanaframkvæmdir.

*Höfundur er alþingismaður.*



160 GB UPPTÖKU DISKUR

42PT85
42" Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarps-móttakarar
100Hz

**209.900**



42LC51
42" LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

**164.900**



42PC51
42"Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz

**153.900**



50PC51
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms
100Hz

**263.900**

# Ljómandi góð sjónvörp



**219.900**

37LF75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari



160 GB UPPTÖKU DISKUR

**209.900**

37LT75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
2 stafrænn móttakari



**153.900**

37LC55
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari



**109.900**

32LC56
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



**99.900**

26LC56
26" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms
Stafrænn móttakari



**76.900**

22LS4R
22" LCD sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms



**59.900**

19LS4R
19" LCD sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lífið er gott LG

# Þrjú þúsund milljarða stríðið

**UMRÆÐAN**
Íraksstríðið


JOSEPH E. STIGLITZ

Hinn 20. mars voru fimm ár liðin frá innrásinni í Írak undir forystu Bandaríkjanna. Það er því ekki úr vegi að gera stöðumat. Í bók okkar Lindu Bilmes, The *Three Trillion Dollar War* (Þriggja billjóna stríðið), setjum við fram það varlega mat að stríðið hafi kostað Bandaríkin þrjár billjónir dollara (225 billjónir króna) og kosti heimsbyggðina aðrar þrjár billjónir dollara [billjón = þúsund milljarðar]. Þetta er mun meiri kostnaður en Bush-stjórnin gerði ráð fyrir í upphafi stríðsins. Talsmenn Bush-stjórnarinnar blekktu ekki aðeins heimsbyggðina um mögulegan kostnað stríðsins, heldur reyndu einnig að gera lítið úr honum eftir því sem leið á það.

Þetta kemur ekki á óvart. Bush-stjórnin sagði jú ósatt um flest annað, allt frá gjöreyðingarvopnum Saddams Hussein til meintra tengsla hans við al-Kaída. Það var ekki fyrr en *eftir* innrásina í Írak sem landið varð að gróðrarstíu fyrir hryðjuverkamenn.

### Hallar á þjóðarbúið

Bush-stjórnin sagði að stríðið myndi kosta 50 milljarða dollara (3,7 billjónir króna). Bandaríkin eyða nú þeirri upphæð á þremur mánuðum í Írak. Til að setja töluna í samhengi má nefna að fyrir einn sjötta af stríðskostnaðinum, gætu Bandaríkin staðið straum af félagslega kerfi sínu í rúmlega hálfa öldu, án þess að lækka bætur eða hækka skatta.

Það sem meira er lækkaði Bush-stjórnin skatta á þá ríku í þann mund sem hún fór í stríð, þrátt fyrir fjárlagahalla. Stríðið gerir fjárlagahallann því enn brattari og er að miklu leyti borgað með erlendu fé. Þetta er fyrsta stríðið í sögu Bandaríkjanna sem hefur ekki krafist *einhverra* fórna af hálfu borgaranna í gegnum skattlagningu, heldur er kostnaðinum velt yfir á komandi kynslóðir. Ef þetta breytist ekki munu skuldir þjóðarbúsins – sem námu 5,7 billjónum dollara þegar Bush varð forseti – aukast um tvær billjónir dollara vegna stríðsins (í viðbót við 800 milljarða skuldahækkun í stjórnartíð Bush fyrir innrásina).

### Leynd og þöggun

Var þetta vanhæfni eða óheiðarleiki? Nær örugglega hvorutveggja. Í bókhaldi Bush-stjórnarinnar var einblínt á kostnað til skamms tíma en ekki til lengri tíma, til dæmis vegna örorkubóta og heilbrigðisþjónustu fyrir hermenn. Það var ekki fyrr en nokkrum árum liðnum frá innrásinni sem stjórnin pantaði sérbrynvarin farartæki, sem hefðu getað bjargað lífi margra sem féllu fyrir sprengjum í vegköntum. Þar sem stjórnin hefur ekki viljað grípa til herkvaðningar og fáir vilja skrá sig í herinn hafa hermenn verið sendir á vettvang tvisvar, þrisvar eða jafnvel fjórum sinnum.

Stjórnin hefur reynt að leyna stríðskostnaðinum fyrir bandarískum almenningi. Hermenn hafa þurft að fara fram á upplýsingar um fjölda særðra hermanna í krafti upplýsingalaga – fimmtán sinnum fleiri hafa særst en fallið. Nú þegar hafa 52 þúsund hermenn sem komnir eru heim greinst með áfallaröskun. Talið er að greiða verði örorkubætur til 40 prósenta af þeim 1,65 milljónum hermanna sem hafa verið sendar til Íraks. Og að sjálfsögðu heldur blóðið áfram að renna meðan stríðið heldur áfram. Kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu og örorkubóta á eftir að rjúka upp á rúma 600 milljarða dollara (á núvirði).

### Rándýrir verktakar

Hugmyndafræði og gróðavon hefur líka átt sinn þátt í að keyra stríðskostnaðinn fram úr öllu valdi. Bandaríkin hafa treyst á verktaka úr einkageiranum, sem eru ekki ódýrir. Öryggisvörður frá Blackwater getur kostað meira en þúsund dollara á dag, fyrir utan örorku- og líftryggingu, sem bandarísk stjórnvöld borga. Þegar atvinnuleysi í Írak var nærri 60 prósent hefði verið rökrétt að ráða Íraka í vinnu. En verktakar kjósa heldur að flytja inn ódýrt vinnuafl frá Nepal, Filippseyjum og fleiri löndum.

*Talsmenn Bush-stjórnarinnar blekktu ekki aðeins heimsbyggðina um mögulegan kostnað stríðsins, heldur reyndu einnig að gera lítið úr honum eftir því sem leið á það.*



Í þessu stríði eru aðeins tveir sigurvegarar: olíufyrirtæki og verktakar úr öryggisgeiranum. Hlutabréf í Halliburton, gamla fyrirtækinu hans Dick Cheney varaforseta, hafa snarhækkað í verði. En jafnvel þótt Bandaríkjastjórn treysti í auknum mæli á verktaka fór yfirsýn hennar á ástandið samt sem áður minnkandi.

Stærsta kostnaðinn af þessum hamförum hafa Írakar þurft að bera. Helmingurinn af íröskum læknum hefur fallið í valinn eða flúið úr landi, atvinnuleysi er nú 25 prósent, og fimm árum eftir að stríðið hófst nýtur Bagdad rafmagns í aðeins átta stundir á dag. Af 28 milljónum Íraka eru fjórar milljónir á hrakhólum og tvær milljónir hafa flúið land.

### Stríðið er aldrei ókeypis

Ógnaröldin hefur gert flesta Vesturlandabúa ónæma fyrir því sem er að gerast: bílsprengja sem verður 25 að bana þykir varla fréttnæm lengur. En tölfræðirannsóknir á dánartíðni fyrir og eftir innrásina leiða í ljós grimman veruleika. Þær benda til að á fyrstu 40 mánuðum stríðsins hafi 450-600 þúsund fleiri en venjulega látið lífið.

Það virðist ef til vill hryssingslegt að ræða efnahagslegan kostnað stríðsins þegar svo margir þjást í Írak. Og það virðist ef til vill vera sérlega sjálfhverft að leggja áherslu á hvað stríðið kostar Bandaríkin, sem réðust til atlögu í trássi við alþjóðalög. En efnahagslegur kostnaður er gríðarlegur og nær langt út fyrir fjárlagarammann. Í næsta mánuði útskýri ég hvernig stríðið hefur stuðlað að þeim öldudal sem bandarískt efnahagslíf er í um þessar mundir.

Bandaríkjamenn hafa oft á orði að hádegisverðurinn sé aldrei ókeypis. En stríð eru heldur aldrei ókeypis. Bandaríkin – og heimsbyggðin – mun gjalda þess um ókomna áratugi.

*Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla. ©Project Syndicate*


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**LAND ROVER FREELANDER diesel**
Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 12.000.
**Verð: 5.500.000**



**BMW M5**
Nýskr: 08/2005, 5000cc, 507 hestöfl, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 4.500.
**Verð: 10.350.000**



**L.R RANGE ROVER SPORT Supercharged**
Nýskr: 06/2006, 4200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 21.000.
**Verð: 10.100.000**



**BMW 320I Coupe**
Nýskr: 09/2007, 2000cc, 2 dyra, beinskiptur, svartur, ekinn 1.200.
**Verð: 4.900.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bíla land B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

**NÝJAR RAFLAGNIR**
Raflagnir, rofa og tengla getur verið nauðsynlegt að endurnýja ef það hefur ekki verið gert lengi.
HEIMILI 3



**SÓLARHRINGSGANGA**
Göngufélagið Glerárdalshringurinn 24x24 á Akureyri var stofnað af nokkrum göngugörpum sem ákváðu að ganga á 24 fjallstoppa Glerárdalshringsins á 24 tímum.
FERÐIR 4



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ




# Orkugangan 2008

## 29.mars

**60 km. skíðaganga á Kröflusvæðinu í Mývantssveit kl. 10:00. Leiðin er troðin og drykkjarstöðvar með reglulegu milliibli.**

**Þáttökugjald er 4.000 kr. og er innifalið í því aðgangur að Jarðböðum eftir gönguna og lokahóf í Hótel Reynihlíð með verðlaunaafhendingu kl. 18:00.**

**Allar nánari upplýsingar og skránin er hjá Upplýsingamiðstöð staðarins í síma 464 4390 eða í netfang orkuganga@visitmyvatn.is**

**www.visitmyvatn.is**

Vilko

Landsvirkjun

PRICEWATERHOUSECOOPERS



Verðandi fornleifafræðingur sem hvetur sem flesta til að kynna sér námið.

# Við uppgröft erlendis

***Margrét Valmundsdóttir, fornleifafræðinemi við Háskóla Íslands, lagði upp í ævintýri með samnemanda sínum til Slóvakíu til að vinna við uppgröft.***

„Við vorum að vinna að uppgreftri á rómversku virki sem var í notkun á annarri til fjórðu öld eftir Krist, þannig að þetta var mjög áhugavert. Við vorum í þrjár vikur úti í Slóvakíu og svo kom annar hópur frá Íslandi seinna um sumarið,“ segir Margrét.

Fyrst grófu Margrét og félagar könnunarskurði en svo var grafið þar sem talið var að hefðu verið almenningsböð. „Nokkrir rómverskir peningar fundust á svæðinu en það er svolítið erfitt fyrir okkur að meta hvort þetta var merkilegur fundur eða ekki vegna þess að það finnast ekki margar rómverskar leifar hér á Íslandi. Það sem þeim þarna úti finnst merkilegt finnst okkur kannski ekkert merkilegt. Þetta var fín starfsreynsla og allt öðruvísi en það sem hægt er að upplifa hérna heima á Íslandi,“ útskýrir Margrét. Öll tæki og tól eru ólík þeim sem eru notuð hér á landi og vinnuaðferðir fólksins í Slóvakíu eru grófari og er notast við stórar skóflur og sköfur.

Ýmislegt skemmtilegt er fram undan hjá Margréti þó að uppgreftrinum í Slóvakíu sé lokið. „Í sumar verð ég í uppgreftri á Skriðuklaustri og svo er stefnan tekin á meistaranám erlendis, vonandi til Englands. Í maí ætla ég í útskriftarferð til Egyptalands þar sem er heill hafsjór af hlutum og stöðum sem hægt er skoða.“

Margrét segir að fleiri nemendur vanti í fornleifafræðina og hvetur alla til að skoða hvað námið hefur upp á að bjóða. *mikael@frettabladid.is*

**Breiðhöfða**

PLANIÐ bílasala 5170000

**517 0000**
**www.planid.is**



**VW Passat** TDI Dísel 170hö, 3/07, 18þ.km. topplúga, álfelgur, leður, auka dekk. Verð 3.650.000.-



**Lexus IS** 200 Limited, 11/04, 43.þ.km. Álfelgur, magasín. 2.590.000.-



**Ford F350 lariet,** 6,4, 27þ.km. 2008, krókur, magasín. Verð 4.750.000.-



**Subaru Legacy Sedan**, 6/06, 18þ.km. ssk, 19“ álfelgur, þjónustubók. Verð 2.290.000.- áhv. 1.800.000.-



**Nissan Navara** LE D/C, 4/04, 101þ.km. 35“ álfelgur, krókur, lok á palli. Verð 2.190.000.- áhv 1.550.000.-



**VW Polo Basicline,** 06/03 70þ.km. allt að 100% lán. Verð 850.000.-



**Ford F350,** 6,0 dísel, 2005, 56þ.km. ssk, 37“ breyting, er á 35“ dekkjum. Verð nú 3.790.000.-



**Strætisvagnar** eru ódýr ferðamáti nú þegar eldsneytiskaup eru á fárra færi. Sá kostur fylgir líka strætóferðum að ekki þarf að leita að bílastæði á áfangastað.



Mazda2 var valin bíll ársins.

# Bíll ársins 2008

***Mazda2 var valin bíll ársins í New York þar sem alþjóðlega bílasýningin fór fram í síðustu viku.***

Bíll ársins að þessu sinni er Mazda2, en valið fór fram í New York í síðustu viku á alþjóðlegu bílasýningunni. Það voru Ford og Mercedes Benz sem veittu Mazda2-bílnum verðuga samkeppni en Ford Focus lenti í öðru sæti og Mercedes Benz C í því þriðja. Mazda2-bíllinn hreppti einnig annað sætið í sérstakri hönnunarkeppni á vegum WCOTY.

Það er matsnefnd World Car of the Year (WCOTY) sem árlega kýs besta bílinn á markaðnum, en hana skipa 47 bílablaðamenn frá flestum heimshornum. Nútímaleg hönnun Mazda2 og sparneytnivél réði úrslitum um valið.

Mazda2 hafði verið valin besti bíllinn í mörgum löndum, til að mynda Belgíu, Japan, Grikklandi, Austurríki og Danmörku. Það er mikill heiður fyrir bílaframleiðendur að fá þessi eftirsóttu verðlaun og má segja að Mazda2 sé verðugur bíll og eigi verðlaunin sem besti bíll ársins 2008 sannarlega skilið. *- mmr*

## Sá öruggasti frá Volvo

BRIMBORG MUN Á ÁRINU KYNNA NÝJAN SPORTJEPPA FRÁ VOLVO SEM ER EKKI BARA SÁ ÖRUGGASTI FRÁ FYRIRTÆKINU HELDUR SÁ GLÆSILEGASTI.

Nýi XC60 sportjeppinn er blanda tveggja megineinkenna, annars vegar jeppans með stærri dekkjum, sterkari grind og hærri lægsta punkti og hins vegar akstureiginleika fólksbílsins.

Margar nýjungar er að finna í sportjeppanum og ein af þeim er sjálfvirk bremsa sem hefur það hlutverk að koma í veg fyrir aftanákeyrslur í hægfara umferð. Það getur komið sér vel þegar umferðarþunginn er mikill á morgnana og á kvöldin.

Volvo XC60 tryggir farþegum sínum eitt besta öryggi sem völ er á. Það verður því spennandi að fylgjast með þegar XC60 kemur á göturnar hérlendis. *- mmr*




**Bremsuhlutir**
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF

Aukin ökuréttind - Meirapróf
Nýlegir kennslubílar









ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Næsta námskeið hefst
9.apríl
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

MIKIÐ ÚRVAL AF NOTUÐUM BÍLUM - TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPP Í NOTAÐA BÍLA - FJÖLDI BÍLA Á STAÐNUM - VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR...
NOTUÐU BÍLARNIR HJÁ BÍLABÚÐ BENNA
KOMA ÞÉR Á FLUG MEÐ ICELAND EXPRESS...
* INNIFALIÐ ER FLUG OG SKATTAR
NÚ ER RÉTTI TÍMINN
100%
Allt að 100% lán - Fastir vextir 9,7% í ísl krónum
TIL AÐ FÁ SÉR NOTAÐAN BÍL...
MEÐ SÉRVÖLDUM BÍLUM FYLGJA TVEIR FLUGMIÐAR* Á EINHVERN AÐ EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:
London · Kaupmannahöfn · Paris · Berlín · Friedrichshafen · Frankfurt Hahn · Billund
Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR | BÍLDSHÖFÐA 10 | SÍMI 587 1000 | www.benni.is | notadir@benni.is

**Blóm** eru falleg á stofuborðið eða í eldhúsgluggann og gefa heimilinu frískan blæ. Afskorin blóm í vasa henta þeim sem ekki hafa græna fingur.



# Raflagnir endurnýjaðar

***Að mörgu er að hyggja þegar búið er í gömlu húsi. Með tíð og tíma þarf að endurnýja hluti eins og pípulagnir og rafmagn. Svona hlutir vaxa manni oft í augum og auðveldara virðist að draga framkvæmdir af þessum toga en að drífa þær af.***

Að skipta um raflagnir í gömlum húsum þarf ekki að vera stórmál. Það fer aðallega eftir stærð hússins hversu stór framkvæmdin verður, en allt í allt ætti hún ekki að þurfa að taka meira en einn til tvo daga. Það sem þarf að gera er að endurnýja rafmagnslagnir og svo er rafmagn dregið í öll rör. Á sama tíma er yfirleitt skipt um alla rofa og tengla. Ekki þarf að brjóta upp veggi, nema fólk vilji bæta við rafmagnslögnum, þá er fræst inn í veggina og svo múrað. Ef fólk býr í fjölbýli þá er ekki nauðsynlegt að skipta um rafmagnslagnir í öllu húsinu, nóg er að taka hverja íbúð fyrir sig.

Jóhann Kröyer, rafvirki hjá Rafvirkjum Reykjavíkur, bendir á að ef rofar og tenglar eru brotnir eða orðnir lélegir þá sé kominn tími á endurnýjun. Gamlar og illa farnar rafmangstöflur geta verið hættulegar, ekki síst ef þær eru úr postulíni með postulínrörum á trébretti eða töflurnar séu inni í skáp þar sem mikil eldhætta getur myndast. „Aðalmálið í eldra húsnæði er að enginn lekaliði sé til staðar en það er aðalrafmagnsvörnin okkar í dag,“ segir Jóhann.

Í gömlum húsum getur verið eitthvað um ójarðbundna tengla en best er að hafa þá jarðbundna. Lekaliði kemur til dæmis ekki að tilætluðum notum nema raflögnin sé jarðtengd.

Margar eldri rafmagnsleiðslur eru einangraðar með tjöru, en slík einangrun á það til að morkna og detta utan af vírunum. Þegar einangrunin fer getur skapast ákveðin brunahætta og rafmagninu getur farið að slá út.

„Kostnaður aðgerðarinnar fer eftir stærð íbúðar og væntingum fólks,“ segir Jóhann. Vírinn sem dreginn er inn í veggina er ekki mjög dýr. Kostnaðurinn liggur aðallega í sjálfri vinnunni og í þeim rofum og tenglum sem fólk vill fá. Jóhann segir að hægt sé að fá rofa og tengla úr gleri eða eftir sérstakri hönnun og allt niður í hina hefðbundnu plastrofa og tengla. Þó er enginn endingarmunur á því dýrasta og því ódýrasta, það er aðeins spurning um útlitið.

*klara@frettabladid.is*



Jóhann vinnur hjá Rafvirkjum Reykjavíkur



Ineke Hans hannaði húsgagnalínuna fyrir ítalska fyrirtækið Cappellini.

## Frauðplasthúsgögn

PLASTHÚSGÖGN UNNIN ÚR FRAUÐPLASTKÚLUM OG PÓLÝESTERGRISJU.

Hollenski vöruhönnuðurinn Ineke Hans hannaði húsgagnalínuna „Fracture furniture“ fyrir ítalska fyrirtækið Cappellini. Húsgögnin eru úr frauðplastkúlum sem vafið er utan um með pólýestergrisju. Pólýesterefnið er ný tækni og minnir á gifsgrisjur sem vafið er um frauðkúlurnar eins og brotinn handlegg. Þegar það harðnar verður það mjög sterkt á nokkrum mínútum. Grisjan gefur hlutunum textílkennda áferð svo þau fara vel inni í stofunni og auðvelt er að þrífa þau þar sem þau eru vatnsheld og gætu einnig staðið sem útihúsgögn. Í garði er þó eins gott að sitja sem fastast á þeim því þau eru mjög létt. Húsgögnin fást í ýmsum litum frá Cappellini.

*- rat*





Lágur skemill og kollur úr frauðplastlínunni Fracture furniture.


# Álklæðning og álundirkefi

## Fegurð, mýkt, ending
## Fæst í fjölda lita



BAZOOKA/2008

**Ál er okkar mál**

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



Landakort er gott að hafa með í ferðalagið til að finna réttu leiðina. Ef kortið gleymist má spyrja til vegar eða breyta ferðinni í óvissuferð.

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890




Heimsferðir bjóða beint vikulegt flug til Montreal í Kanada í allt sumar. Þetta er frábært tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Ekki missa af!
- Ólympíugarðinum
- Mount Royal Park
- LaRonde - skemmtigarðinum
- Grasagarðinum
- Insectarium - skordýrasafninu
- Casino Montreal
- Biodome safninu

Verð kr. 37.317
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Fargjald B.

Verð kr. 58.515
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, á Hotel Les Suites Labelle m/morgunverði í 7 nætur (brottför 22. ágúst).

Spennandi heimsborg!
- Fjölbreytt menning
- Himnaríki sælkerans
- Fjörugt næturlíf
- Frábært að versla
- Gott veðurfar

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Gengið frá Laufási í Eyjafirði að Ystuvíkurfjalli. Gangan tók um átta klukkustundir. MYND/FRIÐFINNUR GÍSLI SKÚLASON

# Fjallagarpar norðursins

***Ragnar Sverrisson, kaupmaður á Akureyri, er einn af frumkvöðlum göngufélagsins Glerárdalshringurinn 24x24 sem starfrækt er á Akureyri.***

Fyrir um fjórum árum voru Ragnar og félagar hans að ganga á fjöll á Eyjafjarðarsvæðinu og fannst þeim mikið til þess svæðis koma. Sama ár gekk Ragnar Hvannadalshnúk og hitti göngugarp mikinn sem hafði gengið Glerárdalshringinn. Hann er um 50 km og á þessum fjallahring eru 24 fjallstoppar.

Þetta þótti Ragnari og félögum mjög spennandi hugmynd og upp frá þessu var félagið Glerárdalshringurinn 24x24 stofnað og stefnt að því að ganga hringinn á einum sólarhring. Þetta vakti mikla lukku þrátt fyrir að mörgum hafi fundist þetta uppátæki fulldjarft hjá hópnum.

Hópurinn hefur nú farið einn Glerárdalshring á ári. Yfir vetrartímann eru einnig farnar ferðir annan hvern sunnudag á hina ýmsu staði. Í fyrra voru farnar um þrjátíu minni ferðir fyrir utan sjálfan hringinn. Félagið stendur árlega fyrir sólstöðugöngu 21. júní og er sú ganga í lengri kantinum. Í ár verður farið frá Grenivík og siglt út á Gjögur, sem er nyrsti tangi landsins við Eyjafjörðinn. Þaðan verður gengið á alla fjallstindi frá Gjögri, að Kaldbaki og endað niðri á Grenivík. Þetta er um 30 km leið og hefur ekki verið gengin áður. „Minni ferðir hjá okkur eru um 10-15 klukkustundir," segir Ragnar. Þær göngur sem farnar eru eru krefjandi og þótt allir séu velkomnir í félagið þarf fólk að hafa gott úthald.

Hópurinn er mjög vel búinn, sérstaklega þegar farnar eru ferðir að vetri til, og lætur ekki veðrið stöðva sig. Innsti kjarni félagsins er um 12-14 manns en svo mætir fólk hvaðanæva að til að taka þátt í hinum ýmsu göngum og stækkar hópurinn þá oft mikið.

Í fyrra tóku um 75 manns þátt í Glerárhringnum. Í ár verður farið 12. júlí og er spennan svo mikil að á heimasíðu félagsins, www.glerardalur.is, er niðurtalning fyrir gönguna í dögum, klukkustundum og mínútum. Heimasíðan er mjög virk og er þar að finna myndir frá hinum ýmsu göngum félagsins.

Ekkert félagsgjald er tekið né kostar í ferðirnar, nema í Glerárdalshringinn sjálfan. Fólk kemur með sinn eigin útbúnað og keyrir sjálft í ferðirnar.

*klara@frettabladid.is*



Torg Barcelónu eru sum hver mikilfengleg.

# List, menning og litríkt mannlíf

***Þar sem nú fer að vora við Miðjarðarhafið er ekki úr vegi að benda á að Úrval Útsýn er með ferðir til Barcelona tvisvar í viku til 16. maí.***

Barcelona er af mörgum talin til fegurstu borga Evrópu. Hún iðar líka af lífi og þar er margt að sjá sem tengist sögu og listum Spánverja. Til dæmis eru söfn helguð hinum heimsþekktu listmálurum Picasso og Miró skemmtileg og skoðunarverð. Hinar sérstæðu byggingar arkitektsins Gaudí setja svip sinn á borgina og ber þar hæst dómkirkjuna frægu La Sagrada Familia.

Ramblan, göngugatan sem liggur frá höfninni inn í hjarta Barcelónu, er þekkt fyrir litríkt mannlíf og margir leggja líka leið sína upp á Montjuic-hæðina til að njóta útsýnis yfir borgina.

Flugið á vegum Úrvals Útsýnar er á föstudögum og mánudögum og fararstjórar bjóða upp á skoðunarferðir þegar komið er á staðinn.

*- gun*

# Byggt, bætt og breytt

***Til að efla ferðaþjónustu er í ráði að byggja gestastofu á Skriðuklaustri og hefja breytingar á Skaftafellsstofu.***

Bygging gestastofu á Skriðuklaustri stendur fyrir dyrum með haustinu, á vegum hins nýja Vatnajökulsþjóðgarðs. Samkeppni er í gangi meðal arkitekta og þegar vinningstillaga hefur verið valin verður hafist handa við hönnun og síðan framkvæmdir.

Breytingar á Skaftafellsstofu eru að hefjast. Þar verður veitingasala endurvakin og verður hún höfð í austurenda hússins en sýningasalur í vesturendanum. Verslunin verður byggð upp á munum sem tengjast þjóðgarðinum en minna verður um matvörur en áður þar sem matvöruverslun er í Freysnesi. Þetta kemur fram í viðtali við nýráðinn framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs, Þórð H. Ólafsson á www.hornafjordur.is.

*- gun*



Hér er Þorlákur Magnússon í Svínafelli að vinna við bílastæðin í Skaftafelli.

## Ýmislegt

Til sölu, Terex Comedil 24 m. Byggingakrani. Uppl. í s. 898 4870.

# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.**
**Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur




Villtu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Líkamsrækt

Óska eftir 4 handlóðapörum. 10-15-20-25 kg. Vantar líka lyftingabekk fyrir handl. Uppl. h. Gunnari í s. 8615777

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




NÁMSKEIÐ/NÁMSKEIÐ ICELANDIC FOR FOREIGNERS ALL YEAR Level I: 4 weeks Md-Frd;18-19:30. Start 31/3, 28/5 Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30. Start 14/4, 2/6 Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30. Start 31/3, 2/6. Ármúli 5. s.5881169, www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Pommarakki til sölu!s.8927966

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/linafina

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Tökumúll kr. 1.889 kr. Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu, í miðbæ reykjavíkur. S. 861 2319.

2 herb. í 4 herb. íbúð til leigu. postnr. 105. Verð 120 þús. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 17.

3.herb. í nýlegu fjölbýli í 107 með sérgarði. 150 þús. með hita og hússjóð. s:856-6004 e. kl.18

2 herb. íbúð í miðborginni til leigu. Reglusamur og áreiðanlegur einstæklingur kemur aðeins til greina. S. 551 4875.

Góð 2ja herb. íbúð til leigu í 111. Leiga 110 þ. á mán. með hússjóð. Fyrsti og síðasti mán. + trygg. Laus strax. S. 842 2600.

Erum með tvær 4ja herb. íbúðir í Hfj. til leigu. Lausar 1. apríl. Önnu er að Engjavöllum, 130 þús á mán. Hin á Stekkjabergi á 120 þús. Uppl. hjá Eiríki, fasteignasölunni Ás. S. 520 2600 eða á eirikur@as.is

3ja herb kj.íbúð í R-109. V. 97.000 kr. rvk109@yahoo.com, hs.0045-38800045, gsm.6951790

Til leigu 2ja herbergja snyrtileg og björt íbúð við Reynimel (107). Leiga 120 þús á mán. Bankaábyrgð sem svarar 3ja mánaða leigu. Aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188

Íbúð til leigu. Flott 3 herbergja, 100 fm í Kópavogi. Laus 1. apríl. Leiga 150 þ. allt innifalið. Uppl. S. 669 5550.

## Húsnæði óskast

Bræður utan af landi óska eftir 3ja herb. íbúð í langtímaleigu. Greiðslugeta 100-130 þ. á mán. Helst á sv. 105 & 108. Uppl. í s. 691 6673.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Atvinnuhúsnæði

**Híbýli og skip ehf.,*Fasteigna, skipa og kvótamiðlun,Símar: 5517282/ 8933985/hibyliogskip.***
Önnumst sölu og leigu á öllum gerðum atvinnuhúsnæðis. Vantar atvinnuhúsnæði á skrá til leigu eða sölu.

Flott iðnaðarhúsnæði í Sandgerði 225fm möguleiki á 125fm stækkun. Mjög snyrtilegt, góð lofthæð, 2 góðar og háar innkeyrslhurða. Möguleiki að skifta í 2 til 3 bil. Sími 6952015

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Óska eftir geymsluhúsnæði/bílskúr til leigu á höfðuborgarsvæðinu undir sýningarbíl, upphitað og gott aðgengi. S. 868 1121.

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bettís Kópavogi & Garðabæ**
**Starfsfólk óskast á dagvaktir. Einnig óskast starfsfólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 899 8212.**

**Starfsfólk óskast**
Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

**POTRZFBNI PRACOWNICY**
**KIEROWCY KAT. C+E.**
**OPERATORZY KOPAREK**
**PRACOWNICY FIZYCZWI**
**PRACODAWCA ZAPEWNIA**
**PTUGOLETNI KONTRAKT**
**WYGOKIE ZAROBKI**
**TEL 891 8338**

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Barðinn - Skútuvogi 2 - Sími 568 3080.

Óskum eftir að ráða duglegan og reglusaman starfskraft í skemmtileg útistörf. Upplýsingar í síma 898 9993, bjarni@laptop.is, www.verktakar.com

**Rizzo Pizzeria.**
Hresst og skemmtilegt fólk óskast í vinnu. Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Bakarar, afgreiðsla og sal. Hress og skemmtilegur vinnustaður. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Uppl. fást á Rizzo Grensásvegi og Bæjarlind. Íslenskukunnátta æskileg.

óskum eftir að ráða sjálfstætt starfandi sölumanneskju, miklir tekjumöguleikar, sveigjanlegur vinnutími og fl fleira jákvætt. uppl S: 8989993, bjarni@laptop.is www.verktakar.com

Heimakynningar! Erum að markaðsetja nýja mjög eftirsótta þjónustu á Íslandi. Mjög góð þóknun. Uppl. 6607707

Vegmerking ehf Vegmerking ehf óskar eftir verkamönnum í sumar.Mikil vinna. Meiraprófsréttindi æskileg. Upplýsingar í síma 566 7259 og 693 0960

Óskum eftir traustum einstaklingi á aldrinum 25-40 ára í sölumensku, útkeyrslu og fleira, á milli 08-17. Uppl. í s. 565 7744 milli 16 & 17. Ökuréttindi og íslenskukunnátta skilyrði.

**Söluturn**
Söluturnarnir Vikivaki Laugavegi og Barónsstíg óska e. að ráða einstakling í fasta vinnu 3 eftirmiðdaga í viku og annan hvern laugardag. Uppl. veitir Högni í S. 896 1933.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast til afgreiðslu og almennra verslunarstarfa í verslun okkar á Laugavegi. Uppl. veitir Sandra í s. 660 8211 eða í tiger.sandra@simnet.is

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Barnahækjur fundust á bílastæðinu hjá fjölskyldu og húsdýragarðinum 24/03. S. 860 2578.

## Einkamál

Áhuga fyrir að bjóða konu út að borða og keyrslu, lúxus bílstjóri, 70 ára. Merkt nægur tími.

# ÞJÓNUSTA

**Kvikmyndataka & Klipping**
Tek að mér kvikmyndatöku og klippingu á nýju og gömlu efni.
www.gheimsberg.com
S. 662-3623 Guðmundur

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**SKRIFSTOFUHERBERGI -KÓPAVOGUR**

Óska eftir að taka á leigu skrifstofuherbergi 25-35 fermetra í miðbæ Kópavogs,
Auðbrekka eða Nýbýlavegur koma einnig til greina.

Upplýsingar í síma 892-0906

ADHD samtökin

## Aðalfundur ADHD samtakanna

verður haldinn fimmtudaginn
27. mars kl. 20 að Háaleitisbraut 13,
fræðslusal á 4. hæð.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

*Stjórnin*

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

### Rangársel 15

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi vegna lóðarinnar að Rangárseli 15.
Tillagan gerir ráð fyrir að byggð verði 200 m² viðbygging við leikskólann Seljakot, lóð leikskóla verði stækkuð um 845 m² og minnkar lóð Ölduselsskóla sem nemur um ca. 235 m² vegna stækkunar leikskólalóðar í norður. Bílastæðum fjölgar úr 15 í 28 og nýtingarhlutfall á lóð verður 0,16.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Sóltún 2-4

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits við Sóltún, vegna húsa við Sóltún 2-4.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að á lóðinni að Sóltúni 4 megi byggja sex hæða hús, í stað fjögurra hæða, fyrir hjúkrunartengda þjónustu auk einnar hæðar tengibyggingar við núverandi hjúkrunarheimili. Lóðirnar Sóltún 2 og Sóltún 4 verða ein lóð og verður sameignleg bílastæðaþörf alls 174 bílastæði. Gert verður ráð fyrir bílakjallara undir núverandi stæðum við Sóltún 2 sem myndi rúma 78 bílastæði. Sameiginleg lóð stækkar um 310 m² vegna stækkunar byggingarreits.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 26. mars 2007 til og með 7. maí 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 7. maí 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 26. mars 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Samtök psoriasis og exemsjúklinga

## 36. aðalfundur SPOEX 2008

36. aðalfundur Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga verður haldinn miðvikudaginn 2. april nk. að Grand Hótel, Reykjavík v/Sigtún og hefst fundurinn kl. 20.00.

**Dagskrá**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál
Kaffiveitingar

Mætið öll og fræðist um málefni samtakanna.

**Stjórnin**

## ATVINNAÍ BOÐI

Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík.

**STARFSKRAFTUR Í LAUGASKJÓL**
Hjúkrunarheimilið Skjól leitar að góðum starfskrafti til þess að sjá um býtibúr og ræstingu í Laugaskjóli sem er sambýli fyrir aldraða minnissjúka.

Vinnutími er frá 8:00 - 16:00 virka daga.

**Nánari upplýsingar veitir**
Aðalheiður hjúkrunarforstjóri alla@skjol.is

Einnig í síma: 522-5600 milli kl: 8-16 virka daga.

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

**SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR**

## Skólastjóri

**Staða grunnskólastjóra við Hraunvallaskóla er laus til umsóknar.**

Í Hraunvallaskóla er sérstök áhersla lögð á samvinnu leik- og grunnskóla en þar eru nemendur á báðum skólastigum og tveir skólastjórar. Elstu nemendur næsta vetur verða í 9. bekk.
Í skólanum er kennt samkvæmt skólastefnu hins opna skóla og þar er einnig unnið samkvæmt einstaklingsmiðuðum kennsluháttum.
Þá er mikil áhersla lögð á samvinnu og teymisvinnu, skapandi hugsun og starfsgleði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskilegt.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hafi áhuga á og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.
Allar upplýsingar um stöðuna veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5800, magnusb@hafnarfjordur.is
Umsóknum ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður en ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2008 en æskilegt að umsækjandi geti komið fyrr að undirbúningvinnu.
Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2008.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS





# Við stöndum upp úr

Fréttablaðið er með 47% meiri lestur en Morgunblaðið miðað við 18–49 ára.




Fasteignir í boði... ...alla daga

skv. könnun Capacent 1. nóv. 2007–31. jan. 2008

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.845 **+6,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 806
**Velta:** 12.545 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| KAUPÞING | +9,41% | EIK BANKI | -3,47% |
| MAREL | +8,38% | FLAGA | -2,2% |
| FØROYA BANKI | +7,86% | TEYMI | -0,94% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,28 +1,68% ... Bakkavör 39,45 +2,07% ... Eimskipafélagið 25,30 -0,20% ... Exista 10,48 +4,70% ... FL Group 6,60 +2,33% ... Glitnir 17,00 +5,59% ... Icelandair 24,40 +2,52% ... Kaupþing 477,00 +9,41% ... Landsbankinn 28,90 +5,28% ... Marel 89,20 +8,38% ... SPRON 4,36 +0,23% ... Straumur-Burðarás 11,20 +4,19% ... Teymi 4,20 -0,94% ... Össur 88,10 +1,97%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Vaxtahækkun vekur mikla athygli

Fjallað er um óvænta stýrivaxtahækkun Seðlabankans í fjölmörgum erlendum fjölmiðlum.

Fréttaveitan Bloomberg segir að 1,25 prósenta vaxtahækkun Seðlabankans bendi til þess að haldinn hafi verið neyðarfundur í bankanum, þar sem menn hafi fjallað um hvernig forða mætti frekara falli krónunnar. Þar er haft eftir hagfræðingi hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn að alþjóðlega fjármálakreppan geri Íslandi erfitt fyrir vegna mikils viðskiptahalla.

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans er jafnframt önnur aðalfréttin á forsíðu vefjar Financial Times. Þar er meðal annars bent á að vextir hér séu með því hæsta sem gerist í heiminum. Þetta auki kostnað íslenskra banka og íslenskra fjárfesta, eins og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, aðaleiganda Baugs. Blaðið hefur eftir greinanda hjá HSBC bankanum að reyni að koma í veg fyrir frekari veikingu krónunnar með vaxtahækkun. En sagan sýni að það virki ekki alltaf.



**ER ÞETTA RÉTTI TÍMINN?** Eiríkur Guðnason, Seðlabankastjóri og Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur, stinga saman nefjum við ákvörðun stýrivaxta fyrir skömmu. Davíð Oddsson, Seðlabankastjóri fylgist með tímanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Danska blaðið Börsen bendir á að gengi krónunnar hafi hækkað, og ekki hækkað meira innan eins dags síðan árið 1992. Í Berlingske Tidende segir að vaxtahækkunin hafi stöðvað fall krónunnar um stund.

Bandaríska blaðið Wall Street Journal segir íslensku krónuna viðkvæma fyrir sveiflum. Gengi hennar hafi lækkað vegna áhættufælni fjárfesta og áhyggna sem leitt hafi til þess að mikið hafi verið verslað með aðra miðla. Til dæmis hafi margið sankað að sér svissneskum frönkum.

Fjallað var um hækkun stýrivaxtanna í fleiri miðlum ytra, þar á meðal í fréttum sjónvarpsstöðvarinnar CNBC. - ikh

# Methækkun í Kauphöllinni

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur aldrei áður hækkað jafnmikið á einum degi og gerðist í gær. Hækkun gærdagsins nam 6,16 prósentum.

Viðsnúningur var á erlendum mörkuðum um páskahelgina og hélt áfram í gær með hækkunum um og yfir þremur prósentum í Evrópu.

Næstmesta hækkun í kauphallarsögu Íslands var fyrir rúmum sjö árum, en þá hækkaði vísitalan um rétt rúmlega 6,1 prósent. Fjórir af 20 mestu hækkunardögum Kauphallarinnar eru síðan um áramót og tveir frá síðasta ári. - óká

### 20 MESTU HÆKKUNARDAGARNIR Í KAUPHÖLL

| Dagsetning | Vísitöluhækkun |
|---|---|
| **01. 25. mars 2008** | **6,2%** |
| 02. 04. október 2001 | 6,1% |
| 03. 10. mars 1993 | 5,0% |
| **04. 25. janúar 2008** | **4,8%** |
| 05. 28. apríl 1994 | 4,7% |
| 06. 11. janúar 1999 | 4,5% |
| 07. 28. apríl 1997 | 4,0% |
| *08. 19. september 2007* | *3,9%* |
| 09. 16. nóvember 2005 | 3,8% |
| 10. 2. apríl 1993 | 3,7% |
| 11. 14. júní 2004 | 3,6% |
| 12. 21. júní 1993 | 3,5% |
| 13. 5. janúar 2006 | 3,4% |
| **14. 12. febrúar 2008** | **3,2%** |
| 15. 26. apríl 2003 | 3,2% |
| *16. 20. ágúst 2007* | *3,1%* |
| 17. 20. desember 1999 | 3,1% |
| 18. 22. apríl 1997 | 3,1% |
| 19. 23. febrúar 2006 | 3,0% |
| **20. 24. janúar 2008** | **3,0%** |



**HORFT Í AURINN** Bandarískir neytendur hafa ekki verið svartsýnni um horfur í efnahagsmálum í fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Svartsýni í Bandaríkjunum

Væntingar bandarískra neytenda um stöðu og horfur efnahagsmála hafa ekki verið dræmari í fimm ár, samkvæmt nýrri könnun.

Væntingarvísitalan mælist 64,5 stig en var 76,4 stig í síðasta mánuði. Þetta er talsvert undir spám. Svipuð tala hefur ekki sést síðan í marsmánuði árið 2003, nokkrum dögum fyrir innrás bandaríska hersins inn í Írak, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Inn í svartsýni neytenda spila miklar verðhækkanir á mat og raforku, lækkun á fasteignaverði og blikur á lofti til hins verra í atvinnumálum. Fjármálasérfræðingar telja ekki líkur á að ástandið batni fyrr en um mitt ár þegar aðgerðir bandaríska seðlabankans og stjórnvalda skila sér í vasa landsmanna. - jab




## kartöflukanilkaka

4 egg
100g sykur
100g púðursykur
1 tsk vanilla
300g rifnar hráar kartöflur (rauðar ísl.)
240g hveiti
2 tsk matarsódi
½ tsk salt
1 msk kanill
2 ½ dl matarolía

**Krem:**
400g rjómaostur
1/2 dós sýrður rjómi
80g flórsykur
1 tsk vanillusykur

**Hindberjasósa með jarðarberjum:**
100g hindber
100g jarðarber
30g sykur

Þeytið saman egg, sykur, púðursykur og vanilludropa í hrærivél þar til blandan verður létt og ljós. Rífið kartöflurnar og blandið saman við, sigtið saman hveiti, matarsóda, salt og kanil og látið út í ásamt matarolíu. Bakað í 2 smurðum formum við 175 gráður í ½ klst. (eða nokkrum litlum formum eins og á myndinni).

**Krem:** Hrærið rjómaostinn í hrærivél þar til hann er mjúkur og sléttur. Hrærið sýrðan rjóma út í ásamt flórsykri og vanillusykri. Hrærið þar til kremið verður létt. Setjið á milli botnanna og ofan á kökuna, eða smyrjið ofan á litlu formin.

**Sósa:** Hindber, jarðarber og sykur sett í pott og soðið í um 10 mínútur. Sósan borin fram annað hvort heit eða köld með kökunni.

**Fróðleikur:** Þessi kaka er mjög mjúk og er góð í viku frá því hún er gerð. Gott er að hafa ýmist hindber, jarðarber, bláber, rifsber, kókosflögur eða ristaðar hnetuflögur ofan á henni.

íslenskar kartöflur

ÓT - 10323

**DIANA ROSS SÖNGKONA ER 64 ÁRA.**



*„Ég veit vel að aðdáendur mínir vilja vita hjá hverjum ég sef og þar fram eftir götunum. Þeim kemur það bara alls ekkert við.“*

***Diana Ross sló í gegn á sjötta áratug síðustu aldar með stúlknasveitinni The Supremes.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 26.MARS 1947

## Knattspyrnusambandið stofnað



Knattspyrnusamband Íslands eða KSÍ er félagasamband íþróttafélaga sem keppa í knattspyrnu á Íslandi.

Félagið hefur yfirumsjón með skipulagi knattspyrnu á Íslandi.

Félagið var stofnað 26. mars árið 1947 og voru aðildarfélögin fjórtán í upphafi. Þau eru Fram, KR, Víkingur og Valur úr Reykjavík, Haukar og FH úr Hafnarfirði, Kári og KA frá Akranesi, Þór og KA frá Akureyri, Þór og Týr frá Vestmannaeyjum, og Íþróttabandalag Ísafjarðar og Íþróttabandalag Siglufjarðar. Í dag eru aðildarfélög um áttatíu talsins. Fyrsti formaður félagsins var Agnar Klemens Jónsson.

Í dag er formaður Geir Þorsteinsson og framkvæmdastjóri Þórir Hákonarson. Aðalleikvangur er Laugardalsvöllur í Reykjavík. Knattspyrnufélag Íslands hefur verið aðildarfélag að FÍFA síðan 1947 og aðildarfélag að UEFA síðan 1954. Félagið fagnaði sextíu ára afmæli í fyrra með glæsibrag og stóð fyrir yfir fimmtíu landsleikjum á afmælisárinu.

## MERKISATBURÐIR

**1876** Lúðurþeytarafélag Reykjavíkur var stofnað. Það er talin vera fyrsta hljómsveit á Íslandi.

**1920** Fyrsta björgunar- og varðskip Íslendinga kom til Vestmannaeyja. Skipið nefndist Þór.

**1961** Rússar endurheimta leifarnar af geimfarinu Spútnik 10 ásamt tíkinni Laiku sem var um borð.

**1971** Austur-Pakistan lýsti yfir sjálfstæði frá Pakistan og Bangladess er stofnað.

**1995** Schengen-sáttmálinn gengur í gildi.

**1996** David Packard verkfræðingur sem var annar stofnenda tölvufyrirtækisins Hewlett-Packard lést.

**2000** Vladimír Pútín er kjörinn forseti Rússlands.



†

*Elskuleg móðir okkar*

**Sigríður Sigurðardóttir,**

frá Merkigili í Skagafirði,
Heiðarbrún 69, Hveragerði,

lést föstudaginn 21 mars.

**Snorri Egilson** **Þórunn Ragnarsdóttir**
**Elín Egilson** **Guðmundur Torfason**
**Brynhildur Egilson.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Páll Sigfússon**

fyrrverandi kaupmaður,
Kleppsvegi 2, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut föstudaginn 14. mars, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 28. mars kl. 13.00.

**Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir**
**Bragi G. Kristjánsson** **Erna Eiríksdóttir**
**María Anna Kristjánsdóttir** **Jesús S. H. Potenciano**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Jóhannes Sævar Jóhannesson,**

frá Vestmannaeyjum, Suðurtúni 19, Álftanesi,

lést fimmtudaginn 20. mars sl. Útförin auglýst síðar.

**Ágústa G. M. Ágústsdóttir**
**Svava Jóhannesdóttir**
**Alda Jóhannesdóttir** **Halldór Klemenzson**
**Jóhanna María, Þórunn Ágústa, Ella og Anna Lillý,**
**Þórunn Edda Björnsdóttir og systkini hins látna.**



†

*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Oddsdóttir**

Kópavogsbraut 1a,

lést fimmtudaginn 20. mars á líknardeild Landakotsspítala. Útförin verður gerð frá Háteigskirkju, föstudaginn 28. mars kl. 11.00. Jarðsett verður að Keldum á Rangárvöllum.

**Ingibjörn Hallbertsson**
**Ragna Jónsdóttir**
**Ingunn Pétursdóttir** **Sim John W. Sim**
**Einar Pétursson** **Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Loftur Þór Pétursson** **Dröfn Eyjólfsdóttir**
**Linda Björg Pétursdóttir** **Jóhann Unnsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**MEÐ FRÁ UPPHAFI** Alfreð Hjaltalín og Arnþór Pálsson, framkvæmdastjórar Sóma, hafa fylgt fyrirtækinu frá unga aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMLOKUGERÐIN SÓMI: ÞRJÁTÍU ÁR FRÁ STOFNUN

# Meira en bara samlokur

Sómi samlokugerð fagnar nú þrjátíu ára afmæli sínu. Sómi hefur um áratuga skeið framleitt samlokur og langlokur sem vel flestir á Íslandi ættu að kannast við, ungir sem aldnir.

Sómi hefur á þessum þrjátíu árum stækkað hægt og rólega. Hjá fyrirtækinu hefur Alfreð Hjaltalín, annar framkvæmdastjóri Sóma, starfað frá unglingsaldri og hefur því fylgt fyrirtækinu frá stofnun. Í dag er hann annar eiganda.

„Systir mín Sigrún Hjaltalín og eiginmaðurinn hennar Bjarni Sveinsson stofnuðu fyrirtækið árið 1978. Síðan hefur fyrirtækið verið í stöðugri sókn. Árið 1993 kom ég inn í fyrirtækið sem hluthafi og árið 2003 keypti ég Sóma ásamt félaga mínum, Arnþóri Pálssyni. Við Arnþór byrjuðum báðir ungur að starfa hjá Sóma og því má segja að við séum uppaldir hjá fyrirtækinu,“ segir segir Alfreð.

Sómi framleiðir margar tegundir af samlokum og langlokum og er hvað þekktastur fyrir þær. Hinsvegar framleiðir auk þess um sextíu vörutegundir allt í allt og er alltaf að bæta við nýjum vörum.

„Sómi er ekki bara með samlokur og langlokur. Við erum einnig með í boði ýmsa pastabakka, lasanja og tortillur svo eitthvað sé nefnt. Það sést að við erum með mikið úrval og góða vöru. Svo höfum við verið að bjóða upp á samlokubakka og hafa þeir notið mikilla vinsælda og eru mikið pantaðir í veislur og á ráðstefnur sem og minni fundi,“ segir Alfreð.

Sómi er stærsta fyrirtækið á sínu sviði á Íslandi og og keypti fyrirtækið Júmbó fyrir tveimur árum en fyrirtækin eru rekin hvort í sínu lagi.

Sómi flutti nýlega í nýtt húsnæði og var þá húsakostur fyrirtækisins þrefaldaður sem var orðið nauðsynlegt.

„Hjá fyrirtækinu starfa nú um fimmtíu manns sem sinna hinum ýmsum störfum. Sómi stækkar hægt en við viljum frekar fara hægt og við leggjum mikinn metnað í að bjóða upp á ferska og góða vöru. Við göngum hart fram í því að gera vel og erum alltaf að þróa nýjar vörur í bland við það sem fyrir er, “ segir Alfreð.

Framundan hjá Sóma er að kynna nýja heilsulínu sem hefur verið lögð mikil vinna í.

Þróunarstarfið hefur staðið yfir í eitt ár og mikil undirbúningsvinna í tilraunaeldhúsinu með matreiðslumönnum Sóma og fleirum.

Sú vinna er nú að skila sér í nýrri heilsulínu sem ber nafnið Umm að sögn Alfreðs.

„Þetta verkefni er hið metnaðarfyllsta sem Sómi hefur lagt í hingað til og útkoman er ný og góð vara sem kemur til með að njóta vinsælda,“ segir Alfreð..

Í nýju heilsulínunni verður hægt að fá samlokur, burritos, orkubollur, núðlukjúkling og ferska ávexti. Þennan holla skyndibita má nú þegar fá í verslunum.

**mikael@frettabladid.is**



†

*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Hólmfríður Davíðsdóttir**

Hlíðarhjalla 69,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju fimmtudaginn 27. mars kl. 15.00.

**Gunnar Ásmundsson**
**Davíð Guðmundsson** **Hulddís Guðbrandsdóttir**
**Ásgeir Sigurðsson** **Arndís Kristjánsdóttir**
**Kolbrún Marín og Róbert Dagur**
**Sigríður Kristín Davíðsdóttir** **Grímur Davíðsson**
**Jóhann Þorlákur Davíðsson** **Hjördís Davíðsdóttir**
**Ósk Davíðsdóttir**



†

*Hjartans ástkæri sonur okkar, bróðir, mágur og barnabarn,*

**Huginn Heiðar Guðmundsson**

Greniteigi 49, Keflavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 24. mars.

**Guðmundur B. Guðbergsson** **Fjóla Ævarsdóttir**
**Natan Freyr Guðmundsson** **Sóley Ásgeirsdóttir**
**Hafrún Eva Kristjánsdóttir**
**Guðjón Örn Kristjánsson**
**Ásdís Rán Kristjánsdóttir**
**Guðbergur Ólafsson** **Esther Jósefsdóttir**
**Ævar Þorsteinsson** **Ingibjörg Jósefsdóttir**

## AFMÆLISBÖRN


**KEIRA KNIGHTLEY LEIKKONA 23 ÁRA.**


**VÍKINGUR KRISTJÁNSSON LEIKARI 35 ÁRA.**


**JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR ATHAFNAKONA 51 ÁRS.**


**HAUKUR HÓLM FRÉTTAMAÐUR 52 ÁRA.**

**NAFNIÐ MITT:** JÓDÍS KÁRADÓTTIR

# *Nafnið getur táknað hestadís*

Nafnið mitt er Jódís Káradóttir. Pabbi hafði heyrt nafnið og fannst það mjög fallegt. Mamma var sammála honum og fannst nafnið einstaklega ljóðrænt.

Forskeytið Jó- kemur af jór sem þýðir hestur og dís hefur meyjarmerkingu, þannig að nafnið þýðir í raun hestadís. Svo fann ég aðra merkingu fyrir nafnið mitt í gamalli nafnabók hjá ömmu minni og þar er merkingin systir. Þessi merking kemur úr Ylfingatali og þykir mér mjög vænt um þá merkingu. „Mögulegt er að þessi merking sé nunnuleg, ég veit það ekki en mér finnst hún mjög falleg," segir Jódís. Ég hef alltaf verið mjög ánægð með nafnið mitt í heild.

Mér var lítið strítt af nafninu mínu þegar ég var krakki, helst var það Jódís Pódís. Svo þegar ég varð eldri voru nokkrir strákar sem tóku upp á því að kalla mig jógúrtís, en mér fannst það alls ekkert slæmt þar sem mér fannst sá ís nokkuð góður.

Það eru ekki margir sem heita þessu nafni og alls ekki í minni nánustu fjölskyldu. Amma fann einhverja Jódísi langt aftur í ættir en það var ekki fyrr en eftir að ég var skírð að við komumst að því. Frænka mín hringdi svo í mig fyrir ekki svo löngu og tilkynnti mér að barnabarn bróður ömmu minnar ætti að fá nafnið Inga Jódís og mér fannst mikill heiður að fá nöfnu í ættina.



**ALLTAF VERIÐ ÁNÆGÐ** Jódís var stundum kölluð jógúrtís og fannst það ekkert slæmt. Enda er Jódís bara hrifin af jógúrtís.

---



*Faðir minn og bróðir okkar,*

**Steindór Zóphóníasson**
fyrrverandi bóndi, Ásbrekku í Gnúpverjahreppi,

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kumbaravogi aðfaranótt 17. mars. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju 27. mars kl.13.30. Jarðsett verður í Stóra-Núpskirkjugarði þann sama dag.

**Ingveldur Sigrún Steindórsdóttir og systkini hins látna.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Stefánsson**
fv. hótelstjóri, Höfn í Hornafirði,

lést að morgni páskadags, 23. mars.

**Svava Sverrisdóttir**
**Hjördís Árnadóttir**
**Sigurbjörg Árnadóttir** — **Kristín Þóra Kristjánsdóttir**
**Gísli Sverrir Árnason** — **Guðrún Baldursdóttir**
**Guðlaug Árnadóttir** — **Hólmgrímur Elís Bragason**
**Gauti Árnason** — **Ragnheiður Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Kvaran,**
Sóleyjargötu 9, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 15. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 28. mars kl. 15.00.

**Guðrún Kvaran** — **Jakob Yngvason**
**Vilhjálmur B. Kvaran** — **Helga Pála Elíasdóttir**
**Einar B. Kvaran**
**Böðvar B. Kvaran** — **Ásta Árnadóttir,**
**Hjörleifur B. Kvaran** — **Anna Kristín Ólafsdóttir**
**Gísli B. Kvaran** — **Anna Alfreðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vigdís Ingibergsdóttir,**
áður til heimilis að Njálsgötu 86, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Áskirkju á morgun, fimmtudaginn 27. mars kl. 15.00.

**Katrín Karlsdóttir** — **Sigurbjörn Víðir Eggertsson**
**Kristján E. Karlsson** — **Lilja Ívarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Vigdísar Kristjánsdóttur**
Smáratúni 20b, Selfossi.

**Rannveig Þórðardóttir** — **Örlygur Jónasson**
**María Kristín Örlygsdóttir**
**Þórdís Örlygsdóttir**
**Jónas Örlygsson**
**Ingvar Örlygsson**
**Jakobína Lind Jónsdóttir**
**Þórður Kr. Jónsson**
**tengdabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Inga S. Kristjánsdóttir**
áður Fagrabæ 1,

lést á Grund föstudaginn 14. mars. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju í dag, miðvikudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Þórir Guðmundsson** — **Sigurbirna Oliversdóttir**
**Jóhanna S. Guðmundsdóttir** — **Guðmundur Örn Einarsson**
**Sigurjón Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðni Karlsson,**
Sólvöllum, Eyrarbakka, áður til heimilis að Egilsbraut 9 Þorlákshöfn,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 21. mars. Hann verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn, laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Guðrún Guðnadóttir** — **Jón Dagbjartsson**
**Helga Guðnadóttir** — **Sæmundur Gunnarsson**
**Þorsteinn Guðnason** — **Lovísa R. Sigurðardóttir**
**Katrín Guðnadóttir** — **Sigurður Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Valdemarsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, fimmtudaginn 20. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Valdemar Valdemarsson**
**Helga Ingólfsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Ingibjörg Bjarnadóttir**
Vallargötu 7, Sandgerði,

sem lést mánudaginn 17. mars verður jarðsungin frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, föstudaginn 28. mars kl. 14.00.

**Jón Ásmundsson** — **Helga Karlsdóttir**
**Kristín Ásmundsdóttir** — **Jón Árni Ólafsson**
**Ragnheiður Ásmundsdóttir** — **Magnús Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, dóttur og ömmu,*

**Rannveigar Baldursdóttur**
Einilundi 8e, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á lyflækningadeild Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun.

**Baldur Guðnason**
**Þórarinn Guðnason** — **Kristín Sigurgeirsdóttir**
**Birkir Hólm Guðnason** — **Fríða Dóra Steindórsdóttir**
**Hólmfríður Guðnadóttir** — **Halldór Kristjánsson**
**Sigurbjörg H. Wium**
**og ömmubörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Nílsína Þórunn Larsen**
Garðvangi, Garði,

andaðist laugardaginn 22. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Jarðarförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju 27. mars kl. 14.00.

**Þórdís Ólafsdóttir**
**Sigurbjörg Ólafsdóttir** — **Einar S. Guðjónsson**
**Egill Ólafsson** — **Jóna G. Bjarnadóttir**
**Bjarni Þór Ólafsson**
**Ragna Ólafs Lirot** — **Henry R. Lirot**
**Ólafur Högni Ólafsson** — **Gunnar Guðmundsson**
**Sóley Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Magnúsar Þorvarðarsonar**
Fannafold 127a, Reykjavík.

**Hólmfríður Gísladóttir**
**Rósa Magnúsdóttir** — **Pétur Eysteinsson**
**Þ. Hjalti Magnússon** — **Sigríður María Sverrisdóttir**
**Steinunn Magnúsdóttir** — **Georg Eggertsson**
**og afabörn.**






## STUÐ MILLI STRÍÐA Óvirkjuð auðlind

**SUNNU DÍS MÁSDÓTTIR** DREYMIR UM AÐ KOMA Á LAGGIRNAR ÖMMULÖGGU Í RÚSSNESKUM ANDA



Ef einhverjir hafa fylgst gaumgæfilega með þessum pistlum mínum muna hinir sömu kannski að fyrir fjórtán dögum kvaddi ég klakann til að takast á hendur svaðilför til heimalands Pútíns, vodka og loðhúfa. Ferðin var hin skemmtilegasta. Ég ræktaði túristann í mér og fór ekki út úr húsi án þess að flagga túristabók og myndavél og var með aurapyngju um hálsinn. Ég naut alls þess besta sem Pétursborg hafði upp á að bjóða, fór á ballettsýningu, skoðaði salina í Vetrarhöllinni, borðaði kavíar og drakk bæði kampavín og vodka.

Ég er afskaplega ánægð með loðhúfuna mína og myndi kalla hana bestu uppfinningu Rússanna ef ég hefði ekki komist í tæri við enn meiri snilld þar á bæ, nokkuð sem ég held að myndi ekki síður virka hér á landi.

Eins og flugvöllurinn ber vitni um hafa Rússar ákaflega gaman af því að láta fólk fylgja reglum og standa í röðum. Verðirnir í vegabréfsskoðuninni, sem gerðu sitt ítrasta til að taka blásaklausa Íslendinga á taugum, áttu þó ekkert í það úrvalslið gamalla kvenna sem vakir haukfránum augum yfir kirkjum, safnasölum og öðrum merkum stöðum þar í landi. Túristabókin sem ég flaggaði svo oft nefndi þetta herlið „babuska police“, eða ömmulögguna. Ef ein tá var farin fram yfir línu á gólfi voru þrjár fjólubláhærðar ömmur mættar með vísifingur á lofti og vel valin, og óskiljanleg, skammaryrði í eyra glæpamannsins. Túrhestunum virtist öllum vera í blóð borin sama virðing fyrir ömmum og mér. Að minnsta kosti þorði enginn annað en hlýða og brosa blítt til þeirra fjólubláhærðu.

Ég hef fulla trú á því að íslenskar ömmur hafi sömu áhrif og þær rússnesku og það er því spurning um að virkja þessa auðlind. Ef þessu er eins farið hér og í Pétursborg gæti til dæmis eitt „svei þér!“ ásamt ásakandi bendingum frá ömmu með sjal og lopahúfu haft meiri áhrif á pissandi fyllibyttur niðri í bæ en heil sérsveitardeild. Allir hlýða ömmum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# DÚNDURTILBOÐ Á PARKETI







**Egill Árnason hf**

Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0590 - www.egillarnason.is

**Kl. 12.15**

*Philippe Laplace, lektor í skoskum bókmenntum við háskólann í Besancon og gestakennari í þýðingarfræðum við Háskóla Íslands, flytur í dag fyrirlestur um rithöfundinn Neil M. Gunn og þjóðernisstefnu innan skoskra bókmennta. Fyrirlesturinn, sem fer fram á ensku, verður fluttur í stofu 225 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands og hefst kl. 12.15.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ferðamaðurinn Shakespeare?*

Bókmenntafræðingar hafa löngum velt vöngum yfir því hvernig William Shakespeare fór að því að fanga svo vel anda og orðbragð Feneyja sextándu aldar í verkum sínum án þess að hafa nokkurn tímann sótt borgina heim. Flestir hallast að því að Shakespeare hafi öðlast þekkingu sína á feneyskri menningu í gegnum Ítali sem hann kynntist á Englandi og að ótvíræð skáldagáfa hans hafi fyllt upp í eyðurnar. Nýverið gáfu þó tveir ítalskir fræðimenn, þeir Shaul Bassi og Alberto Toso Fei, út bók þar sem þeir halda því fram að Shakespeare hljóti að hafa komið til Feneyja þar sem þekking hans á borginni var svo ítarleg.

Um þriðjungur verka Shakespeares tengist Ítalíu á einhvern hátt; ýmist gerast þau þar eða vísa í ítalska staði og menningu. Það er því nokkuð ljóst að skáldið var heillað af landinu. Bassi og Toso Fei kafa djúpt í bók sinni og finna dæmi í verkum Shakespeares um tilvísanir í ítalska menningu og þekkingu á staðháttum sem varla hefði verið hægt að verða sér úti um öðruvísi en með heimsókn til landsins. Þeir vilja til að mynda meina að lýsingar á byggingum og kennileitum Feneyja í leikritum hans séu svo hárnákvæmar að hann hljóti að hafa litið borgina augum sjálfur. Annað sem þeim þykir renna stoðum undir hugmynd sína er að Shakespeare náði að fanga í verkum sínum þann fjölþjóðlega anda sem ríkti í heimsborginni Feneyjum á sextándu öld, en í þá daga var þar miðpunktur verslunar í Evrópu og suðupottur ólíkra menningarstrauma.

Í bók sinni setja þeir Bassi og Toso Fei fram hugmynd að ferðalagi skáldsins um Ítalíu, með tillögum að viðkomustöðum og viðmælendum Shakespeares á leiðinni. Aftur á móti eru engar heimildir til um að Shakespeare hafi nokkru sinni ferðast utan heimalands síns og því ómögulegt að færa sönnur á kenninguna þeirra Bassi og Toso Fei. - vþ



**WILLIAM SHAKESPEARE** Ætli hann hafi einhvern tímann sótt Feneyjar heim?

## Glysöndin Helgi Þorgils sýnir

Myndlistarmaðurinn Helgi Þorgils Friðjónsson opnar nýja sýningu í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5, á föstudag. Þar sýnir hann fjölbreytt og fjölmörg verk; á sýningunni má sjá hvorki meira né minna en 50 myndir unnar á pappír, en á þær má líta sem eins konar dagbækur sem tengjast fréttum og hversdagslegum upplifunum. Að auki eru á sýningunni átta málverk og fjórir skúlptúrar. Á meðal skúlptúranna má finna postulínsskúlptúr í barokkstíl sem er sjálfsmynd listamannsins sem Lúðvík XIV og skúlptúr sem er sjálfsmynd listamannsins sem 20. aldar glysönd. Sólarlög eru listamanninum hugleikin; á meðal málverkanna eru myndir af appelsínugulu sólarlagi og bleiku sólarlagi.



**MENN OG FISKAR** Lifa saman í sátt og samlyndi í verki eftir Helga Þorgils Friðjónsson.

Helgi Þorgils er einn af þekktustu myndlistarmönnum þjóðarinnar. Hann nam list sína bæði hér heima og í Hollandi. Eftir að hann sneri heim úr námi hefur Helgi starfað bæði sem myndlistarmaður og sem kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðar Listaháskóla Íslands. Auk þess hefur hann verið gestakennari og fyrirlesari í Evrópu og Bandaríkjunum.

Helgi hefur sýnt víða erlendis, þó aðallega í Evrópu og Bandaríkjunum síðustu áratugi.

Sýning Helga í Gallery Turpentine stendur til 12. apríl. - vþ

## Leikhúsaðsókn eykst enn

Hagstofa Íslands hefur um árabil haldið skrár um aðsókn að leiksýningum á Íslandi sem eru haldbestu skýrslur sem fáanlegar eru hvernig landinn sækir leikhús. Byggja aðsóknartölur á gögnum frá leikhúsum, leikflokkum og áhugamannafélögum. Sýningar á vegum nemendafélaga eru ekki taldar með sem er ágalli þar sem þær eru mikilvæg stoð leiklistarstarfsins í landinu.

Nýlega hefur Hagstofan birt tölur fyrir síðasta leikár en sá háttur er hafður á við talningu að miða við starfsár leikhúsa frá hausti til vors. Eitthvað er um áætlanir í innsendum gögnum til Hagstofunnar og er heildartala birt sem áætlun á vef stofnunarinnar. Væri æskilegt að hagsmunaaðilar reyndu að festa sem ábyggilegastar tölur og aðsókn væri greind í staðfestar tölur og áætlunartölur: samanlagðar aðsóknartölur fyrir báða flokkana sýna að leikhússókn er mikil hér á landi. Áætlað er að um 440 þúsund manns hafi sótt sýningar leikhúsa, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélaga á síðasta leikári 2006-2007. Aðsókn hefur aukist um 70 þúsund manns frá leikárinu þar á undan og þessi fjöldi samsvarar því að hver landsmaður sæki leikhús 1,4 sinnum á ári. Fram kemur á vef Hagstofunnar að leikuppfærslur hafi samtals verið tæplega 250 og heildarfjöldi sýninga rétt um 2.800. Sjö atvinnuleikhús með aðstöðu í sex leikhúsum voru starfrækt á síðasta ári. Á vegum þeirra voru 13 leiksvið með um 3.000 sætum. Leikhúsin settu 95 uppfærslur á svið hér innanlands, þar af voru leikrit flest, eða 63 talsins. Samanlagður fjöldi sýninga var 1.224. Uppfærslur með verkum eftir íslenska höfunda voru 37, en eftir erlenda 51.

Atvinnuleikhópum hefur fjölgað talsvert undanfarin ár, eða úr 22 leikárið 2000/2001 í 38 í fyrra en þar með er ekki öll sagan sögð: hópar hafa tilhneigingu til að myndast um stök verkefni. Uppfærslum á þeirra vegum hefur fjölgað að sama skapi, en á síðasta leikári færðu atvinnuleikhópar upp á svið innanlands 79 verk samanborið við 30 á leikárinu 2000/2001.

Aukinn fjöldi samstarfsverkefna sjálfstæðra leikhópa og leikhúsa í opinberum rekstri hefur aukist sem setur hagstofumönnum nokkurn vanda. Mikilvægt er að gögn sem Hagstofunni berast séu klár og skýr og ættu hagsmunaaðilar að hafa tölur og aðgreiningar sem skýrastar.

Tölur Hagstofunnar sýna enn fremur að á næstliðnu leikári voru starfandi 40 áhugaleikfélög víðs vegar um landið. Uppfærslur á vegum félaganna voru á síðasta leikári 89 eða litlu fleiri en á leikárinu á undan. Tvær af hverjum þremur uppfærslum voru eftir innlenda höfunda. Samanlagður fjöldi flytjenda á síðasta leikári var um 1.450 manns. Félögin sýndu 498 sinnum fyrir um 30 þúsund gesti.

Ef tölur eru krufnar til mergjar kemur í ljós að gestir Íslensku óperunnar voru 9.585, Íslenska dansflokksins 4.894, Hafnarfjarðarleikhússins 8.700. Möguleikhúsið, sem féll út af styrkþegaskrá Leiklistarráðs í úthlutun þessa árs, sóttu 13.826 gestir. Leikfélag Akureyrar átti góðu gengi að fagna með 37.639 gestum, en Þjóðleikhúsið sóttu heim 71.781. Í Borgarleikhúsið komu 121.807 gestir en þar er um að ræða bæði sýningar Leikfélags Reykjavíkur og samstarfsverkefni.

Nokkur styr hefur verið milli leikhúsa um frágang á þessum gögnum. Einkum hafa aðstandendur sjálfstæðu leikhúsanna gagnrýnt að stærri leikhús birti tölur um gesti án athugasemda og eigni sér gesti sjálfstæðu leikhúsanna. Verður að skoða þann styr í ljósi þess að aðstöðumunur leikhússtofnana er gífurlegur og hafa virtir leikhúsmenn á síðustu misserum kallað eftir uppskurði á styrkjakerfi leikhúsa og leikflokka í landinu fyrir daufum eyrum stjórnmálamanna. Tölur um aðsókn á síðasta starfsári ítreka nauðsyn slíkrar endurskoðunar.

pbb@frettabladid.is



**LEIKLIST** Tæplega fimm þúsund gestir sáu sýningar Íslenska Dansflokksins á síðasta leikári.


Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
frumsýn. 27/3 uppselt, 28/3 örfá sæti laus

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. fös 28/3, lau 29/3

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
sýningar. lau. 29/3 örfá sæti laus

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 29/3 örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýninga sun. 30/3 örfá sæti laus


## Auðar bækur fyllast af efni

Myndlistarmaðurinn eftirtektarverði Elín Hansdóttir sýnir nú verk sitt Bookspace í Landsbókasafni – Háskólabókasafni, í húsnæði því sem í daglegu tali nefnist Þjóðarbókhlaðan. Verkið er á 4. hæð.

Bookspace samanstendur af 1.000 bókum með auðum síðum. Gestir safnsins geta fengið bækurnar lánaðar heim og gefast þeim þar frjálsar hendur til þess að skreyta bækurnar og fylla þær af efni eftir smekk. Í bækurnar má skrifa, teikna, líma og svo framvegis. Síðan er bókinni skilað fyrir næsta gest sem heldur áfram með verkið.

Þetta samvinnulistaverk hefur verið til útláns í Borgarbókasafninu og bókasafni Listaháskólans síðastliðið hálft ár. Ætlunin er að bækurnar haldi áfram að ferðast um Ísland næstu tvö árin og haldi síðan út í heim.

Aðrar 1.000 bækur hafa þegar verið lánaðar út í þremur bókasöfnum í Hamborg og einu í Berlín. Stefnt er að því að þær haldi áfram að ferðast um Evrópu næstu 10-15 árin.



**SKÖPUNARÞÖRFIN BRÝST ÚT** Fólk hefur fengið listræna útrás í gegnum verkið Bookspace.

Bækurnar virka því sem samansafn hugmynda, skoðanaskipta og tjáningar fólks í þeim löndum og bókasöfnum sem þær heimsækja.

- vþ




# VIÐ RÆKTUM

## – silfur, gull og platinum




## ENIGA MENIGA

### *– þú færð peninga!*

Allir sem eru ekki enn komnir með kort frá MasterCard fá **15.000 kr. ferðaávísun.** Við erum í ræktinni. **Vertu með.**

Þú þarft ekki að vera viðskiptavinur til að fá þér kortið. Allir eru velkomnir. Tilboð gildir til **31. mars.**

**Byggðu upp fjárhagslega hreysti þitt** með kreditkorti frá Byr: silfur-, gull- eða platinum.

Þú notar kreditkort frá Byr og myndar veltutengda inneign sem getur greitt árgjaldið niður í allt að 0 kr. Kynntu þér frábærar ferðatryggingar kortanna. Við ræktum sambandið og sendum þér SMS þegar þú hefur nýtt úttektarheimildina um 90 prósent. **Sniðugt!**

Komdu í ræktina með Byr. Njóttu þess að vera við góða fjárhagslega heilsu. Fáðu að vita allt um kreditkortin frá Byr: silfur-, gull- og platinum. Frítt árgjald fyrsta árið. **Hringdu. Komdu. Eða farðu á byr.is.**

ATH! Útlán eru háð lánareglum Byrs sparisjóðs.

**Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.**

BYR
SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

> MOSS LEIGUBÍLSSTJÓRI

Það er erfitt að kaupa gjafir fyrir fólk sem á allt. Vinir ofurfyrirsætunnar Kate Moss fundu lausn á þessu máli á dögunum, þegar þeir slógu saman og keyptu ekta breskan leigubíl fyrir fyrirsætuna. Hún þeytist nú glóð um götur borgarinnar á farartækinu en ekki fylgir sögunni hvort einhverjir hafi reynt að snapa sér far með henni.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Heather Mills sögð föst í lygavef

Sjaldan er ein báran stök og víst er að sá málsháttur á vel við Heather Mills, fyrrum eiginkonu Paul McCartney. Hún lýsir því nefnilega yfir í nýjum heimildarþætti ITV-sjónvarpsstöðvarinnar, McCartney vs. McCartney: The Ex-Files, að Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra Breta, hafi viljað gera hana að barónessu. Mills heldur því jafnframt fram að fulltrúi Verkmannaflokksins í bresku lávarðadeildinni, MacDonald lávarður, hafi ætlað að greiða fyrir þessari tilnefningu. Stjórnendur sjónvarpsþáttarins fóru á stúfana og höfðu uppi á öllum lávörðum sem báru nafnið MacDonald en enginn þeirra kannaðist við að hafa hitt Mills, hvað þá að hafa viljað gera hana að barónessu. The Sun sem er þekkt fyrir að taka málin engum silkihönskum birti mynd af Mills í gær í líki Gosa með langt nef. En heimildarmyndin virðist einnig varpa ljósi á nokkuð brenglaða mynd Mills af sjálfri sér og stöðu sinni. Því hún lýsir því yfir í fullri alvöru að hún hafi afboðað fund með Bill Clinton vegna þess að hún óttaðist að nærvera sín kynni að hafa áhrif á úrslit forsetakosninganna. „Ég beið allaf eftir því að hún færi að brosa eða hlæja en það gerðist aldrei. Hún var ekkert að grínast,“ segir blaðamaðurinn Jasper Gerard hjá Sunday Times sem bætir því við að honum hefði komið það stórlega á óvart ef Mills hefði fengið aðalstign. „Við skulum horfast í augu við það að Mills er fyrst og fremst fræg fyrir að vera kærasta Paul McCartney þrátt fyrir að hún hafi sinnt góðgerðastörfum samhliða fyrirsætustörfum. Slíka nafnbót á einhver að fá sem hefur verið landi og þjóð til sóma.“



GOSA-EINKENNI Heather Mills er sögð vera hraðlygin og haldin mikilmennskubrjálæði.



NÝ ÓSKARSMYND Síðasti bærinn í dalnum var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta stuttmynd ársins og hver veit nema annað eins meistaraverk leynist á stuttmyndadögum.

## Stuttmyndadagar á ný

**Stuttmyndadagar verða haldnir í Sambíóunum 29.maí.**

**Skilafrestur stuttmyndanna er til 1.maí en til mikils er að vinna. Sigurmyndin hlýtur að launum hundrað þúsund krónur og verður auk þess kynnt rækilega á stuttmyndahátíð sem haldin er samfara Cannes-kvikmyndahátíðinni í Frakklandi. Myndin í öðru sæti hlýtur 75 þúsund krónur og þriðja sætið fær 50 þúsund krónur í sinn hlut.**

**Myndirnar sem taka þátt mega ekki vera lengri en fimmtán mínútur en allar upplýsingar má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar stuttmyndadagar.is.**

**Stuttmyndadagarnir hafa verið haldnir á ári hverju síðan 1992, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.**



DENISE RICHARDS Denise hefur átt í hatrammri forræðisdeilu við fyrrverandi eiginmann sinn Charlie Sheen.

## Denise losar sig við „Sheen“

Leikkonan Denise Richards, sem skildi við leikarann Charlie Sheen fyrir tveimur árum, hefur með hjálp dómsúrskurðar breytt eftirnafni sínu úr Sheen aftur í Richards.

Richards og Sheen giftu sig árið 2002. Hún sótti um skilnað þremur árum síðar en eftir það byrjuðu þau aftur saman. Í janúar 2006 ákváðu þau síðan að skilja endanlega. Síðan þá hafa þau barist hatrammlega um forræði yfir tveimur dætrum sínum, hinni þriggja ára Sam og tveggja ára Lolu. Richards ætlar að sýna hæfni sína sem móðir í raunveruleikaþætti á sjónvarpsstöðinni E! næsta sumar. Hefur Sheen mótmælt þátttöku dætranna í þættinum harðlega.

# Sonur biskups syngur á föstudeginum langa

**Tímanna tákn er að Guðjón Davíð Karlsson – Gói – sonur herra Karls Sigurbjörnssonar biskups söng og skemmti í Hrísey á föstudeginum langa. En áður en haldið var út í eyju las hann Passíusálmana í Akureyrarkirkju.**

„Já, ég var fenginn til að vera með tónleika á föstudaginn langa. Jújú, ég sé alveg hvert þetta er að fara,“ segir Guðjón Davíð Karlsson leikari. Hann er jafnan kallaður Gói, sonur biskupsins og á hinum stranga og helga degi, föstudeginum langa, var hann staddur úti í Hrísey þar sem hann söng og skemmti. Liðin er sú tíð að allt sé lokað á þessum degi og fólk mátti sem minnst hreyfa sig hvað þá meira.

„Jájá, ég heyrði þennan brandara hundrað sinnum þetta kvöld. En það verður þá að koma fram að áður en við fórum út í Hrísey lásum við Halli [Hallgrímur Ólafsson leikari] Passíusálmana í Akureyrarkirkju. Fjöldi manns mætti. Já, þannig að við vorum alveg í rétta gírnum.“

Gói og Halli auk hljómsveitar skemmtu fyrir fullu húsi í veitingahúsinu Brekku en þeir eru með dagskrá þar sem þeir flytja lög úr söngleikjum. Er þetta í fjórða skipti sem þeir flytja dagskrána en áður hefur hún verið flutt á Græna hattinum á Akureyri við góðar undirtektir. Þeir hyggjast halda áfram með þessa skemmtun og Gói segir að þetta sama kvöld hafi þeir verið beðnir um að koma fram á tveimur öðrum stöðum á Akureyri. En Hrísey sat fyrir.

„Guðlast? Nei, þetta fór allt mjög vel fram. Voru fallegir tónleikar, falleg leikhúslög sem við syngjum og reynum að hafa gaman,“ segir Gói og dæsir þegar hann er spurður hvað pabbi hans segi við skemmtanahaldi á föstudeginum langa.

„Það er spurning? Ég held að honum finnist allt gott meðan það er í hófi. En ég er ekki að fara að svara fyrir hann. Þannig er að við erum leikarar hér fyrir norðan og alltaf að vinna um helgar. Þetta er eini föstudagurinn sem við höfum átt frí. En við flytjum leikhúslögin á fimmtudögum, og verðum einmitt annan fimmtudag á Græna hattinum,“ segir Gói. Hann hefur verið samningsbundinn hjá LA í vetur en er á förum í vor. Hann fylgir Magnúsi Geir Þórðarsyni leikhússtjóra í Borgarleikhúsið.

jakob@frettabladid.is



GÓI Segir söngskemmtanina hafa farið afskaplega vel fram – þar var ekki guðlastinu fyrir að fara.



KARL BISKUP Gerir ekki athugasemdir við söng á föstudeginum langa að mati sonar síns, án þess að hann vilji svara fyrir föður sinn.

# Tuttugu tungumál í Serbíu

Sungið verður á tuttugu tungumálum í Eurovision. Enskan er enn talin tungumál poppsins enda syngja flestir ennþá á því máli, samtals 23 þjóðir. Fimm til viðbótar blanda ensku og eigin tungumáli saman, armensku, ungversku, katalónsku (Andorra), spænsku og hebresku. Rúmanski keppandinn blandar saman rúmensku og ítölsku.

Þátttakendur frá Serbíu, Albaníu, San Marínó (ítalska), Finnlandi, Portúgal, Svartfjallalandi, Slóveníu, Tyrklandi, Króatíu, Kýpur (gríska), Sviss (ítalska) og Bosníu og Hersegóvínu syngja á eigin tungumáli. Grínbandið Kreisiraadio blandar saman finnsku, þýsku og serbó-króatísku „túrista-tungumáli“ og belgíska þjóðlagasveitin Ishtar syngur á tilbúnu bullmáli.

Fyrir árið 1999 bar keppendum skylda til að syngja á tungumáli heimalands síns, en eftir það hafa keppendur mátt syngja á því tungumáli sem þeir vilja. Margir héldu að við þessa ákvörðun myndu allir fara að syngja á ensku og fjölbreytni keppninnar myndi bera skaða af, en sú hefur raunin ekki orðið eins og sést af fjölbreytninni í ár. Frá því reglunum var breytt hafa reyndar öll sigurlögin verið á ensku nema lagið sem sigraði í fyrra, Marija Serifovic flutti „Molitva“ á serbnesku.



ELNUR OG SAMUR FRÁ ASERBAÍDSJAN Aserar taka þátt í Eurovision í fyrsta skipti í ár og þora ekki annað en syngja á ensku.

EUROVISION 59 DAGAR TIL STEFNU



FRANZ FERDINAND Enska hljómsveitin Franz Ferdinand er að taka upp sína þriðju plötu.

## Franz rólegri á nýrri plötu

Þriðja plata hljómsveitarinnar Franz Ferdinand verður „þurrari og þyngri“ en síðustu plötur, samkvæmt trommaranum Paul Thomson. „Málið með síðustu plötu er að við vorum nýkomnir úr tónleikaferð þegar við fórum í hljóðver og við fengum engan tíma til að anda á milli,“ sagði Thomson. „Það endurspeglaðist í hraða laganna því við drifum okkur bara í gegnum þau. Í þetta skipti tókum við gott frí og byrjuðum síðan aftur að spila saman. Ég held að það henti okkur betur að spila aðeins rólegra í þetta sinn.“

Á meðal laga á plötunni, sem kemur út í október, eru Twilight Omens, What You Came For og Loose Dreams.



GEORGE MICHAEL Tónlistarmaðurinn George Michael er á leiðinni í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin í sautján ár.

## Sú fyrsta í sautján ár

**Tónlistarmaðurinn George Michael ætlar í sumar í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin í sautján ár. Hefur hann meðal annars bókað tvenna tónleika í Madison Square Garden í New York í júlí. Tónleikaferðin hefst í San Diego 17. júní og lýkur í Flórída 3. ágúst. Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar í Kanada.**

**Michael ætlar á tónleikunum að kynna safnplötu sína Twenty Five sem kemur út í apríl. Hann er einnig að skrifa sjálfsævisögu sem er væntanleg í hillur bókaverslana undir lok ársins.**

# Mesta úrvalið




Við veljum einungis besta hráefnið í salatbarinn.
Þess vegna veljum við Hollt & Gott.

Hollt & Gott




HAGKAUP
Ein ferð betra verð




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 6 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 5:50 | VIP |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN | kl. 5:50 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 6 - 8 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| JUNO | kl. 10:10 | 7 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | 12 |
| SHUTTER | kl. 10 | |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KITE RUNNER | kl. 8 | L |
| DARK FLOORS | kl. 10:10 | 16 |

DIGITAL




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERWICK | kl. 6 og 8 | 7 |
| 10.000 BC - POWER | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 8 og 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| SHUTTER LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 - 8 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 8 - 10.10 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.40 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| INTO THE WILD | kl. 10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | 12 |
| SEMI PRO | kl. 10 | |
| HEIÐIN | kl. 8 - 10 | |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!
AUKAKRÓNUR


# Uppgjör í Brugge

Tveir leigumorðingjar eru sendir í frí til borgarinnar Brugge í Belgíu eftir að morðtilræði þeirra í London fór ekki sem skyldi. Þar lenda þeir í ýmsum kostulegum uppákomum á meðan þeir bíða eftir fyrirmælum yfirmanns síns.

In Bruges er fyrsta kvikmynd írska leikritaskáldsins Martins McDonach, sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir stuttmynd sína Six Shooter. Í In Bruges blandast saman sótsvartur húmor, siðferðisdrama leigumorðingja og blóðugur byssuhasar; hún minnir einna helst á glæpamyndir Tarantinos og Guy Ritchie.

Ekkert er heilagt í handritinu og gert er grín að offitu, kynþáttum og dvergum svo eitthvað sé nefnt. Afraksturinn er oftar en ekki bráðfyndinn. Söguþráður myndarinnar kemur sífellt á óvart og höfundurinn leikur sér með klisjur þessa geira.

Það eru Colin Farrell og Brendan Gleeson sem fara með aðalhlutverkin, en báðir sýna þeir afbragðsleik. Farrell hefur sjaldan verið betri og sýnir á sér kómísku hliðina og Gleeson tekst að skapa samúð með persónu sinni, þótt morðingi sé. Ralph Fiennes á frábæra innkomu seint í myndinni og stelur í raun senunni sem hinn ógnvekjandi yfirmaður.

Kvikmyndin Í Brugge geldur helst fyrir hæga byrjun og ótrúverðugan endi. Leikstjórn er ekki nógu sterk og endurteknir brandarar verða einnig fljótt þreyttir. Fyrir utan það er myndin oft bráðskemmtileg, þótt kolsvartur húmorinn eigi ekki erindi til allra.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**In Bruges**

Leikstjóri: Martin McDonagh. Aðalhlutverk: Colin Farrell, Brendan Gleeson, Ralph Fiennes.

★★★

Bráðfyndin hasarmynd með kolsvörtum húmor. Colin Farrell hefur sjaldan verið betri.

# Hasshundur sleikir poppara

**Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður heppnaðist vel á Ísafirði um helgina. Þó þurftu popparar að sætta sig við að tekið var á móti þeim af fíkniefnahundi.**



**SIGGI Í HJÁLMUM** Pippin flaðraði upp um bassaleikarann geðþekka sem telur að kattarlykt hafi verið um að kenna.

„Neinei, ekkert spangól eða læti. Hundurinn var í góðum fílíng. Og flaðraði upp um mig,“ segir Sigurður Guðmundsson bassa- og hljómborðsleikari í Senuþjófunum, Baggalúti og hljómsveitinni Hjálmum.

Honum, sem og fleiri tónlistarmönnum sem komu fram á tónlistarhátíðinni „Aldrei fór ég suður“, varð um og ó þegar þeir lentu á flugvellinum á Ísafirði og á móti þeim tók vaskur hasshundur.

Íbúafjöldi Ísafjarðar tvöfaldaðist yfir páskana enda hefð fyrir hátíðarhöldum þá fyrir vestan. Var lögregla með mikinn viðbúnað. Labradortíkin Pippin tók á móti flugfarþegum og fundust meðal annars 10 grömm af amfetamíni og 5 skammtar af LSD ásamt neysluáhöldum á einum farþega sem kom frá Reykjavík. Alls komu upp þrjú fíkniefnamál á Ísafirði um helgina.

Þá fór Pippin víðar um bæinn, á tónleikastað og stóð sig vel að sögn lögreglumanna sem voru ánægðir: „Hundurinn er naskur. Finnur lykt þó menn hafi verið að reykja hass fyrir tveimur dögum,“ segir Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum. Að hans sögn gekk helgin ljómandi og þeir sem gripnir voru með vafasöm efni voru sannarlega ekki úr hópi poppara. Önundur segir að þeir vestra hafi fengið, í gegnum ríkislögreglustjóra, hund sem kom frá Akureyri.

„Við erum með einn og hálfan hund,“ segir Daníel Guðjónsson yfirlögregluþjónn á Akureyri. Annar er kominn á eftirlaun og er aðeins notaður í ákveðin verkefni. „Svo er það Pippin. Fjögurra ára labradortík. Þetta er hundur sérvalinn af norsku tollgæslunni og fluttur hingað í gegnum hana eins og fleiri hundar.“ Daníel segir gæði hundanna ekki endilega fara eftir tegund heldur er um ákveðna eiginleika að ræða. „Pippin er mjög góður hundur.“



**PIPPIN** Labradortíkin góða tók á móti flugfarþegum og vei þeim sem hafði ólögleg efni í fórum sínum.

Pippin tók skemmtikröftunum að sunnan fagnandi og þótti mörgum nóg um. Þannig segja sögur að Megasi hafi ekkert verið um hundinn gefið, þótt hann fara offari í snuðri sínu og velti fyrir sér stofnun samtakanna „Aldrei fer ég vestur“ í mótmælaskyni. Ekki náðist í Megas í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir en félagi hans í Senuþjófunum kannast ekki við þau áform. „Ég hef ekkert á móti því að fara aftur vestur. Mjög gaman. Þetta voru einhver mistök. Hundurinn flaðraði aðallega upp um mig. Það er kattalykt af mér og hann hefur fundið hana,“ segir Siggi bassaleikari sem vill meina að um vinahót hafi verið að ræða af hálfu hundsins fremur en nokkuð annað.



**MEGAS** Sagt er að honum hafi ekkert litist á lætin í Pippin og hafa verður það þar til annað sannara reynist.

**jakob@frettabladid.is**

# Barist um miða í Bítlaferð

„Miðarnir hafa rokið út. Má segja orðið fullt í ferðina,“ segir Jakob Frímann Magnússon formaður Félags tónskálda og textahöfunda (FTT).

Fréttablaðið hefur sagt af mikilli pílagrímsför sem FTT gengst fyrir 30. maí í tilefni þess að félagið er nú 25 ára gamalt. Farið verður í þriggja daga ferð til Liverpool á slóðir The Beatles, Hljómar troða upp í Cavern-klúbbnum og farið verður á tónleika með Paul McCartney. Er þá fátt eitt nefnt en dagskráin er spennandi. „Verður án nokkurs vafa skemmtilegri ferð en nokkurt okkar hefur farið ef að líkum lætur. Hefur mælst gríðarlega vel fyrir enda pílagrímsferðir af þessu tagi ekki í boði á hverjum degi. Tónlistarsögu- og menningarferð,“ segir Jakob. FTT hafði með hagstæðum samningum og klókindum, meðal annars í samvinnu við fjölskyldu Petes Best, fyrrverandi trymbils Bítla, náð að tryggja sér hundrað miða í ferðina á algerum vildarkjörum. Aðeins 50 þúsund krónur fyrir innanfélagsmenn, 75 fyrir utanfélagsmenn. Þeir miðar eru löngu uppseldir, fóru strax á fyrstu tveimur dögunum. Hvers vegna orðar Jakob það þá svo að segja megi að fullt sé í ferðina?

„Það er ekkert eftir af miðum. Og kominn biðlisti. En FTT-félagar hafa forgang. Og þeir hafa til miðnættis í dag til að skrá sig. Það yrði þá til að ýta utanfélagsmönnum aftar í röðina.“ **- jbg**



**JAKOB FRÍMANN** Félagsmenn hafa til miðnættis að skrá sig í pílagrímsför til Liverpool.




MasterCard

*10% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
www.midi.is
OG ÖLLUM AFGREIÐSLU-STÖÐUM MIÐA.IS

CONCERT

## > Tímamót hjá Beckham

David Beckham mun leika sinn hundraðasta landsleik í kvöld er England mætir Frökkum. Þetta staðfesti Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, við breska fjölmiðla. Capello sagði að það væri engin glóra í því að fá hann alla leið frá Bandaríkjunum til þess að sitja á bekknum í 90 mínútur. Capello vildi þó ekki gefa upp hvort Beckham yrði í byrjunarliðinu. Ítalinn hefur annars fulla trú á því að Beckham geti haldið sér í nægilega góðu formi til þess að spila á HM 2010.



# sport

sport@frettabladid.is

DAGUR SIGURÐSSON: BYRJAÐI LANDSLIÐSÞJÁLFARAFERIL SINN MEÐ AUSTURRÍKI HREINT FRÁBÆRLEGA

## *Menn vildu sanna sig fyrir nýja þjálfaranum*



Það er ekki hægt að segja annað en að Dagur Sigurðsson hafi fengið flugstart í frumraun sinni með austurríska handboltalandsliðið. Fyrsta verkefni liðsins var þátttaka í geysisterku móti í Innsbruck um páskana þar sem andstæðingarnir voru Svíþjóð, Túnis og heimsmeistarar Þjóðverja.

Fæstir áttu von á því að Austurríki myndi gera einhverjar rósir í mótinu en sveinar Dags komu handboltaheiminum í opna skjöldu með góðum leik. Liðið tapaði fyrst fyrir Svíum, 30-26, í leik sem var hnífjafn nánast allt til enda. Svo lagði Austurríki sjálfa heimsmeistarana frá Þýskalandi, 32-30, og fylgdi þeim sigri eftir með því að leggja Túnis að velli með fimm mörkum. 37-32, en Túnis hefur á að skipa mjög frambærilegu liði.

Dagur játaði fúslega að árangurinn hefði komið sér á óvart en hann sagði í léttu gríni við blaðamann er hann tók við liðinu að það yrðu væntanlega stór töp í fyrstu leikjunum. „Já, þetta er svakalegt. Nú er ég í bölvuðum vandræðum og menn fá einhverjar ranghugmyndir,“ sagði Dagur léttur en hann segir þessi úrslit kannski ekki gefa rétta mynd af styrk liðsins.

„Mér hefur alltaf fundist að þetta lið eigi að geta lagt stóru liðin svona við og við. Að það hafi gerst í tvígang á þessu móti er ekki beint eitthvað sem ég átti von á. Liðið var samt að spila mjög vel og það í öllum leikjunum sem ég er ánægðastur með. Ég lagði áherslu á varnarleikinn og breytti honum nokkuð. Það kom mjög vel út. Leikmenn voru greinilega tilbúnir í slaginn og ljóst að menn vildu sanna sig fyrir nýja þjálfaranum,“ sagði Dagur.

Það er langur vegur frá því að hin liðin hafi verið með einhver B-lið. Túnis var með sitt besta lið, Svíar sömuleiðis ef frá er talinn Marcus Ahlm. Það vantaði nokkra leikmenn frá Þjóðverjum sem tefldu engu að síður fram sterku liði. Á móti kemur að Dagur var heldur ekki með alla sína sterkustu menn til taks.

„Árangurinn á mótinu er góður fyrir liðið. Það hefur verið smá lúserastimpill á liðinu en menn fá sjálfstraust við þetta.“



**LIVERPOOL-MAÐURINN** Martin Skrtel er byrjunarliðsmaður hjá Liverpool.
NORDICPHOTOS/GETTY

Leikmenn Slóvakíu:

## Martin Skrtel er sá frægasti

**FÓTBOLTI** Martin Skrtel, miðvörður enska úrvalsdeildarliðsins Liverpool, er örugglega þekktasta nafnið í leikmannahópi Slóvaka sem mætir Íslandi í kvöld en hann var valinn knattspyrnumaður ársins í landinu á síðasta ári.

Liverpool keypti Skrtel frá Zenit Saint Petersburg í janúar-glugganum og kostaði hann félagið 6,5 milljónir punda. Hann er 23 ára og 193 cm á hæð og hefur þegar unnið sér fast sæti í Liverpool-vörninni.

Það eru fleiri leikmenn sem hafa gert það gott erlendis, hinn 21 árs gamli Marek Hamsík, sem var annar í kjöri á knattspyrnumanni ársins, er sókndjarfur miðjumaður sem hefur slegið í gegn hjá Napoli á Ítalíu og þá eru tveir markahæstu menn landsliðshópsins þeir Marek Mintál og Róbert Vittek sem báðir leika með 1. FC Nürnberg í Þýskalandi.

Annar þeirra gæti þó þurft að sætta sig við að vera á bekknum í kvöld því hinn 25 ára gamli Stanislav Sesták hjá VfL Bochum er einn af markahæstu leikmönnum þýsku deildarinnar og er að verða eitt stærsta slóvakíska nafnið í boltanum.

Slóvakar eiga einnig leikmann í herbúðum Porto í Portúgal (Marek Cech) og hjá Rosenborg (Marek Sapara). - óój

# Frábært að mæta Slóvakíu

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari er ánægður með stöðuna á íslensku leikmönnunum og telur það gott próf fyrir liðið að mæta landsliði Slóvakíu sem sé keimlíkt Makedóníu, mótherjum Íslands í undankeppni HM 2010.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Slóvökum í vináttulandsleik í Zlaté Moravce í Slóvakíu í kvöld kl. 19.15. Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson er ánægður með stöðuna á íslensku strákunum og hefur fulla trú á því að liðið muni eiga góðan leik.

„Fyrir utan Hermann Hreiðarsson, þá eru allir leikmenn liðsins heilir og í fínu standi og það er fínn andi í þessum hóp. Auðvitað var slæmt að missa Hermann en hann var því miður ekki leikfær eins og staðan á honum var. Æfingarnar hafa annars gengið vel undanfarið og við erum búnir að vera að fara yfir ákveðin atriði og ég vonast að sjálfsögðu til þess að leikmennirnir taki það með sér inn á völlinn og sýni sitt rétta andlit. Það mikilvægasta við þessa æfingaleiki er að sjálfsögðu að maður sjái það að leikmennirnir séu að reyna að framkvæma það sem farið hefur verið yfir á æfingunum undanfarið,“ sagði Ólafur sem er mjög ánægður með að mæta landsliði Slóvakíu.

„Þetta er frábær leikur fyrir okkur í undirbúningnum fyrir undankeppni HM 2010, þar sem við komum til með að mæta Makedóníu sem er alls ekki ósvipað liði Slóvakíu. Hérna er svipaður kúltúr og menning og þar og liðin spila bæði þennan Austur-Evrópu bolta og eru að sama skapi áþekk að styrkleika,“ sagði Ólafur sem tilkynnti að Kristján Örn Sigurðsson myndi vera fyrirliði liðsins í kvöld.

„Ég átti gott spjall við Kristján Örn og hann var tilbúinn að taka hlutverkið að sér í þessum leik og ég er ánægður með það,“ sagði Ólafur, en spurður út í af hverju Eiður Smári Guðjohnsen myndi ekki bera fyrirliðabandið að þessu sinni kvaðst Ólafur ekki vera búinn að ákveða neitt með framhaldið. En Ólafur hefur verið með fimm ólíka fyrirliða í síðustu fimm landsleikjum.

„Það er rétt að ég er að skoða landið aðeins í þessum málum og hef enn ekkert ákveðið hver verður fyrirliði liðsins þegar kemur í undankeppnina HM 2010 næsta haust,“ sagði Ólafur að lokum en hann mun tilkynna byrjunarlið Íslands í hádeginu í dag.

omar@frettabladid.is



**SÁTTUR** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari kvað æfingar landsliðsins hafa gengið vel eftir komuna til Slóvakíu og vonast til þess að menn sýni sitt rétta andlit inni á vellinum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FYRIRLIÐINN** Rio Ferdinand verður fyrirliði Englands í vináttulandsleiknum gegn Frakklandi í kvöld.
NORDIC PHOTOS/GETTY

England mætir Frakklandi:

## Ferdinand fyrirliði Englands

**FÓTBOLTI** Rio Ferdinand, varnarmaður Manchester United, verður fyrirliði hjá enska landsliðinu í vináttulandsleik gegn Frakklandi á leikvanginum Stade de France í París í kvöld. Talsverð eftirvænting var yfir því hver myndi hreppa heiðurinn að þessu sinni en flestir áttu von á því að annaðhvort John Terry, fyrirliði Chelsea, eða Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, myndu fá fyrirliðabandið. Í tilkynningu frá enska knattspyrnusambandinu, FA, kom fram að Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englendinga, hafi þrátt fyrir valið á Ferdinand í þetta skiptið, ekki enn ákveðið hver myndi bera fyrirliðabandið í undankeppni HM 2010.

„Capello hefur ákveðið að halda áfram að skipta um fyrirliða í æfingaleikjum fram að undankeppninni þegar hann mun svo velja varanlegan fyrirliða,“ sagði í tilkynningunni í gær. - óþ

Þriðji leikurinn við Slóvaka:

## Tveir tapleikir

**FÓTBOLTI Leikurinn í kvöld verður þriðji landsleikur Íslands og Slóvakíu síðan Slóvakía varð sjálfstætt ríki.**

**Slóvakía vann vináttulandsleik þjóðanna, 3-1, í Trnava 29. apríl 1997 þar sem Helgi Sigurðsson kom íslenska liðinu í 1-0 og tæpu ári síðar vann Slóvakía 2-1 í æfingamóti á Kýpur en þar minnkaði Bjarki Gunnlaugsson muninn í lokin.** - óój


Háþrýsti-þvottatæki

Úrvals háþrýstitæki á góðu verði.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is


Kjartan Sturluson og vörn íslenska landsliðsins í knattspyrnu hafa ekki fengið mark á sig í 252 mínútur:

# Landsliðið ekki haldið lengur hreinu í níu ár

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið mætir Slóvökum í vináttulandsleik í Zilina í kvöld og þá er að sjá hvort íslenska vörnin haldi áfram að standa sig eins og í undanförnum leikjum. Eftir hripleika vörn undanfarin misseri eru nú vonir bundnar við það að varnarleikur íslenska liðsins hafi tekið langþráðum framförum.

Íslenska landsliðið hefur unnið tvo síðustu leiki sína undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og haldið marki sínu hreinu í báðum. Eftir brösuga byrjun og sex mörk á sig á fyrstu 198 mínútunum í stjórnartíð nýja þjálfarans hefur íslenska landsliðið ekki fengið á sig mark í 252 mínútur eða síðan Möltubúinn Cleavon Frendo skoraði sigurmark Maltverja á 18. mínútu á æfingamótinu á Möltu.

Það vekur athygli að Ólafur Jóhannesson gagnrýndi íslenska landsliðið eftir Möltuleikinn og gerði í framhaldinu vel heppnaðar breytingar á liðinu. Liðið fylgdi þeim leik eftir með því að vinna Armena 2-0 í síðasta leik sínum á mótinu. Ísland vann síðan 3-0 sigur á Færeyjum í Kórnum á dögunum og í báðum leikjum stóð Valsmaðurinn Kjartan Sturluson í markinu og hélt hreinu í öðrum landsleik sínum í röð.

Það eru liðin níu ár síðan íslenska landsliðið hélt marki sínu svona lengi hreinu en það gerðist síðast í stjórnartíð Guðjóns Þórðarsonar í lok ársins 1998. Íslenska vörnin hélt þá hreinu í 257 mínútur eða allt frá því að Christoph Dugarry jafnaði fyrir Frakka á Laugardalsvelli í byrjun september og þar til Lúxemborgarar komust yfir í vináttulandsleik í Lúxemborg í mars 1999. í millitíðinni hélt vörnin hreinu í markalausu jafntefli við Armena í Jerevan og 1-0 sigri á Rússum á Laugardalsvellinum.

Íslenska landsliðið þarf nú aðeins sex mínútur í kvöld til að slá út árangurinn frá 1998 og takist liðinu að halda hreinu fyrstu 58 mínúturnar á móti Slóvökum þá verður það besti árangur liðsins undanfarna tvo áratugi og aðeins í annað skiptið á þeim tíma sem það líða yfir 300 mínútur milli marka sem A-landslið karla fær á sig. - óój

**LENGST HALDIÐ HREINU UNDANFARIN 20 ÁR:**

| | | |
|---|---|---|
| 1994 | 309 | mínútur |
| 1991 | 281 | mínúta |
| 1998-99 | 257 | mínútur |
| **2008** | **252** | **mínútur** |
| 1997 | 222 | mínútur |
| 2006 | 221 | mínúta |
| 2000 | 219 | mínútur |
| 1997 | 211 | mínútur |



**KJARTAN STURLUSON** Hefur varið mark Íslands í síðustu tveimur landsleikjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
Fimmtudagur 27. mars
Föstudagur 28. mars
Laugardagur 29. mars
Fimmtudagur 03. apríl
Föstudagur 04. apríl
Allra síðasta sýning
Kommúnan
Kommúnan er grátbrosleg kómedía sem skartar frábærum leikurum. Unnið upp úr kvikmyndinni Tillsammans eftir Lucas Moodysson
LEIKSTJÓRN OG LEIKGERÐ Gísli Örn Garðarson LEIKMYND Börkur Jónsson
www.myspace.com/togethertheplay www.vesturport.com
Landsbankinn
VesturPort
BORGARLEIKHÚSIÐ



**SVERRE JAKOBSSON** Mun leika með HK næsta vetur ásamt því að vera aðstoðar- og varnarþjálfari liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sverre Jakobsson í Digranesinu næsta vetur:

## Sverre verður spilandi aðstoðarþjálfari HK

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson hefur samþykkt að ganga í raðir Kópavogsliðsins HK næsta sumar. Ásamt því að leika með liðinu verður Sverre aðstoðarþjálfari Gunnars Magnússonar sem tekur við liðinu af Migliusi Astrauskas í sumar.

Sverre mun einnig vera varnarþjálfari hjá liðinu. Fram, Stjarnan og Haukar buðu öll í Sverre en hann valdi HK.

„HK bauð mér aðstoðarþjálfarastöðuna með Gunna. Ég var ekki spenntur fyrst en fannst það svo sífellt meira spennandi. Líst vel á að vinna með Gunnari og held við getum náð vel saman," sagði Sverre eftir sigurleik Gummersbach gegn Melsungen í gær. Hann veit ekki hvað hann spilar lengi í viðbót en skrifaði undir tveggja ára samning.

„Ég ætla að leggja hart að mér svo ég haldi landsliðssætinu. Ég hef enn mikinn metnað fyrir landsliðinu. Hvað varðar þjálfunina þá er ekkert víst ég haldi áfram í henni eftir að leikferlinum lýkur. Ég stefni ekkert á það en maður á aldrei að segja aldrei," sagði Sverre en hann skrifar undir samninginn við HK á næstu dögum. „Ég skil sáttur við Gummersbach enda hef ég átt hér frábær ár og ég tel mig hafa staðið mig vel."

Síðustu ár hjá Sverre hafa verið ævintýraleg. Hann var hættur í handbolta er hann gekk í raðir Fram árið 2005. Sá vetur gekk frábærlega hjá Sverre. Hann spilaði eins og kóngur í vörninni og Fram varð Íslandsmeistari næsta vor. Í kjölfarið fylgdi sæti í íslenska landsliðinu og tilboð frá þýska stórliðinu Gummersbach sem hann hefur leikið með í tvö ár.

- hbg

# Sigrún slökkti í Grindavík

**KR-konur eru komnar í úrslitaeinvígið gegn Keflavík eftir sannfærandi sigur á Grindavík í oddaleik liðanna í DHL-höllinni í gær. „Þær spiluðu eins og drottningar," sagði sigurreifur þjálfari KR-liðsins eftir leikinn í gærkvöldi.**

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar KR eru komnir í úrslitin um Íslandsmeistaratitilinn eftir sannfærandi 83-69 sigur á Grindavík í oddaleik undanúrslitaeinvígis liðanna í Iceland Express-deild kvenna. KR tók frumkvæðið í öðrum leikhluta og leit aldrei aftur eftir það en KR var 40-33 yfir í hálfleik og 59-54 yfir fyrir lokaleikhlutann.

Grindavík var búið að vinna tvo síðustu leiki einvígisins og gat orðið annað liðið í sögu úrslitakeppni kvenna til þess að komast áfram eftir að hafa lent 0-2 undir. Það var hinsvegar aldrei á dagskrá hjá KR að tapa þriðja leiknum í röð.

„Þær spiluðu síðan eins og drottningar í kvöld," sagði brosmildur Jóhannes Árnason, þjálfari KR. „Við erum með Hildi Sigurðardóttur í fararbroddi og hún er að mínu mati besti leikmaðurinn á landinu hvort sem þú tekur Kanana með eða ekki. Ef þú ert með besta leikmanninn í deildinni þá getur þú farið langt," sagði Jóhannes um fyrirliða sinn Hildi Sigurðardóttur sem er búin að spila stórkostlega í einvíginu. Hildur var með 18 stig og níu stoðsendingar í gær og tók af skarið í öðrum leikhlutanum þegar lítið gekk í KR-sókninni. Fleiri leikmenn spiluðu vel í gær og þar má sérstaklega nefna Helgu Einarsdóttur sem gaf baráttutóninn strax í upphafi leiks og endaði með sjö stig og 13 fráköst.

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir átti frábæran leik fyrir KR og þá sérstaklega í síðari hálfleik þegar hún skoraði 15 af 23 stigum sínum. Sigrún spilar jafnan best þegar leikirnir eru mikilvægir og það var engin undantekning á því í gær. „Þær voru að farnar að stoppa Hildi og Candace þannig að það þurfti einhver að taka af skarið og ég gerði það. Þetta er þvílíkt skemmtilegt en um leið ólýsanleg tilfinning," sagði Sigrún sem einhverjir eru farnir að kalla Stórleikja-Sigrúnu.

„Keflavík kemur inn sem sigurstranglegra liðið í úrslitunum, við erum nýliðarnir. Þær eru með tvo útlendinga og ætla örugglega að taka þetta 3-0 ef ég þekki hugarfarið rétt í Keflavík. Við ætlum að reyna að standa eitthvað í þeim," sagði Jóhannes. ooj@frettabladid.is



**Í HELJARGREIPUM** KR-stúlkur loka hér algjörlega á Tiffany Roberson í gær. Þær áttu frábæran leik og unnu sannfærandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KR-GRINDAVÍK 83-69**

**Stig KR:** Candace Futrell 26, Sigrún Ámundadóttir 23 (hitti úr 8 af 15 skotum, 14 fráköst., 4 stoðs.), Hildur Sigurðardóttir 18 (9 stoðs., 4 stolnir), Helga Einarsdóttir 7 (13 frák., 4 stoðs.), Guðrún Ósk Ámundadóttir 7, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 2.

**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 30 (12 frák., 4 stoðs., 4 stolnir), Ólöf Helga Pálsdóttir 15, Joanna Skiba 13 (5 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 7, Ingibjörg Jakobsdóttir 3 (5 stoðs.), Helga Hallgrímsdóttir 1.





## Rannsóknastyrkir til háskólanema

Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvað í tilefni af hálfrar aldar afmæli húsnæðislána hér á landi, að veita háskólanemum styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála í þrjú ár. Þessir styrkir nema samtals 2.500.000 kr. árlega og eru síðustu styrkirnir veittir á þessu ári.

Val á þeim verkefnum sem hljóta styrki byggist á því að þau nýtist starfsemi Íbúðalánasjóðs.

*Nánari upplýsingar er að finna á www.ils.is og hjá Þórdísi B. Sigurþórsdóttur í síma 596 6900 eða með tölvupósti thordisb@ils.is*

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2008**



## Lán og styrkir til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði. Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldi íbúðarhúsnæðis, styttri byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.

Umsóknum um lán eða styrki skal skila til Íbúðalánasjóðs á sérstöku eyðublaði eða rafrænt á www.ils.is

*Nánari upplýsingar veitir Einar Örn Stefánsson hjá Íbúðalánasjóði í síma 569 6900 og með tölvupósti einarorn@ils.is*

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2008**

*Íbúðalánasjóður skal samkvæmt lögum stuðla að tækninýjungum og umbótum í byggingariðnaði, m.a. með því að veita lán eða styrki.*

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

## > Julian McMahon

„Mér finnst gaman að fá tækifæri til að leika karaktera sem eiga sér myrkar hliðar en láta áhorfendur samt vorkenna sér,“ sagði Julian eitt sinn í viðtali. Hann leikur einmitt einn þannig karakter í þáttunum Nip/Tuck sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON Á MANNAVEIÐUM

# *Landið er dottið út*

Mannaveiðar reyndust vera verk eftir Sveinbjörn Baldvinsson og Björn Brynjólf Björnsson. Snyrtipinninn af víetnömskum uppruna umbreyttist í Gísla Örn, frekar kveifarlegan og sviplítinn strák. Líklega hefur mönnum ekki þótt völ á íslenskum löggustrák af asísku bergi, þótt það væri nú stærsta nýjungin í krimma Viktors Arnar. Inngangurinn í fléttuna var nokkuð stuttur, einkum í ljósi þess að spennuelementið í sögunni verður að fá pláss eigi hún að nýtast út í æsar. En allt þetta leit þokkalega út, leikurinn svolítið mattur og rislítill, lóköl öll sannverðug og hinn myrki svipur Forbrydelsen hafði læðst inn í þessa björtu seríu. Músíkin sullaði yfir öllu og breyttist fljótt í suð sem maður reyndi að útiloka.

Verst þótti mér að landið varð úti og borgin líka. Hér á landi einblína menn svo á framgang plotts og persónukynningar að landið dettur út: umhverfið fær ekki að vera með, jafnvel grámóska morguns við gæsaveiðar, með síbreytilegum himni, birtu og myrkri, fær ekki að fljóta með sem sá dramatíski bakgrunnur sem setur okkur í stellingar: svona er veðrið og þá fer eitthvað að gerast.

Vitaskuld eru framleiðendur að stytta sér leið með því að taka krimma og breyta þeim í sjónvarpsefni. Á svo þröngum markaði væri nær að kalla til höfunda og gera úr ný plott. Nú eru komnir fjórir flokkar á kreik, Erlendur, stelpan í Pressunni, gengið hans Ævars Arnar og Yrsulögfræðingurinn. Þetta er allt borgarlið. Nú vantar bara löggu sem býr í þorpi og starfar mest á landsbyggðinni. Íslenski krimminn á eftir að færast meira og í sjónvarp og bíó. Það er enginn kominn fram sem mun verða alþjóðleg hetja þótt Ingvar sé líklegasti vinningshafinn. En þá skulum við hafa í huga að McManus var dauður sem Taggart þegar hann varð loks heimsfrægur. Lengi er von á einum.



**SJÓNVARP** Björn Brynjólfur Björnsson leikstýrir og framleiðir Mannaveiðar.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.05 Frakkland-England** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Ugly Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20 The Gossip Girl** STÖÐ 2



▶ **20.35 Fyrstu skrefin** SKJÁREINN



▶ **22.00 Ray** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kappflugið í himingeimnum**

**17.55 Alda og Bára**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Herkúles**

**18.23 Sígildar teiknimyndir**

**18.30 Nýi skólinn keisarans**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki.

**20.55 Gatan** (1:6) (The Street II) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi. Fyrri syrpan úr þessum flokki hlaut bæði BAFTA- og alþjóðlegu Emmy-verðlaunin.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**23.10 Óskabörn** (Maybe Baby) Bresk mynd um konur sem ákveða að eiga börn sín einar, leita til sæðisbanka og velja feður eftir upplýsingum úr gagnagrunni.

**00.45 Kastljós**

**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Alfie**

**08.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate events**

**10.00 Bewitched**

**12.00 Fantastic Voyage**

**14.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate events**

**16.00 Bewitched**

**18.00 Fantastic Voyage**

**20.00 Alfie**

▶**22.00 Ray** Einstaklega vönduð verðlaunamynd um líf og starf Ray Charles.

**00.30 Extreme Ops**

**02.00 Elizabethtown**

**04.00 Ray**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar,

**08.15 Oprah** (Secret Language Of Babies)

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 Studio 60** (19:22)

**11.15 60 minutes** (60 mínútur)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours** (Nágrannar)

**13.10 Sisters** (7:24) (Systurnar)

**13.55 Tískulöggurnar** (5:6)

**14.45 ´Til Death** (18:22)

**15.10 Grey´s Anatomy** (10:36)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Skrímslaspilið, Batman, Tracey McBean, Könnuðurinn Dóra, Refurinn Pablo.

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag og íþróttir**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends** (9:24) (Vinir 8)

▶**20.20 Gossip Girl** (12:13) (Blaðurskjóða) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.

**21.05 Medium** (1:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu.

**21.50 Nip/Tuck** (10:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**22.35 Oprah** (Ask Dr. Christiane Northrup)

**23.20 Grey´s Anatomy** (11:36)

**00.05 Criminal**

**01.30 Intermission**

**03.15 Nip/Tuck** (10:14)

**04.00 Gossip Girl** (12:13)

**04.45 Friends** (9:24) (e)

**05.10 The Simpsons**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**15.45 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**16.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar** (Puerto Rico Open Presented By Banco Popular)

**17.10 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

**17.55 Augusta Masters Official Film**

**18.50 Vináttulandsleikur** (Slóvakía - Ísland) Bein útsending frá vináttulandsleik Slóvakíu og Íslands.

**21.05 Vináttulandsleikur** (Frakkland - England) Útsending frá vináttulands-▶leik Frakka og Englendinga. Leikurinn var í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 kl: 19:55

**22.45 KR - Njarðvík** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfuknattleik.

**00.20 Vináttulandsleikur** (Slóvakía - Ísland) Útsending frá vináttulandsleik Slóvakíu og Íslands.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Blackburn - Wigan**

**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**19.00 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.30 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.30 4 4 2**

**21.50 Chelsea - Arsenal**

**23.30 Tottenham - Portsmouth**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**15.25 Vörutorg**

**16.25 All of Us**

**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.15 Queer Eye** (e)

**20.10 Less Than Perfect** (2:13) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk krydda tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin vön því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana.

▶**20.35 Fyrstu skrefin** (8:12) Að þessu sinni verður fjallað um fæðingar fyrr og nú. Rætt er við Huldu Jensdóttur ljósmóður um þróunina á fæðingum hér á landi. Hvernig upplifa feður fæðingu og hvernig var það þegar að afi og amma eignuðust börn? Rætt er við tæplega áttræðan afa sem segir frá því þegar hans fyrsta dóttir fæddist og hann mátti ekki vera viðstaddur. Einnig er rætt við ungan föður sem nýlega upplifði það að taka á móti barni sínu heima.

**21.00 America’s Next Top Model** (5:13) Tyra Banks er mætt aftur til leiks og leitar að nýrri ofurfyrirsætu. Þetta er tíunda fyrirsætuleitin og þættirnir eru sýndir aðeins viku eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

**22.00 Scream Awards 2007** Upptaka frá einni áhugaverðustu verðlaunahátíðinni í Hollywood.

**23.50 Jay Leno**

**00.35 Boston Legal** (e)

**01.25 Life** (e)

**02.15 Vörutorg**

**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VIÐ SPILUM UPPÁHALDS LÖGIN ÞÍN

BJARNI ARASON OG RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt, létt og lifandi
www.lettbylgjan.is

LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.50

**Slóvakía-Ísland**



Íslendingar sækja Slóvaka heim í vináttulandsleik en búast má við að allir sterkustu leikmenn okkar mæti til leiks þar sem um alþjóðlegan leikdag er að ræða. Sjálfstraust íslenska liðsins var ekki mikið í stjórnartíð Eyjólfs Sverrissonar og því verður gaman að sjá hvort Ólafi Jóhannessyni takist að blása smá sjálfstrausti í leikmenn liðsins. Á Sýn Extra kl. 19.50 er svo bein útsending frá viðureign Frakka og Englendinga en þetta er annar leikurinn hjá Englendingum undir stjórn Fabio Capello.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Scream-verðlaunahátíðinni**

**Skjáreinn kl. 22.00**



Á Scream Awards eru veittar viðurkenningar fyrir bestu frammistöðuna í hrollvekjum, fantasíu- og framtíðarmyndum og sjónvarpsþáttum. Stjörnurnar mæta í sínu fínasta pússi og skemmtiatriðin eru fjörugri en á hefðbundnum verðlaunahátíðum. Meðal sjónvarpsþátta og kvikmynda sem tilnefndar eru má nefna Heroes, Lost, 300, Spider-Man 3, Hostel Part II og Pan's Labyrinth.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Smásagnameistarinn Saroyan
**23.00** Þegar járntjaldið féll
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Það er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**17.25 Comedy Inc.** (8:22)
**17.50 American Dad** (5:23)
**18.10 Young, Sexy and...** (Young, Sexy and Cookin') Spennandi þáttur þar sem kynntir eru til sögunnar ungu frægu kokkarnir. Meðal þeirra sem fylgst verður með eru Rocco DiSpitito og Jamie Oliver. Þessir ungu kokkar eru allir þekktir á hverju heimili fyrir sína matreiðsluhæfileika og ótrúlegu persónutöfra.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 The War at Home**
**20.25 Comedy Inc.** (8:22)
**20.50 American Dad** (5:23)
**21.10 Young, Sexy and...**
**22.00 Hell's Kitchen** (1:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa.
**22.45 Shark** (3:16) James Woods snýr aftur sem lögfræðingurinn Sebastian Stark.
**23.30 Totally Frank** (26:26)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
**21.00 Ármann á alþingi** Ármann Kr. Ólafsson þingmaður ræðir stjórnmál við viðmælanda sinn.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Guðjón Bergmann ræðir við gest sinn um heilsu, heilbrigði og lífsviðhorf.

**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Den vilde los **12.50** Ha' det godt **13.20** Med andre øjne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **15.30** Pucca **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** Shanes verden **16.55** Tjulahop- Joakim **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Diagnose søges **19.30** Og det var Danmark... **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Seinfeld **23.15** SPAM

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.10** Frilandshagen: Startskuddet går **11.40** Brennpunkt **12.30** 4*4*2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.15** Presidenten **14.00** Utfordringen **14.30** Ping-pong **14.55** Frosk til middag **15.05** H2O **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Skispor fra fortiden **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barne-tv **17.10** Dyrestien 64 **17.25** Todds verden **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Antarktis - en eventyrlig reise **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** The Wire **23.45** Viten om **0.15** Kulturnytt **0.25** Du skal høre mye jukeboks **2.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**10.00** I love språk **11.00** Rapport **11.05** Så ska det låta **12.40** Rat Race - Sk(r)attjakten **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Packat & klart **16.30** Krokodill **17.00** Bolibompa **17.10** Livet på landet **17.20** Garantia och stjärnfallet **17.30** Hjärnkontoret **17.55** Tyst dumsnut och kyss mig! **18.00** Bobster **18.15** Planet Sketch **18.25** Owl **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Barnmorskorna **20.30** Morgonsoffan **21.00** The Tudors **21.55** Hugg **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.25** Häxdansen **23.10** Black and White



## GAMLA MYNDIN



*„Ég held að þessi mynd sé tekin niðri í Ríkisútvarpi, sem þá var til húsa á Skúlagötunni. Ég hugsa að ég sitji við skriftir að útvarpsþáttum sem kallaðir voru Úllen dúllen doff, ásamt vinum mínum Eddu Björgvins og Gísla Rúnari.“*

Randver Þorláksson leikari.

Myndin er tekin í desember árið 1979.

# Fékk rauðvín og nautasteik hjá Eyfa

„Mér fannst þetta alveg meiriháttar, eiginlega framar öllum vonum,“ segir Viktor Arnar Ingólfsson, höfundur bókarinnar Afturelding sem sjónvarpsþættirnir Mannaveiðar eru byggðir á. Þættirnir voru frumsýndar á RÚV á annan í páskum og hafa fengið prýðilega dóma. Rithöfundurinn sjálfur er himinlifandi með útkomuna og telur að leikstjóranum Birni Brynjúlfi Björnssyni hafi tekist vel upp með að fanga réttu stemninguna. Hann segist hins vegar öfunda Sveinbjörn I. Baldvinsson, handritshöfund Mannaveiða, af einni af setningum ársins: „Ég verð alltaf svangur þegar ég sé Borgarnes.“ „Þetta er mikil snilld og ég er eiginlega hálfsvekktur yfir því að eiga ekki þessa setningu sjálfur,“ segir Viktor.

Og glæpasagnahöfundurinn var í góðum félagsskap þegar Gísli Örn og Ólafur Darri birtust fyrst á skjám landsmanna. Stórsöngvarinn Eyjólfur Kristjánsson bauð honum í dýrindis nautasteik og fínt rauðvín til að skola herlegheitunum niður, en þeir hafa verið félagar og vinir í næstum þrjátíu ár. Eyjólfur var hinn hressasti þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Mér fannst þetta virkilega flott, mig langar í það minnsta að sjá framhaldið,“ segir Eyjólfur og útskýrir að frumsýningarboðið á mánudagskvöldinu byggi reyndar á gamalli hefð þar sem þeir hafi haft það fyrir hefð að bjóða hinum í mat og reyni að toppa þá í steikum og léttum veigum.

- fgg



**GÓÐIR FÉLAGAR** Eyjólfur Kristjánsson og Viktor Arnar eru góðir félagar og sáu fyrsta þátt Mannaveiða saman.



**LÁRÉTT**
**2.** glata 6. pot 8. sarg 9. fálm 11. samanburðart. 12. rými 14. kjöt 16. halló 17. mánuður 18. geislahjúpur 20. átt 21. glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tind 3. tvíhljóði 4. fjölmiðlar 5. beita 7. raddfæri 10. blekking 13. er 15. ávöxtur 16. langur 19. frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. tapa, 6. ot, 8. urg, 9. pat, 11. en, 12. pláss, 14. flesk, 16. hæ, 17. maí, 18. ára, 20. nv, 21. rifa.

**LÓÐRÉTT:** 1. topp, 3. au, 4. pressan, 5. agn, 7. talfæri, 10. tál, 13. sem, 15. kivi, 16. hár, 19. af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Queens of the Stone Age.
2. 200 þúsund krónur.
3. Tottenham-blá.

HRÓBJARTUR JÓNATANSSON: FRIÐHELGI EINKALÍFSINS Í HÚFI

# Þórhallur í mál við RÚV ohf

„Ég ætla sjálfur að fá að stýra því hvenær persónulegar upplýsingar um mig eru birtar,“ segir Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri sjónvarps hjá Ríkisútvarpinu ohf.

Lögfræðingur Þórhalls, Hróbjartur Jónatansson, mun í dag leggja fram lögbannskröfu á RÚV um að stofnunin leggi ekki fram upplýsingar um launakjör Þórhalls. Vísir hefur farið fram á upplýsingar um launakjör Þórhalls og Sigrúnar Stefánsdóttur dagskrárstjóra útvarpssviðs RÚV. Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur ekki viljað afhenda þessar upplýsingar en Vísir kærði til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem kvað upp úr um að upplýsingarnar skyldu veittar. Þórhallur segir málið snúast um spurninguna hvað þetta ohf. standi fyrir. „Þegar ég geri saminginn er ég að gera samning við RÚV ohf. Og vil láta á það reyna hvort fyrirtækið sem ég starfa hjá geti afhent upplýsingar um mig sem ég er ekki sáttur við að séu birtar.“

Hróbjartur segir að með lögbannskröfunni verði komið í veg fyrir að Vísi verði afhendar upplýsingarnar. „Jú, það er markmiðið. Að koma í veg fyrir að þessar upplýsingar ferðist milli manna fyrr en dómstólar hafa lagt mat á þennan ágreining,“ segir Hróbjartur og telur undrunarefni að ekki hafi verið fallist á að fresta réttaráhrifum úrskurðar. Hann segir að þeir starfsmenn sem í hlut eiga séu ekki aðilar málsins og því úrskurðurinn brot á grundvallaratriðum í stjórnsýslu – þeir séu sviptir andmælarétti sínum. Og Hróbjartur vísar í persónuverndarlög:

„Þetta eru persónuupplýsingar og varða ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi einkalífsins. Enginn á að þola að slíkar upplýsingar ferðist um þjóðfélagið án samþykkis viðkomandi. Ríkisstarfsmenn eiga ekki að njóta minni verndar en almenningur í landinu. Og sá sem krefst upplýsinganna þarf málefnalegar forsendur til þess aðrar en að svala forvitni sinni,“ segir Hróbjartur.

Óskar Hrafn Þorvaldsson, ritstjóri Vísis, hefur nú um langa hríð leitað eftir þessum upplýsingum og hann ætlar sér þær. Hann furðar sig á þessum millileik og hafnar því með öllu að hann sé að fá svalað sinni prívat forvitni.

„Nei, við förum upphaflega af stað með þessa fyrirspurn þar sem orðrómur var um að Þórhallur væri á mun hærri launum en Sigrún jafnvel þótt þau gegndu sömu stöðu hjá RÚV. Þar með væri um að ræða kynbundið launamisrétti sem væri varla opinberri stofnun eins og RÚV til mikils sóma,“ segir Óskar Hrafn og er helst farinn að hallast að því að þessi orðrómur sé á rökum reistur. „Ef litið er til þess hversu miklu púðri, peningum og tíma æðstu yfirmenn RÚV eyða í að koma í veg fyrir að þessar upplýsingar liggi fyrir.“ Óskar bendir á að umboðsmaður Alþingis hafi komist að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpinu beri að afhenda allar umbeðnar upplýsingar um launakjör stofnunarinnar.

jakob@frettabladid.is



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON** Ætlar að stýra því sjálfur hvar og hvenær persónulegar upplýsingar um hann eru birtar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON** Óskaði upplýsinganna vegna gruns um kynjabundið launamisrétti innan RÚV ohf.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Undirbúningur fyrir spennuþáttaröðina Svartir englar er kominn á fullt en hún er byggð á bókum glæpasagnahöfundarins **Ævars Arnar Jósepssonar**. Leikstjóri þáttanna er **Óskar Jónasson**. Athygli vakti að framleiðandi þáttanna, Saga Film, auglýsti á tveimur stöðum í Fréttablaðinu um helgina. Annars vegar var auglýst eftir íslenskum staðgenglum og hins vegar eftir litháískum leikurum. Litháíska auglýsingin hefur eitthvað farið fyrir brjóstið á aðdáendum bóka Ævars enda vita þeir sem er að engir Litháar koma fyrir í bókum höfundarins.



Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður virðist hafa góð áhrif á mannlífið fyrir vestan. Áhugi reykvískra listaspíra á húsum þar hefur snaraukist enda fasteignamarkaðurinn á mölinni ekkert sérstaklega heillandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur rithöfundurinn og kvikmyndagerðarmaðurinn **Huldar Breiðfjörð** riðið fyrstur á vaðið en hann ku hafa keypt sér eign á Flateyri.

Eins og Fréttablaðið greindi frá er **Gael García Bernal** nú að leggja lokahönd á stuttmynd sína fyrir Sameinuðu þjóðirnar með þeim feðgum **Ingvari E. Sigurðssyni** og **Hugin Ingvarssyni**. Hinir íslensku feðgar eru í góðum félagsskap því meðal annarra leikstjóra sem stýra stuttmyndum í þessum flokki eru Jane Campion, Gus Van Sant og Wim Wenders en áætlað er að sýna stuttmyndaflóruna á Cannes. - fgg














# Auðvelt að kaupa hauskúpu

Ein aðalfrétt páskahelgarinnar var um hauskúpuna sem fannst í Kjósarhreppi. Hauskúpan mun hafa komið úr hjólhýsi sem splundaðist í fárviðri. Eigandinn taldi að um dýrabein væri að ræða og segir að það sé komið frá útlöndum.

Það er mun minna mál en flestir halda að verða sér úti um mannabein. Þau má kaupa í sérverslunum erlendis eða á netinu. Í Bandaríkjunum má víða finna slíkar búðir enda er ekkert í bandarískum lögum sem bannar almenningi að eiga hauskúpur eða önnur mannabein - fyrir utan ríkin Georgia og Tennessee þar sem mannabeinaeign er bönnuð.

Verslunin Boneroom í Berkeley í Kaliforníu er dæmi um beinabúð. Fyrir utan að vera með ýmiss konar mannabein á boðstólum selur búðin meðal annars steingervinga, uppstoppuð dýr og aðrar „óvenjulegar“ gjafavörur. Samkvæmt heimasíðu búðarinnar eru nú níu hauskúpur á lager. Þær kosta á bilinu 400 til 900 dali og fer verðið eftir gæðum; tannlaus hauskúpa er á 400 dali á meðan vel með farin hauskúpa með heilum tönnum kostar 900 dali. Hauskúpurnar eru langoftast frá Kína og af karlmönnum, en aðrar upplýsingar um fyrri eigendur eru ekki fáanlegar. Búðin segist fá nýjar vörur á sirka þriggja mánaða fresti og er hægt að láta setja sig á biðlista lítist manni ekki á úrvalið. Ýmis önnur mannabein eru í boði, til dæmis viðbein á 30 dali, lærleggir á 160 dali og stök tá- eða fingurbein á aðeins 4 dali stykkið.



**MÁ BJÓÐA ÞÉR HAUSKÚPU?** Fæst á netinu fyrir 400-900 dali.

Almenn hegningarlög á Íslandi banna ósæmilega meðferð á líki og varðar það sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Í lögunum segir þó ekkert um það hvers konar meðferð á líki teljist ósæmileg né heldur hve stóran hluta úr líki þurfi að meðhöndla á ósæmilegan hátt til að það teljist saknæmt. Svo þó að það sé minnsta mál að panta eins og eina hauskúpu myndi pakki frá Boneroom eflaust ekki sigla þegjandi og hljóðalaust framhjá íslenskum tollvörðum. - glh


Takmarkað magn
Geggjuð
LAGERÚTSALA
Sófar
Tungusófar
Hægindastólar
Borstofustólar
Borstofuborð
Eldhússtólar
Gjafavörur
Kerti
Luktir
Skápar
og fleira
20-50 %
afsláttur af Cilek
Barbie koja
kr. 27.450,-
20-70%
afsláttur
Klettháls 13
mán.-fös. 10-18 lau. 12-16
Sími lagerútsölunnar
er 660 0035
Inngangur
HÚSGÖGNIN
HEIM
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Heimagert kynlífsmyndband*

Sem dálítið aldurhnigin frú væri ferill minn nú örugglega á fallanda fæti ef hann byggðist á aðdáun múgsins. Þótt ég hafi því miður ekki enn haft framfærslu af glæsileika og hæfileikum til að performera þá læðist að mér ofurlítill en áleitinn hrollur yfir því að jafnöldrur mínar í Hollywood séu sumar afskrifaðar vegna elli. Ef þetta er búið hjá þeim er trúlega orðið of seint fyrir mig núna að byrja harkið í bransanum. Eins og það var nú notalegt að hafa sem varaleið, ef annað myndi bregðast.

**EN** við sem notum gamla hraðlestrarnámskeiðið á fjölmiðlana fylgjumst með daglegum fréttum af þeim frægu. Vitum allt um ástalíf og æsilega hegðun söngvara úti í heimi án þess að hafa nokkru sinni heyrt þá syngja. Getum léttilega þulið upp alls kyns fíknir leikara sem við höfum aldrei séð leika. Auðlesnir dálkar og kræsilegar fyrirsagnir hrifsa athyglina því með lítilli fyrirhöfn og næstum engri heilastarfsemi er hægt að öðlast mikilvægar upplýsingar um ýmsar aðferðir til að hressa upp á karríerinn.

**OG** ekki skal vanmeta þær leiðir sem virðast duga svo prýðilega því á okkar litla landi er leiðin frá frægðardraumum og í Séð og heyrt stutt og skilvirk. Þannig gætu aldurstakmörkin á Íslandi verið sveigjanlegri en í útlöndum því þrátt fyrir allt er hégómleikinn lífseigastur allra lasta og mér er ennþá hreint ekki sama um skurnina.

**EFTIR** að hafa velt fyrir mér ýmsum möguleikum úr lífi annarra til að tendra kveikjuna að væntanlegri eigin frægð, eru nokkrar leiðir pottþéttari en aðrar. Í fyrsta lagi get ég fengið mér kornungan, fjallmyndarlegan og dálítið þekktan kærasta. Eiginlega bara stirfnin í manninum mínum stendur í veginum, honum finnst þetta ekki sérlega góð hugmynd. Í öðru lagi gæti ég skroppið í fjölmiðlavæna áfengismeðferð en þyrfti reyndar að skandalísera töluvert meira fyrst. Það tekur alltaf drjúgan tíma.

**FLJÓTLEGASTA** aðferðin til að hressa upp á ferilinn stendur tvímælalaust eftir: Að leka nokkrum senum úr heimagerðu kynlífsmyndbandi á netið og voilá! Hin dásamlega frægð sprettur fram eins og gorkúla á rigningardegi og ferillinn fær blússandi byr. Slóðin fylgir hér nema pistillinn sé ritskoðaður:

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 26. mars, 86. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.06 | 13.33 | 20.02 |
| Akureyri | 6.49 | 13.18 | 19.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




## RAV4 - alveg nýr heimur

RAV4 er bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System" sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu.
**Komdu og reynsluaktu RAV4 - alveg nýr heimur.**

**Verð frá 3.720.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070